

# FRÉTTABLAÐIÐ

→15 ÁRA←

95. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR

— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\* —

LAUGARDAGUR 23. APRÍL 2016



## Rappið tekur yfir

→26



Forsetar Íslands í áranna rás →32

→15 ára←  
FRÉTTABLAÐIÐ



Goðsögn látni  
**Prince**

→58

PLÚS 3 SÉRBLÖÐ • ATVINNA • FÖLK • GRANDINN

\*Samkvæmt prentmiðlökönun Gallup apríl-júní 2015

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Endalaust 365

# ENDALAUST NET



1817 | 365.is

365



DEBENHAMS

Fallegu sumarfötin eru komin!



DEBENHAMS SMÁRALIND

ALLT AÐ


# 20%

AFSLÁTTUR

AF  
BARNAFATNAÐI\*

Gildir út sunnudag

## Veður



Vestan- og norðvestankaldi í dag og víða súld eða dálitil slydda, en bjartviðri suðaustanlands. Hiti 6 til 13 stig, hlýjast á Suðausturlandi.

**SJÁ SIÐU 48**

## Strax rýnt í næstu varaforseta

**BANDARÍKIN** Forvali í forsetakosningum í Bandaríkjunum lýkur ekki fyrr en í júní, en fjölmiðlar eru nú þegar farnir að velta fyrir sér varaforsetaefnum flokkanna. Varaforsetaefnin verða kynnt á flokksþingi í júlí.

Talið er að forsetaslagurinn verði á milli Hillary Clinton og Donalds Trump. Hvorugu hefur þó tekist að heilla Bandaríkjamenn upp úr skónum og því getur gott varaforsetaefni skipt sköpum.

Hagsmunahópar Bandaríkjamanna sem eiga ættir að rekja til Rómönsku Ameríku vilja að Clinton velji varaforseta úr þeirra hópi. Nefndir eru Julian Castro, húsnæðis- og þéttbýlisþróunarráðgjafi, og atvinnuáráðgjafi Tom Perez. Tengsl Clinton við fjármálaheiminn hafa sætt gagnrýni og því telja sérfræðingar að hún gæti valið sér Sherron Dillards, öldungadeildarþingmann frá Ohio, sem varaforsetaefni en hún hefur beitt sér gegn alþjóðavísiskiptasamningum. Öldungadeildarþingmaðurinn Elizabeth Warren frá Massachusetts hefur einnig verið nefnd, þar sem hún hefur gagnrýnt bankakerfið í Bandaríkjunum harðlega.

Hvað Trump varðar hafa verið nefndir öldungadeildarþingmennirnir Tim Kaine frá Virginíu og Cory Booker frá New Jersey, sem tengist fjármálaheiminum. Trump hefur nefnt að hann vilji varaforseta með reynslu í stjórnmálum, ólíkt honum, og hefur þar nefnt nokkra sem tóku þátt í forvalinu, svo sem Scott Walker, ríkisstjóri Wisconsin, og öldungadeildarþingmanninn Marco Rubio. – sg



Elizabeth Warren, mögulegt varaforsetaefni demókrata í Bandaríkjunum.

## Fara með leikinn alla leið



Þessir grimuklæddu gestir Fanfest, hátíðar fyrir aðdáendur tölvuleikja CCP, voru mættir í Hörpu í gær. Mikill fjöldi spilara tölvuleikja fyrirtækisins, einna helst leiksins EVE Online, er kominn til landsins, en ný uppfærsla fyrir EVE-leikinn var kynnt á hátíðinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Forsetinn tekur fyrstu skóflustunguna. FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL ADALSTEINSSON

## Nýtt meðferðarheimili byggt

**HEILBRIGÐISMÁL** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, tók fyrstu skóflustunguna að nýju meðferðarheimili SÁÁ á Vik á Kjalarnesi í gær.

Miðað er að því að framkvæmdum við nýja meðferðarheimilið verði lokið í janúar á næsta ári en það mun verða tæpir 3.000 fermetrar. Mun nýja húsið tengjast rúmlega 800 fermetra húsnæði sem fyrir er á meðferðarstöð SÁÁ á Vik. Á nýrri Vik verður hægt að hýsa 61 sjúkling í meðferð. – þea

# Fara varlega með réttinn til að gleymast

Hátt í þrjú hundruð Íslendingar hafa óskað eftir því að Google fjarlægji um þá leitarniðurstöður á aðeins tveimur árum. Beiðnum hefur fjölgað um 117 frá febrúar í fyrra. Stjórnmálamenn fá engan afslátt hjá Google.

**SAMFÉLAG** Tvö hundruð sjö- og fimm Íslendingar hafa óskað eftir því við Google að fá að gleymast. Beiðnin felur í sér að leitarniðurstöður séu fjarlægðar af vefnum án þess að upprunalega vefsíðan sé fjarlægð. Google hefur orðið við beiðninni um að fjarlægja leitarniðurstöður um Íslendinga í 35,9 prósentum tilfella en það er marktækt minna en meðaltal Evrópu þar sem 42,9 prósent beiðna eru samþykktar.

Samtals hefur Google fjarlægð 878 leitarniðurstöður um Íslendinga. Opnað var fyrir þennan möguleika í Evrópu árið 2014 í kjölfar dóms Evrópudómstólsins í Lúxemborg þar sem Google var gert að fjarlægja leitarniðurstöður um spænskan mann en uppboð hafði farið fram á heimili hans fyrir síðustu aldamót.

Google býður ekki upp á þennan möguleika í Bandaríkjunum. „Þeir hjá Google eru dálítið viðkvæmir fyrir þessu fyrirbæri og ekkert mjög hrifnir. Þeir hafa verið að berjast við persónuverndaryfirvöld í Evrópu um að ganga eins skammt og þeir mögulega geta,“ segir Ragnar Tómas Arnason, lögmaður á Logos, sem hefur kynnt sér ítarlega réttinn til að gleymast.

Heimildinni til að fjarlægja efni úr leitarniðurstöðum á að beita af varfærni samkvæmt dómi Evrópudómstólsins. Að sögn Ragnars er til dæmis ekki inni í myndinni að þjóðhöfðingjar eða opinberar persónur fái fjarlægðar viðkvæmar fréttir af sér til að hagræða sögunni sér í hag. Sem dæmi um þetta má nefna að Google segir háttsettan embættismann í Ungverjalandi



Leitarniðurstöður á Google færast ofar eftir því sem þær eru oftast opnaðar. Þar af leiðandi lenda neyðarlegustu atriðin oftast efst. NORDICPHOTOS/AFP

hafa óskað eftir því að Google fjarlægði áratugagamlar fréttir af sakfellingu hans. Ekki var orðið við beiðninni.

Google fjarlægði aftur á móti leitarniðurstöður fréttar um kennara í Þýskalandi sem gerðist sekur um minniháttar glæp áratug áður. Markmiðið var að vernda nafn kennarans. „Hugmyndin er sú að þetta séu upplýsingar sem samkvæmt einhverju samgjörunu mati hafa ekki lengur þýðingu fyrir viðkomandi. Eru honum íþyngjandi eða fela það í sér að viðkomandi sæti einhverri útskúfun eða takmörkunum án þess að það teljist vera sanngjarnt,“ segir Ragnar.

Þolendur hrellikláms hafa til að mynda óskað eftir að láta fjarlægja leitarniðurstöður. [snaeros@frettabladid.is](mailto:snaeros@frettabladid.is)

Þeir hafa verið að berjast við persónuverndaryfirvöld í Evrópu um að ganga eins skammt og þeir mögulega geta.

Ragnar Tómas Arnason, hæstaréttarlögmaður



# 64,1%

af beiðnum Íslendinga hefur verið hafnað.

Siglt um  
**Miðjarðar- og Eyjahaf**  
Tilboðsverð ef bókað er fyrir 30. apríl.



**SIGLING**  
27. ágúst - 11. sept

Verð frá:  
**457.900 kr.**  
Og 12.500 Vildarpunktur  
Á mann m.v. 2 í ytri klefa með svólum.  
Verð án Vildarpunkta: 467.900 kr.

VITA | SKÓGARHLÍÐ 12 | SÍMI 570 4444 | VITA.IS



**HÚSASMÍÐJAN**  
HLUTI AF BYGMA

GLEÐILEGT SUMAR

# SUMAR TILBOÐ

Túlípanar 10 stk. eða  
sumarblómvöndur

**999 kr**

Jarðarberjaplöntur,  
3 stk.

**999 kr**

Kryddjurtir í  
stórum pottum

**33%  
afsláttur**

**1.199 kr**  
~~1.790~~

**SPRENGI  
VERÐ**

Gildir á meðan  
birgðir endast

Sýpris hæð ca. 100 cm

**999 kr**  
~~2.490~~

blómaaval

**Tilboð á hjólum**

 <b>SUMARTILBOÐ</b> <b>36.900 kr</b> <del>39.900</del> <b>AUTHOR TROPHY 26"</b> 18 gíra Shimano skipting. V bremsur, þyngd 16,3 kg með fjöðrun 3901306	 <b>SUMARTILBOÐ</b> <b>38.900 kr</b> <del>43.900</del> <b>AUTHOR MATRIX 24"</b> 18 gíra Shimano. Álgjarðir og Tektro bremsur 855AL 3901305/13	 <b>SUMARTILBOÐ</b> <b>33.900 kr</b> <del>37.900</del> <b>AUTHOR ENERGY 20"</b> Reiðhjól 20" með 6 gíra Shimano skipting. 3901310/11	 <b>SUMARTILBOÐ</b> <b>29.900 kr</b> <del>34.900</del> <b>AUTHOR BELLO 16"</b> 16" reiðhjól með Tektro bremsum. Hjálpardekk fylgja. 3901304
--	---	--	---

## Tilboð á grillum

Broil King OUTBACK weber



**SUMARTILBOÐ / SUMARTILBOÐ**

**19.120 kr**

FULLT VERÐ: 23.900

**Gasgrill Outback**  
2ja brennar með hliðaborði. Grillflötur 50x36 cm með tvískiptum brennara  
3000225



Vagn fyrir Weber Q1200

**15.900 kr**

**39.990 kr**

**Gasgrill Q1200**  
Meðfærilegt gasgrill, frábært heima eða í ferðalagið. Grillflötur: 32x42 cm, ryðfrír brennari 2,64 kW/h. Vagn seldur sér  
3000376



**SUMARTILBOÐ / SUMARTILBOÐ**

**49.990 kr**

FULLT VERÐ: 59.990

**Broil King Royal 320**  
3 ryðfrír brennarar: 8,8 kW/h, grillgrind úr pottjárn. Grillflötur: 38x67 cm  
3000604

**20%  
afsláttur**

af ÖLLUM Fiskars hekk-og greinaklippum



**SUMARTILBOÐ**  
**3.196 kr**  
~~3.995~~  
**Greinaklippur**  
Fiskars.  
5084428



**6.495 kr**

**Rafmagnshekkklippur**  
520W, 46 cm blað, klippigeta 16 mm.  
5083756




Byggjum á betra verði

www.husa.is

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndaviki. Úrval gætur verð misjafnt milli verslana

TÖLUR VIKUNNAR 17.04.2016 – 23.04.2016



**44%** nemenda í 10. bekk finnst mikilvægt að lita vel út og vinna í keppni.

**27%** lægra verð frá því besta sem áður þekktist fékk ríkið með útboði á tölvum.



**134 einstaklingar** frá **24 löndum** sóttu um vernd á Íslandi fyrstu þrjú mánuði ársins.



**5,2 milljarðar** er endurnýjun yfirborðs, rafmagns- og flugbrautaljósaakerfis í Keflavík talin kosta.




**6.000**

ný störf urðu til árið 2015.



**320**

laga- og reglu-  
bálkar tengjast  
starfi Matvæla-  
stofnunar.



**77**

Íslendingar greindust með hettusótt í fyrra.

## Þrjú í fréttum Framboð, æluprif og tilvistarvandi

**Ólafur Ragnar Grímsson**  
forseti Íslands

tilkynnti að hann ætlaði að bjóða sig fram til forsetaembættisins í sjötta sinn. Hann sagði þjóðina standa frammi fyrir miklum vanda vegna skorts á trausti. Atburðir síðustu vikna hefðu haft mikil áhrif á ákvörðunina. Forsetinn benti á að þúsundir hefðu verið fyrir framan Alþingi og að forsætisráðherrann hefði sagt af sér. Ólafur kvaðst ekki hafa hugleitt hvort hann myndi sitja í fjögur ár í embætti ef hann yrði endurkjörinn forseti.



**Rannveig Grétarsdóttir**

framkvæmdastjóri Eldingar

baðst afsökunar á auglýsingu þar sem óskað var eftir tveimur sérfræðingum í ólaunu sjálfboðastörf við rannsóknir á hegðun hvala. Í auglýsingunni var sérstaklega tekið fram að umsækjendur þyrftu að vera sterkbyggðir, tilbúnir til að þrifa salerni og jafnvel ælu. Vinna á bar og færa til þunga hluti. BHM gerði alvarlegar athugasemdir við auglýsinguna.



**Óttar Guðmundsson**

geðlæknir og rithöfundur

sagði ofuráherslu vera á gildi áfalla í samfélaginu. Enginn mætti lengur lenda í neinu. Tilvistarvandi væri núna orðinn hluti af geðlæknisfræðinni. Hins vegar gæti lifað algjörlega sléttri og felldri tilveru. Hann sagði upplýsingaáreiði sem við búum við engum hollt. Það kveikti á kvíða og óryggi.



# Uppbygging Franska spítalans kostar yfir 1,2 milljarða króna

Upphafleg áætlun Minjaverndar um uppbyggingu franska spítalans á Fáskrúðsfirði hljóðaði upp á 245 milljónir króna og gert var ráð fyrir að helmingur fjárens kæmi að utan. Verkefnið hefur blásið út og ekkert fé komið frá Frakklandi. Bjartsýni að halda að Frakkar greiddu helminginn, segir formaður Minjaverndar.

**FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR** Kostnaður við uppbyggingu franska spítalans á Fáskrúðsfirði hefur farið langt fram úr upphaflegri áætlun og verkefnið stækkað á framkvæmdatímanum. Uppbygging franska spítalans var áætluð um 250 milljónir króna árið 2010 og helmingur kostnaðarins kæmi frá Frakklandi. Nú er ljóst að kostnaður mun losa 1,2 milljarða króna og frönsk yfirvöld hafa ekki sett krónu í verkefnið.

Minjavernd ber ábyrgð á framkvæmdinni og stýrir henni og hefur fengið fjölda verktaka til vinnu á Fáskrúðsfirði. Þorsteinn Bergsson, framkvæmdastjóri Minjaverndar, segir það hafa verið nokkra bjartsýni að helmingur kostnaðarins yrði greiddur af frönskum stjórnvöldum. „Það er nú aðeins svo að góðviljaður útgerðarmaður frá Frakklandi veitti okkur eitt þúsund evrur til uppbyggingarinnar, það er allt og sumt. Hitt höfum við þurft að greiða sjálf. Það hefur verið svoltið bjartsýnt á sínum tíma að telja svo mikið fé koma að utan,“ segir Þorsteinn.

Í viðtali við Fréttablaðið þann 27. febrúar 2010 segir Þorsteinn að Frakkar hafi mikinn áhuga á verkinu og gengið sé út frá því að fá fjármagn þaðan. „Við sjáum áhuga í Frakklandi á að veita fjárstuðning til verksins sem gæti numið allt að helmingi af kostnaði. Gangi það eftir mun Minjavernd standa undir því sem út af stendur.“

Árið 2010 var heildarkostnaður áætlaður um 245 milljónir og áttu um 120 milljónir að vera greiddar af Minjavernd. Nú, sex árum síðar, hefur kostnaðurinn fjórfaldast. „Þegar allt verður talið mun verkefnið losa 1,2 milljarða króna,“ segir Þorsteinn. „Þá var hins vegar aðeins horft til gamla spítalans. Nú hefur



Franski spítalinn er að sönnu orðinn bæjarþróði á Fáskrúðsfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

verkefnið aftur á móti stækkað mikið og mörg hús verið gerð upp og því hefur kostnaðurinn vaxið sem því nemur.“

Minjavernd er í eigu ríkisins og Reykjavíkurborgar sem eiga 38,7 prósentu hlut hvor, og sjálfseignarstofnunarinnar Minja. Hildur Sværissdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, segir eðlilegt að málefni Minjaverndar séu rædd oft á vettvangi borgarinnar. „Félaginu er ekki ætlað að vera á framfæri hins opinbera, hvorki ríkis né borgar þó þau eigi hlut í því, og á nýjustu ársreikningum má sjá að eiginfjárstaða félagsins er sterk. Þar sem félagið byggir á svo gömlum grunni er eflaust að finna ástæðu þess að



**Góðviljaður útgerðarmaður frá Frakklandi veitti okkur eitt þúsund evrur til uppbyggingarinnar, það er allt og sumt.**

Þorsteinn Bergsson, framkvæmdastjóri Minjaverndar



félagið er í eigu hins opinbera en það væri eðlilegt að skoða að það yrði gert alveg sjálfstætt. Ef það er vilji til að borgin eigi í þessu félagi



**Ef það er vilji til að borgin eigi í þessu félagi væri þó eðlilegt að það væri rætt oft á vettvangi borgarinnar hvað þar fer fram.**

Hildur Sværissdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík



væri þó eðlilegt að það væri rætt oft á vettvangi borgarinnar hvað þar fer fram,“ segir Hildur. sveinn@frettabladid.is

## Taldi yfirlýsinguna vera ótímabæra

**VIÐSKIPTI** „Það er allavega augljóst að leiða Borgunarmálið til lykta,“ segir Helga Björk Eiríksdóttir, nýr formaður bankaráðs Landsbankans. Helga er fyrsta konan sem gegnir starfinu. Hún segir að fylgja þurfi eftir hvort grundvöllur sé fyrir málsókn vegna sölu Landsbankans á tæplega þriðjungshlut í Borgun. Þá hafi Landsbankinn óskað eftir úttekt Ríkisendurskoðunar á viðskiptunum. Auk þess hafi verið farið yfir verkferla Landsbankans vegna málsins. Nýtt bankaráð þurfi hins vegar tíma til að kynna sér málið áður en tímabært sé að ræða það nánar.

Fimm af sjö bankaráðsmönnum Landsbankans gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi setu í ráðinu. Í yfirlýsingu sem þeir sendu frá sér þann 16. mars kom fram að fimm mennirnir töldu Banksýslu ríkisins, sem fer með 98 prósentu eignarhlut ríkisins í Landsbankanum, hafa gengið of langt í afskiptum sínum af rekstri bankans.



Á aðalfundi Landsbankans í síðustu viku. Helga tekur við af Tryggva Pálssyni, sem gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórninni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Mér fannst ekki tímabært að vera með neinar yfirlýsingar á þeim tímamarki því að við höfðum til að mynda ekki fengið niðurstöðu frá FME og það var nægur frestur til að svara Banksýslunni,“ segir Helga um hvers vegna hún ákvað að taka ekki

þátt í yfirlýsingu bankaráðsmanna. Bankaráðinu var gefinn frestur til síðustu mánaðamóta til að grípa til aðgerða vegna Borgunarmálsins. Þá taldi Fjármálaeftirlitið sölu Landsbankans á hlut í Borgun ekki hafa verið í samræmi við lög. – ih

**salcura** Náttúruleg húðmeðferð í úðaformi

**Þjáist þú af sveppasýkingu eða þurrki í slímhúð?**

**Topida Intimate Hygiene Sprey**

þykir sérlega áhrifarikt við sveppasýkingu í leggöngum kvenna og við kláða og sviða á kynfærsvæði kvenna og karla. Einnig gott við sveppasýkingum á fótum og tám og við þrusku í munni.

**Helga Torfadóttir** mælir hikaust með Topida Intimate Hygiene Sprey.

**30% afsláttur**

Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum.

# Þú venst athyglinni

**SPORTAGE**

The Power to Surprise

## Kia Sportage brunar fram úr öllum væntingum

Ný kynslóð Kia Sportage setur ný viðmið í hönnun, þægindum og öryggi. Búðu þig undir að venjast athyglinni, því Kia Sportage stenst ekki bara væntingar þínar — hann brunar fram úr þeim. Fyrsta flokks tæknibúnaður og einstök gæði gera hverja ferð ógleymanlega. Þú verður að prófa til að sannfærast.

**Ný kynslóð Kia Sportage bíður þín í Öskju. Komdu og reynsluaktu.**

### Nýr Kia Sportage á verði frá:

2WD 1,7 dísil, beinskiptur — **4.790.777** kr.  
4WD 2,0 dísil, beinskiptur — **5.790.777** kr.  
4WD 2,0 dísil, sjálfskiptur — **6.290.777** kr.



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is  
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.



Fylgdu okkur á Facebook.  
facebook.com/kiamotorsisland

## Ergo veitir umhverfisstyrk



### Umhverfissjóður Ergo auglýsir eftir umsóknum um umhverfisstyrk

Sjóðurinn úthlutar umhverfisstyrk að fjárhæð 500.000 kr. að jafnaði einu sinni til tvisvar á ári til frumkvöðlaverkefna en markmið sjóðsins er að hvetja til nýsköpunar og þróunar á sviði umferðar- og umhverfismála.

### Sendu inn þína hugmynd

Einstaklingar og fyrirtæki geta sótt um styrkinn. Viðskiptaáætlun þarf að fylgja umsókninni ásamt skýringu á því hvernig nýta eigi styrkinn.

Frestur til að senda inn umsóknir er til 20. maí. Öllum umsóknum verður svarað.

### Kynntu þér málið nánar á ergo.is

sími 440 4400 > [www.ergo.is](http://www.ergo.is)

**ergo**

## Ónýtt hús í Ekvador



Enn einn eftirskjálfti, 6,0 að stærð, skók Ekvador í gær, en þar reið yfir skjálfti upp á 7,8 hinn 16. þessa mánaðar. Hér sést fólk fyrir utan stórskemmda byggingu í gær, en síðustu tölur stjórnvalda benda til þess að tæplega sex hundruð manns hafi farist í skjálftunum og 8.340 séu slasaðir. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Óvissa um framhald lögreglunáms í haust

Nýtt frumvarp um nám á háskólastigi er ókomið inn á vorþing Alþingis.

**MENTUN** „Það er ekki búið að segja upp starfsfólki enn,“ segir Karl Gauti Hjaltason, skólastjóri Lögregluskólans. Fyrir liggur að lögreglunám verður fært á háskólastig og í frumvarpsdrögum að breytingu á lögreglulögum kemur fram að Lögregluskólinn verður lagður niður þann 30. september á þessu ári. Frumvarpið átti að kynna á þingi ekki síðar en 15. mars en er ekki komið fram enn.

„Ef frumvarpið verður ekki að lögum þá lifum við aðeins lengur. En við fáum engin svör um það hvenær eða hvort verður af þessu. Það hefur verið áhyggjuefni okkar í vetur,“ segir Karl en níu starfsmenn starfa við skólann. Þeim verður öllum sagt upp þegar að því kemur að leggja skólann niður. Námið verður fært á háskólastig. Karl Gauti segist fá svör geta veitt áhugasömu fólki sem vill leggja stund á nám í lögreglufræðum. „Við höfum fengið mikið af fyrirspurnum. Ég gef

**Við fáum engin svör um það hvenær eða hvort verður af þessu.**

Karl Gauti Hjaltason, skólastjóri Lögregluskólans

þau svör að frumvarpið sé í innanríkisráðuneytinu og eigi eftir að fara fyrir þing. Það eru einu svörin sem ég get veitt í bili að minnsta kosti,“ segir hann.

Með breytingu á lögreglulögum verður lögreglunám fært á háskólastig eins og það er á hinum Norðurlöndunum. Karl Gauti hefur ásamt starfslíði sínu fengið kynningu á frumvarpinu. „Já, við höfum fengið kynningu á því og þá var gert ráð fyrir því að námið hæfist í haust á háskólastigi en til þess að svo verði þarf auðvitað að afgreiða frumvarpið með breytingum á þingi.“

Ekki hefur verið gengið frá samningi við háskóla um að taka við kennslu í lögreglufræðum til B.Sc. náms. Námið verður þriggja ára nám á háskólastigi og skólinn sjálfstæð eining en menntuninni útviðað til menntakerfis að stórum hluta. Stefnt er á að Lögregluskólinn verði fræðslu- og rannsóknarsetur lögreglu og muni sjá um þróun og uppbyggingu grunnmenntunar lögreglu með þjónustusamningum svo og að sjá um framhaldsnám fyrir lögregluna.

Starfshópur skipaður af innanríkisráðuneyti leggur til að samið verði við Háskólann á Akureyri og Keili og enn fremur að grunnmenntun lögreglumanns, tveggja ára bóklegu námi og eins árs starfsnámi, ljúki með bakkalárgráðu og að hugað verði að frekari menntun í kjölfar bakkalárgráðu sem lyki með meistaraþráðu.

[kristjanabjorg@frettabladid.is](mailto:kristjanabjorg@frettabladid.is)

# ALLIR ÚT AÐ LEIKA

**weather  
report**™



Pollagalli  
verð frá  
**6.999**

*Vandaður sænskur  
útvistarfatnaður*



**HAGKAUP**  
*Skemmtilegast að versla*

# Áskoranir fyrir vinnumarkaðinn vegna hækkandi lífaldurs

Málþing aðila vinnumarkaðarins og lífeyrissjóðanna

**Þriðjudaginn 26. apríl 2016 kl. 13.00-16.00 á Grand Hótel**

Aukin hagsæld og framfarir í læknávisindum hafa síðustu áratugi stöðugt aukið lífslíkur okkar. Frá því samið var um stofnun almennu lífeyrissjóðanna árið 1969 hefur meðalævi íslenskra karla lengst úr tæpum 72 árum í tæpt 81 ár og kvenna úr 77,5 í tæpt 84 ár. Sextug kona gat árið 1970 vænst þess að lifa í 21,7 ár til viðbótar og vera á lífeyri í 14,7 ár m.v. 67 ára eftirlaunaaldur. Í dag getur sextug kona vænst þess að lifa í rúm 25 ár og vera rúm 18 ár á lífeyri. Þessi jákvæða þróun hefur umtalsverð áhrif á samfélagið og er nú víða horft til hækkunar á almennum eftirlaunaaldri. Slík breyting dugar ekki ein og sér þar sem þessari þróun fylgja fjölmargar áskoranir fyrir lífeyris- og velferðarkerfið og ekki síður fyrir atvinnulífið. Í því felst m.a. að auka verður möguleika eldra fólks til lengri og virkari þátttöku á vinnumarkaði með góðum vinnuaðstæðum og heilsueflingu, sí- og endurmenntunartækifærum sem viðhalda og auka þekkingu og auknum sveigjanleika í starfslokum og töku lífeyris.

## Dagskrá:

**13:00-13:10 Setning**  
Þorbjörn Guðmundsson, formaður stjórnar LL

**13:10-13:55 Longer Lives - Better Brains**  
Henning Kirk MD, Dr.Med.Sci.

Hverjar eru afleiðingar hækkandi lífaldurs á stefnumörkun varðandi atvinnuþátttöku eldra fólks, eftirlaunaaldur og lífeyri? Heldur hæfni heilans í við lengri lífaldur? Í erindinu verður leitast við að svara þessum spurningum ásamt því hvort vilji sé til þess á vinnumarkaði að nýta þekkingu og hæfni eldra fólks.

**13:55-14:25 Staða eldra fólks á vinnumarkaði og þróunin næstu áratugin**  
Stefán Ólafsson, prófessor við HÍ

**14:25-14:40 Kaffi**

**14:40-14:55 Reynslan af ráðningum eldri starfsmanna**  
Jakobína Hólmfríður Árnadóttir, hópstjóri ráðninga hjá Capacent

**14:55-15:10 Kynning á hugmyndum um breytingar á lífeyrisaldri á næstu áratugum og auknum möguleikum til sveigjanlegri starfsloka**  
Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða

**15:10-16:00 Pallborðsumræður með aðilum vinnumarkaðarins**  
Nýjar áskoranir á vinnumarkaði – Hvernig tekst vinnumarkaðurinn á við breytingarnar framundan?

Fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Kennarasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Samtökum atvinnulífsins taka þátt í umræðum.

**Stjórnandi: Þórður Snær Júlíusson, ritstjóri Kjarnans**

Tilkynning um þátttöku berist Landssamtökum lífeyrissjóða á tölvupóstfangið radstefna@ll.is



Alþýðusamband Íslands



FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ



KENNARASAMBAND ÍSLANDS



Bandalag háskólanna



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



BSRB

Landssamtök lífeyrissjóða • Guðrúnartúni 1 • 105 Reykjavík • Sími: 563 6450 • ll.is



Glacier Goodies segjast bjóða upp á persónulega þjónustu. MYND/EMIL REYNIÐ

## Matarvagninn verður aftur í Skaftafelli

Fyrirtækið Jöklavagnar verður áfram með matarvagn í Skaftafelli í sumar. „Núna stendur yfir undirbúningur fyrir sumarið,“ segir Stefán Þór Arnarson, yfirkokkur og eigandi. Opnað verður um miðjan maí.

**FERÐAÞJÓNUSTA** Fyrirtækið Jöklavagnar, sem starfrækti matarvagn í Skaftafelli síðasta sumar, mun halda rekstri sínum áfram í sumar. Vagninn er undir merkjum Glacier Goodies og er þar leitast við að nota hráefni af nærsvæðinu til þess að tryggja sjálfbærni og ferskleika rétta. Stefán Þór Arnarson yfirkokkur segir stefnuna vera að gera það sem þau eru að gera eins vel og hægt er. „Núna stendur yfir undirbúningur fyrir sumarið. Við erum að setja saman matseðil og hann verður með svipuðu sniði og í fyrra,“ segir Stefán.

Vagninn verður í Skaftafelli frá og með miðjum maí fram í september. Viðbrögðin síðasta sumar segir Stefán hafa verið mjög góð. Meirihluta gesta þeirra segir hann hafa verið erlenda ferðamenn en að einnig hafi margir Íslendingar komið við hjá þeim. Stefán segist hysa á því hve margir Íslendingar hafi í raun komið og að margir hafi sérstaklega gert sér ferð til þeirra. „Við fengum gesti sem voru kannski búnir að keyra herna fram hjá en aldrei komið við, sem komu sérstaklega til að borða hjá okkur.“

Skaftafell er hluti af Vatnajökulsþjóðgarði og trekkir að talsvert mikið af ferðamönnum. Komum þangað hefur fjölgað mikið síðustu ár og má til dæmis nefna að í mars í fyrra komu um 14 þúsund manns í Skaftafell en í mars í ár komu um 24 þúsund manns, segir Elvar Ingþórsson, landvörður í Skaftafelli. Elvar segir að alls hafi komið um 400 þúsund manns í Skaftafell í fyrra, en af þeim fjölda komu tæp 300 þúsund á aðeins fjórum mánuðum, frá maí



Stefán Þór Arnarson, yfirkokkur Glacier Goodies, segir viðbrögð við vagninum hafa verið mjög góð. MYND/EMIL REYNIÐ

og fram í ágúst. Elvar segist gera ráð fyrir því að komu ferðamanna fjölgi enn þetta árið.

Spurður út í hvort fjölgun ferðamanna muni hafa áhrif á þjónustuna segist Stefán ekki geta sagt til um það. „Við reynum að bjóðum upp á ákveðna upplifunarferðaþjónustu, að vera með rétti úr ríki Vatnajökuls, persónulega þjónustu og heiðarlegan mat. Við viljum að eiginlegt bragð hráfnisins njóti sín sem best og við viljum að gestir bæði komi og fari gláðir.“

Glacier Goodies er starfrækt af Stefáni og konu hans, auk frænda hans. Stefán er lærður matreiðslumeistari og á langan feril að baki í veitinga- og hótélgeiranum og hefur unnið á mörgum af bestu hótélum og veitingastöðum landsins. Sér til halds og trausts hefur Stefán aðstoðarkokk og vin sinn, Alexander Alvin, en þeir hafa lengi fylgst að í veitingabransanum. stefania@frettabladid.is

## Lögreglan varar við LSD

**LÖGREGLA** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu varar við fíkniefninu LSD. Undanfarið hefur hún greint neyslu þess hjá hópi ungs fólks sem er annars ekki neytendur fíkniefna.

„Þetta hefur vakið undrun okkar, umrætt fólk hefur verið illviðránalegt, haldið miklum ranghugmyndum um sig og eða umhverfi sitt, með gríðarlega hátt sársaukaþol og verulega hættulegt umhverfi sínu en þó fyrst og fremst sjálfu sér,“ segir í tilkynningu frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu sem greinir enn fremur frá því að svo virðist sem þetta unga fólk telji fíkniefnið hættulaust.

Lögreglan ítrekar að efnið LSD sé stórhættulegt. „Þetta eina skipti getur valdið miklum skaða og ljóst er að fólk undir áhrifum þess er ekki meðvitað um eigin hegðun og gjörðir meðan áhrifin vara. Það að lenda í fangaklefa yfir nótt líkt og einhverjir hafa lent í væri langt í frá það versta sem gæti komið fyrir,“ segir í tilkynningu lögreglu.

LSD hefur ofskynjunaráhrif sem geta leitt til mikils ótta, ofsóknaræðis og annarra andlegra áfengis sem setja neytendur í talsverða hættu. Í verstu tilfellunum getur slíkt ástand varað í nokkra daga. – kbg



# OPEL BÍLL ÁRSINS Í EVRÓPU!



1975 | Bílabúð Benna | 2015

Verð frá:  
**3.190.000 KR.**



## Margfaldur sigurvegari.



Opel hefur varla haft undan að taka við verðlaunum og viðurkenningum, frá bílasérfræðinum jafnt sem neytendum, fyrir Opel Astra. Fyrir utan titilinn Bíll ársins í Evrópu, sem er eftirsóttasta viðurkenning sem bílaframleiðendum hlotnast, má nefna Gullna stýrið, Bíll ársins í Danmörku, Bíll ársins í Skotlandi, ásamt sérstakri umhverfisviðurkenningu þar í landi, svo fátt eitt sé nefnt. Sjáðu meira á [opel.is](http://opel.is).

**Ný Opel Astra.**  
Meira en þú átt að venjast.



**Bílabúð  
Benna**  
Bein leið í 40 ár

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR.

Reykjavík  
Tangarhöfða 8  
590 2000

Reykjanesbær  
Njarðarbraut 9  
420 3330

Opið virka daga frá 9 til 18  
Laugardaga frá 12 til 16

**OPEL Á ÍSLANDI**  
Kynntu þér Opel fjölskylduna á [benni.is](http://benni.is) | [opel.is](http://opel.is)



Oddvitar stjórnálflokkanna funduðu í stjórnarráðinu í gær. MYND/STÖÐ 2

## Boða kosningar í október

**STJÓRN MÁL** Oddvitar ríkisstjórnarflokkanna og oddvitar stjórnarandstöðunnar funduðu í gær um málaskrá ríkisstjórnarinnar. Á fundinum kom fram að stefnt yrði að kosningum í októberlok.

Sigurður Ingi Jóhannsson forsætisráðherra fór yfir málaskrá ríkisstjórnarinnar á fundinum en þar er að finna þau mál sem ríkisstjórnin leggur upp með að takist að ljúka áður en gengið verði til kosninga.

Um tuttugu mál eru á lista ríkisstjórnarinnar.

Árni Páll Árnason, sem sat fundinn

fyrir hönd Samfylkingarinnar, sagði í samtali við fréttastofu að meðal þess sem hefði verið rætt væru húsnæðismálin. „Þarna eru náttúrulega þjóðþrifamál sem það hefur aldrei staðið á okkur að afgreiða, eins og húsnæðismálin þar sem ágreiningurinn hefur fyrst og fremst verið á milli stjórnarflokkanna,“ segir Árni Páll.

„Svo eru þarna einstaka mál sem eru ekki komin fram þannig að við vitum ekki hvað í þeim er.“ Hann sagði að sjálfur hefði hann kosið að kosningar færu frekar fram í vor en í haust. – sg

## Erfið byrjun friðarviðræðna

**JEMEN** Ekkert samkomulag náðist um dagskrá friðarviðræðna stríðandi fylkinga í Jemen á fundi í gær. Samkvæmt Sameinuðu þjóðunum hafa alls um 6.500 fallið í borgarastyrjöldinni í landinu, þar af um 3.000 óbreyttir borgarar.

Borgarastyrjöldin hefur staðið yfir frá því í mars árið 2015 en Hútar, hliðhollir fyrrverandi forseta Ali Abdullah Saleh, leitast við að steypa ríkisstjórn Abd Rabbuh Mansur Hadi af stóli. Þá hafa hryðjuverka-

samtökin Al-Kaída og Íslamska ríkið einnig ráðist á fylkingarnar tvær.

Friðarviðræðurnar fara nú fram í Kúveit og eru þær fyrstu beinu viðræður Húta og stuðningsmanna Hadi. Reuters greinir frá því að samkomulag um dagskrá hafi ekki náðst vegna ágreinings um forgangsatriði. Hútar vilja að ný ríkisstjórn sé mynduð áður en þeir leggi niður vopn sín en menn Hadi vilja að Hútar leggi niður vopn áður en rætt verði um nýja ríkisstjórn. – þea



Hús hafa hrunið og þúsundir fallið í Jemen. NORDICPHOTOS/AFP



Bente Stein Mathisen, þingmaður norska Hægriflokksins og formaður norrænu velferðarnefndarinnar. MYND/MAGNUS FRÖDERBERG

## Vilja aðstoða þolendur kynferðisofbeldis

Norðurlandaráð hefur fengið stuðning Hægriflokksins við hugmynd um stofnun norræns samstarfsnets fyrir fólk sem glímir við siðbúnar afleiðingar kynferðisofbeldis. Tilmælum beint til norrænu ráðherranefndarinnar um aðgerðir.

**NORÐURLÖND** Ósk Norðurlandaráðs um stofnun norræns samstarfsnets fyrir fullorðna einstaklinga sem glíma við siðbúnar afleiðingar kynferðisofbeldis hefur hlotið hljómgrunn.

„Heilbrigðisyfirvöld huga ekki nógu vel að einstaklingum sem glíma við siðbúnar afleiðingar kynferðisofbeldis. Þetta eru nú einu sinni fimm til tíu prósent allra Norðurlandabúa,“ segir Bente Stein Mathisen, þingmaður norska Hægriflokksins og formaður norrænu velferðarnefndarinnar. En kynferðisofbeldi í barnæsku hefur oft og tíðum alvarlegar og margvíslegar afleiðingar á fullorðinsárum.

Stein Mathisen sagði stöðugt áframframt ánægð með að heilbrigðis- og félagsmálaráðherrarirnir ætluðu að ræða við einstaklinga úr hópi sjálfbodaliða sem og opinbera og einkageiranum um að koma á fót norrænu samstarfsneti.

Einnig sagði hún samhæfðra

aðgerða þörf. „Það vantar samhæfðar aðgerðir á þessu sviði, bæði landsbundnar og alþjóðlegar. Myndun samstarfsnets hefur norrænt notagildi og skilar samlegðaráhrifum milli rannsókna, frumkvöðlastarfs, opinbera geirans og frjálsra félagsamtaka sem gagnast löndunum. Við höfum mörg dæmi um góðan árangur, en það vantar vettvang til að geta skipst á reynslu.“

Auk tilmæla um samstarfsnet með áherslu á fullorðna sem glíma við siðbúnar afleiðingar kynferðislegs ofbeldis beinir Norðurlandaráð einnig tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um að hún þróa menntunaráætlanir sem sniðnar eru að ólíkum starfsstéttum sem vinna með börn og ungmenni sem orðið hafa fyrir slíku ofbeldi og einnig fullorðna sem glíma við siðbúnar afleiðingar þess. Eins að rannsóknir norrænna stofnana verði eflar til

**Heilbrigðisyfirvöld huga ekki nógu vel að einstaklingum sem glíma við siðbúnar afleiðingar kynferðisofbeldis.**

Bente Stein Mathisen, þingmaður norska Hægriflokksins

að tryggja að pólitískar ákvarðanir byggji á þekkingu á öllum sviðum meðferðar. Að tekin verði saman skýrsla um Grønlandsmodellen – Rejsesholdet þar sem greint verður frá aðdraganda verkefnisins og starfsaðferðum og aðgerðum lýst og að Norræna ráðherranefndin bæti vandanum vegna ofbeldis gagnvart börnum og fullorðnum við verksvið Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar og við gerð áætlunar á heilbrigðis- og félagsmálasviði á Norðurlöndum. [gydaloo@frettabladid.is](mailto:gydaloo@frettabladid.is)



## 4 LIÐA ÚRSLIT KARLA

**HAUKAR - ÍBV** ☼  
1. umferð

Lau. 23. apríl kl. 16.00  
**Schenker-höllin**

**VALUR - AFTURELDING**  
1. umferð

Lau. 23. apríl kl. 18.00  
**Valshöllin**

**ÍBV - HAUKAR**  
2. umferð

Mán. 25. apríl kl. 18.30  
**Vestmannaeyjar**

**AFTURELDING - VALUR** ☼  
2. umferð

Mán. 25. apríl kl. 19.30  
**N1-höllin**

#olisdeildin





Innovation  
that excites

# FÓLK EÐA FARMUR? RAFMAGN EÐA DÍSIL?



## RAFBÍLL

24kWh RAFHLAÐA - 170 KM DRÆGNI\*\*

**NISSAN e-NV200, SENDIBÍLL. 4.790.000 KR.**

**NISSAN e-NV200, 5 SÆTA. 4.990.000 KR.**

**NISSAN e-NV200, 7 SÆTA. 5.190.000 KR.**

## DÍSILBÍLL

1,5 L DÍSILVÉL, EYÐSLA 4,9 L/100 KM\*  
5 ÁRA ÁBYRGÐ/160.000 KM

**NISSAN NV200, SENDIBÍLL. 3.490.000 KR.**

**NISSAN NV200, 5 SÆTA. 3.990.000 KR.**

**NISSAN NV200, 7 SÆTA. 4.190.000 KR.**

Nissan NV200 kemur sterkur inn sem spennandi lausn fyrir þá sem þurfa sendi- eða fólksflutningabíl í millistærðarflokki. Nýju NV200 sendibílastur taka tvö EURO bretti og eru því hentug stærð fyrir mörg fyrirtæki. Í fólksflutningaútfærslum er hægt að velja 5 sæta útgáfu með gluggum og farangursrými aftast eða 7 sæta útgáfu með gluggum.

Nissan NV200 bílastur eru með ríkulegan staðalbúnað með upphituð framsæti og stýri,\*\* tímarofa á miðstöð sem hitar bílinn upp fyrir morgunakstur,\*\* bakkmyndavél, USB og AUX tengi og handfrjálstan símabúnað svo eitthvað sé nefnt.

**OPIÐ I DAG FRÁ 12-16**

GE bílar  
Reykjanesbæ  
www.gebilar.is  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is





# Máltæknisjóður

## Umsóknarfrestur til 1. júní

### Rannís auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Máltæknisjóði.

Hlutverk sjóðsins er að efla notkun íslenskrar tungu í samskiptatækni, til hagsbóta fyrir fyrirtæki, stofnanir og almenning.

**Umsóknarfrestur er til 1. júní 2016, kl. 16:00.**

Upplýsingar og umsóknargögn er að finna á [www.rannis.is](http://www.rannis.is)  
Umsóknum skal skilað á rafrænu formi.

#### Nánari upplýsingar veitir

Sigurður Óli Sigurðsson í síma 515 5850  
eða á [sigurdur.sigurdsson@rannis.is](mailto:sigurdur.sigurdsson@rannis.is)



PHOTOSKÖGUR grafísk hönnun



Þórsteinn Ragnarsson, formaður stjórnar Kirkjugarðasambands Íslands, segir að frá árinu 2009 hafi framlag ríkisins til kirkjugarðanna verið skert meira en áætlað var. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



### NÝTT OG BETRA APP

Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið í símanum eða spjaltdólunni hvar og hvenær sem er.

Fréttablaðið er til á App Store og Google Play.

## TÆKIFÆRI SÖGUFERÐAÞJÓNUSTUNNAR

SAMTÖK UM SÖGUFERÐAÞJÓNUSTU 10 ÁRA

AFMÆLISMÁLÞING Í NORRÆNA HÚSINU, 29. APRÍL KL. 13-16.15



Stjórnandi: Felix Bergsson, leikari

#### ÁVARP

Ragnheiður Elín Árnadóttir, atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra

#### SAGA OG FRAMTÍÐ SAMTAKA UM SÖGUFERÐAÞJÓNUSTU

Rögnvaldur Guðmundsson, formaður SSF

#### SÖGUFERÐAÞJÓNUSTA Á MIKIÐ INNI

Helga Árnadóttir framkvæmdastjóri SAF

#### SÖGUFERÐAÞJÓNUSTA OG MARKAÐSSETNING ÍSLANDS ERLENDIS

Inga Hlín Pálsdóttir, forstöðumaður hjá Íslandsstofu

#### HOLA ÍSLENSKRA FRÆÐA ER ALLTÖF LÍTL

Um vannýtta möguleika til miðlunar á menningararfi. Andri Snær Magnason, rithöfundur

#### Kaffihlé

#### HLUTVERK SÖGU OG MENNINGARARFS Í ICELAND ACADEMY

Sigríður Margét Guðmundsdóttir, Landnámssetrinu í Borgarnesi

#### NOTKUN OG MISNOTKUN SÖGUNNAR

Guðni Th. Jóhannesson, sagnfræðingur


#### PALLBORÐSUMRÆÐUR, FRAMSÖGUMENN

#### SÖGULEG SAMANTEKT

Skúli Björn Gunnarsson, Skriðuklaustri

Fundurinn er ókeypis og öllum opinn

en vinsamlegast skráið ykkur á [islandsstofa@islandsstofa.is](mailto:islandsstofa@islandsstofa.is)



# Segir brýna þörf á hækkun framlaga til kirkjugarða

Stjórnarformaður Kirkjugarðasambandsins segir niðurskurð hjá hinu opinbera hafa komið harðar niður á gördunum en áætlað hafi verið. Vonir standa til að framlög verði aukin eftir fund Kirkjugarðasambandsins og stjórnvalda í byrjun maí.

**STJÓRNSÝSLA** „Núverandi ástand í kirkjugörðum er algjörlega óviðunandi vegna niðurskurðar. Kirkjugarðarnir þyrftu að hækka eininga-verð um fjórtíu prósent til að vera á línu við núverandi gjaldlíkan frá 2005.“ Þetta segir Þórsteinn Ragnarsson, formaður stjórnar Kirkjugarðasambands Íslands.

Vonir standa til að framlög ríkisins verði aukin eftir fund milli stjórnar Kirkjugarðasambands Íslands og stjórnvalda þann 2. maí. Árlega er losaður milljarður til rekstrar kirkjugarða landsins.

„Frá 2009 til yfirstandandi árs hefur framlag ríkisins verið skert miðað við núverandi gjaldlíkan. Við tókum að okkur skerðingar í efnahagshruninu, en skerðingarnar hafa verið meiri en áformað var,“ segir Þórsteinn. „Kirkjugarðar hafa ekki lengur rekstrarfé til að greiða fyrir grafartöku og umhirðu.“

Þessu til viðbótar hefur þóknun til presta fyrir útfarir hækkað undanfarið tvö ár um sjötíu prósent. Umframkostnaður vegna þessara hækkana nema á árunum 2014 til 2016 að lágmarki um sextíu milljónum króna.

Kirkjugarðar Reykjavíkurpró-

**Kirkjugarðar hafa ekki lengur rekstrarfé til að greiða fyrir grafartöku og umhirðu.**

Þórsteinn Ragnarsson, stjórnarformaður Kirkjugarðasambands Íslands

fastsdæma (KGRP), sem þjóna rúmlega fimmtíu prósentum af þjóðinni, hafa verið reknir með halla fjögur af síðustu fimm rekstrarárum. Niðurstaða rekstrarreiknings 2015 sýnir að gjöld KGRP eru um 30 milljónir króna umfram tekjur. Niðurstaðan á landsbyggðinni er ekki betri að sögn Þórsteins.

Þórsteinn segir að síðustu tvö ár hafi áheyrn ríkisyfirvalda ekki náðst um þessi mál. Nú sé áætlaður fundur þann 2. maí og þar verður óskað eftir að samkomulagið frá 2005 verði endurnýjað og eininga-verðið uppfært til verðlags 2017.

Óskað var eftir viðbrögðum frá innanríkisráðherra en þau svör fengust að ráðherra gæti ekki tjáð sig um málið á meðan nefnd væri að störfum við að skoða þessi fjárhagslegu samskipti. [saeunn@frettabladid.is](mailto:saeunn@frettabladid.is)

## NORÐURLÖNDIN



## Þjóðaráttak gegn einsemd

**1 DANMÖRK** Þjóðaráttak gegn einsemd stendur nú yfir í Danmörku en samkvæmt hópi sem stendur að átakinu hafa yfir 200 þúsund manns greint frá því að þeir séu oft einmana. Fjöldi manns hefur tilkynnt um þátttöku í átakinu gegn einsemd. Stefnir verður að fjölmennum samkomum í næstu viku víða um landið. Gert er ráð fyrir sameiginlegum máltíðum auk annarra viðburða til að fólk geti kynnst, spjallað saman og notið samveru við aðra.

## Tekjuafgangur í konungshöllinni

**2 NOREGUR** Tekjuafgangur í norsku konungshöllinni nam 20 milljónum norskra króna í fyrra, einkum vegna þess að fjárveiting sem var heimilud til sérstakra öryggisráðstafana eftir fjöldamorðin í Útey í júlí 2011 hefur ekki verið nýtt. Margir sérfræðingar vörðuðu við því í þessari viku að öryggi í kringum konungshöllina væri ábótavant. Upplýsingastjóri hallarinnar segir greiningu á öryggismálum hafa tekið lengri tíma en búist var við.

## Ókeypis dömubindi í framhaldsskóla

**3 SVÍÞJÓÐ** Stjórnendur framhaldsskólans Katedralskolan í Lundi hafa orðið við beiðni femínista í skólanum og ákveðið að kaupa dömubindi handa nemendum. Þeim verður komið fyrir í sérstökum skáp á einni af snyrtingum skólans. Að sögn femínistanna er oft skortur á dömubindum hjá skólahjúkrunarfræðingnum. Engin stelpa eigi að þurfa að hlaupa út í næstu búð í miðri kennslustund til að kaupa dömubindi þegar hún fer á túr eða þjóta heim.



## Glitnir veltir fyrir sér aðgerðum vegna Panama-skjala

**VIÐSKIPTI** „Það verður örugglega rætt,“ segir Ingólfur Hauksson, framkvæmdastjóri Glitnis, um hvort Glitnir muni grípa til aðgerða eftir umfjöllun fjölmiðla um Ingibjörgu Pálmadóttur, aðaleiganda 365 miðla, og Jón Ásgeir Jóhannesson, eiginmann hennar, byggða á Panama-skjölunum svokölluðu. Ingólfur segir þó enga ákvörðun hafa verið tekið og vildi ekki tjá sig frekar um málið.

Samkvæmt umfjöllun Kjarnans, Stundarinnar og Reykjavík Media greiddi félagið Guru Invest, skráð í Panama og í eigu Ingibjargar, 2,4 milljarða inn á 3,3 milljarða skuld félaganna 101 Chalet og Gaums. Jón Ásgeir átti 41 prósent hlut í Gaumi en Ingibjörg var ekki hluthafi í því. Samkvæmt umfjölluninni afskrifaði Glitnir því 900 milljónir af skuldum félaganna. – ih



Ingibjörg Pálmadóttir, fjárfestir og aðaleigandi 365 miðla, útgefanda Fréttablaðsins.



François Hollande Frakklandsforseti og Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna. NORDICPHOTOS/AFP

## Samkomulag um loftslagsmál undirritað í gær

**LOFTSLAGSMÁL** Parísarsamkomulagið, samkomulag um loftslagsmál sem komist var að í París á síðasta ári, var undirritað í húsnæði Sameinuðu þjóðanna í New York í gær. Sigrún Magnúsdóttir umhverfisráðherra undirritaði samkomulagið fyrir hönd Íslands.

Alls undirritaði 171 ríki samkomulagið í gær, en aldrei hafa fleiri ríki undirritað alþjóðasáttmála.

„París mun móta líf allra framtíðarkynslóða, framtíð þeirra er í húfi,“ sagði Ban Ki-moon, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, við undirritunina í gær. „Við erum í kapphlaupi við tímann. Ég hvet allar þjóðir til að skrifa undir samkomulagið,“ sagði aðalritarinn enn fremur.

Samkomulagið snýst meðal annars um að tryggja að hnattræn hlýnun verði innan við tvær gráður og að reynt verði að halda henni innan við eina og hálfu gráðu. – þea



LANDSPÍTALI

Ársfundur Landspítala 2016 / Hilton Reykjavík Nordica 25. apríl, kl. 14:00

## SJÚKLINGURINN Í ÖNDVEGI

## DAGSKRÁ

## Ávarp

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra

## Úr orrahríð í uppbyggingu

Páll Matthíasson forstjóri

## Ársreikningur Landspítala 2015

María Heimisdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs

## Nýjungar í starfsemi spítalans

## Meðferðaráttak gegn lifrabólgu C

Sigurður Ólafsson, meltingar- og lifrarlæknir / Ragnheiður Hulda Friðriksdóttir verkefnastjóri

## Fjölbreytt nýting aðgerðarþjarka

Eiríkur Orri Guðmundsson þvagræskurðlæknir / Katrín Kristjánsdóttir kvensjúkdómalæknir

## Nýtt flæði sýna á rannsóknarkjarna

Ísleifur Ólafsson yfirlæknir / Lísbet Grímsdóttir deildarstjóri

## Batamiðstöðin á Kleppi - brú út í lífið

Erna Sveinbjörnsdóttir iðjuþjálfari / Rafn Haraldur Rafnsson íþróttfræðingur

## Starfsmenn heiðraðir

Ásta Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri mannauðssviðs

Kaffiveitingar eftir fundinn

**ATH!**  
Fundurinn verður í beinni útsendingu á [landspitali.is](http://landspitali.is)

[Skráning á landspitali.is](http://landspitali.is)



**Audi**  
Vorsprung durch Technik



---

**5** ára  
ábyrgð

---



## Við frumsýnum nýjan Audi A4

Velkomin á frumsýningu á Audi A4 í glæsilegum sýningarsal í HEKLU, Laugavegi 174, laugardaginn 23. apríl milli kl. 12 og 16.

Öflugri, sparneytnari og snjallari: Nýr Audi A4 sameinar tækni og fagurfræði með einstökum hætti. Nýstárlegt Audi Virtual mælaborð með 12,3 tommu háskerpu LCD skjá og Bang & Olufsen hljómkerfi (valbúnaður) með þrívíðu hljóði gefa innanrýminu áhrifamikið yfirbragð.

**Komdu og skoðaðu magnaðan nýjan Audi A4 sem er margverðlaunaður um allan heim.**



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · [www.audi.is](http://www.audi.is)

# Kallar Obama hálf-kenískan hræsnara

Borgarstjóri Lundúna er ekki hrifinn af afskiptum Bandaríkjaforseta af fyrirhugaðri þjóðaratkvæðagreiðslu Breta um hvort landið skuli yfirgefa Evrópusambandið. Forsetinn hvetur til sameiningar og segir Bretland sterkara innan sambandsins.

**BRETLAND** Boris Johnson, borgarstjóri Lundúna, höfuðborgar Bretlands, er ekki þar hrifinn af afskiptum Baracks Obama Bandaríkjaforseta af breskum stjórn-málum. Barack Obama kom til Bretlands í gær í opinbera heimsókn og mun meðal annars funda með forsætisráðherra David Cameron.

Forsetinn lét þau ummæli falla í grein sem hann skrifaði í dagblaðið Daily Telegraph að áframhaldandi vera Bretlands í Evrópusambandinu magnaði áhrif Bretlands í heiminum og sagðist hann þeirrar skoðunar að Bretar ættu ekki að yfirgefa Evrópusambandið. „Þið ættuð að vera stolt af því að Evrópusambandið hafi hjálpað ykkur að dreifa breskum gildum og siðum,“ skrifaði forsetinn.

Þjóðaratkvæðagreiðsla um hvort Bretland yfirgefi Evrópusambandið fer fram þann 23. júní næstkomandi og er Johnson á þeirri skoðun að Bretum sé best borgið utan sambandsins. Hann skrifaði grein í dagblaðið The Sun í gær þar sem hann svaraði forsetanum fullum hálsi.

„Þetta er samhengislaust og já, þetta er algjör hræsní. Bandaríkjamenn gætu aldrei hugsað sér að vera í svona sambandi, hvorki hvað snertir þá sjálfa né nágranna þeirra,“ skrifaði Johnson.

Þá skammaðist Johnson út í þá ákvörðun að fjarlægja brjóstmynd af fyrrverandi forsætisráðherra Breta, Winston Churchill, úr húsa-

Þetta er samhengislaust og já, þetta er algjör hræsní. Bandaríkjamenn gætu aldrei hugsað sér að vera í svona sambandi, hvorki hvað snertir þá sjálfa né nágranna þeirra.

Boris Johnson, borgarstjóri Lundúna



Hvort ætti Bretland að halda áfram veru sinni í Evrópusambandinu eða að yfirgefa það?

HALDA ÁFRAM

44%\*

YFIRGEFA

42%

ÓÁKVÆÐNIR

14%

\*Heimild: Meðaltal skoðanakannana kvæmt The Financial Times.

kynnum forsetans. „Sumir hafa sagt að það væri til marks um vanþóknun hálf-kenísku forseta á breska heimsveldinu sem Churchill varði af krafti,“ skrifaði Johnson.

Ummæli Johnsons vöktu nokkra reiði meðal stjórnarandstöðunnar í



David Cameron, forsætisráðherra Breta, tekur í höndina á Barack Obama, forseta Bandaríkjanna. Sá síðarnefndi er nú í opinberri heimsókn í Bretlandi og hefur reitt borgarstjóra Lundúna til reiði. NORDICPHOTOS/AFP

landinu. Skuggafjármálaráðherra John McDonnell sakaði Johnson til að mynda um kynþáttahatur og hvatti hann til að draga orð sín til baka.


Mögulegt brotthvarf Breta úr Evrópusambandinu, sem heima-

menn kalla Brexit en gæti jafnvel útlagst sem Brethvarf á íslensku, er mikið hitamál. Íhaldsflokkurinn, sem er með meirihluta þingmanna á breska þinginu, er klofinn í málinu. Þannig hefur Johnson borgarstjóri barist fyrir brotthvarfinu en

forsætisráðherra Cameron gegn því. Samkvæmt meðaltali úr nýjustu skoðanakönnunum The Financial Times hallast 42 prósent Breta að því að yfirgefa sambandið en 44 prósent eru hlynt áframhaldandi veru. [thorgnyr@frettabladid.is](mailto:thorgnyr@frettabladid.is)



## Rekstrarkostnaður Landsbankans heldur áfram að lækka



sem gerir okkur kleift  
að bæta kjör til viðskiptavina.

Landsbankinnthinn.is



Ford Fiesta er **mest seldi**  
smábíll Evrópu



## NÝR FORD FIESTA

Ford Fiesta er mest seldi smábíll Evrópu. Það kemur ekki á óvart því útlitið er rennilegt og staðalbúnaðurinn glæsilegur.

Hann höfðar jafnt til þeirra sem kunna að meta framúrskarandi akstursánægju og þeirra sem velja sparneytni og öryggi.

Fiesta er fáanlegur með margverðlaunuðu EcoBoost vélinni sem hefur verið valin vél ársins (e. International Engine of the Year), þrjú ár í röð.



### Ferðafjör Ford

Reynsluaktu nýjum Ford og þú gætir unnið **300.000 kr.** gjafabréf frá WOW air.

Allir sem reynsluaka nýjum Ford hjá Brimborg í apríl fara í pott og geta haft heppnina með sér. Heppinn þátttakandi verður svo dreginn út 2. maí.

Einnig verða tveir aukavinningar frá WOW air að verðmæti **100.000 kr.** dregnir út.

### FORD FIESTA

BEINSKIPTUR

FRÁ **2.390.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR

FRÁ **2.740.000** KR.

Upplifðu frábæra  
aksturseiginleika Ford Fiesta,  
mest selda smábíls Evrópu  
- komdu og prófaðu



[ford.is](http://ford.is)



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 6  
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5  
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.  
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Ford Fiesta er nýi besti vinur þinn: Hiti er í framsætum og 3,5 tommu upplýsingaskjár í mælaborði. Farangursrýmið er einstaklega rúmt (290 lítra). CO<sub>2</sub> gildin eru óvenu lág fyrir bensínvél. Beinskiptur Fiesta fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur. Ford MyKey, brekkuaðstoð og EasyFuel er staðalbúnaður. Öryggisþúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns. Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna sem er afar hentugt á köldum vetrarmorgnum! ♦ Ford Fiesta, bensín 65 hÖ/EcoBoost 100 hÖ, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. CO<sub>2</sub> 99 g/km. ♦ Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hÖ, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. CO<sub>2</sub> 114 g/km. ♦ Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

## SKOÐUN

## Staðnað kerfi



Kristín Þorsteinsdóttir  
kristin@frettabladid.is

Matvara gæti verið 35 prósentum ódýrari. Í nýlegri grein í Fréttablaðinu segir að útreikningar sýni að ef tollar og innflutningshindranir á matvöru verða felldir niður ætti verð á innfluttum matvörum til neytenda að vera 19-53 prósentum lægra en verð á sams konar innlendum matvörum.

Fram kemur að í heild greiði neytendur um 22 milljarða króna á ári aukalega vegna tollahindrana á landbúnaðarvörum og skattgreiðendur um 14 milljarða vegna styrkja, samtals um 35 milljarða króna á ári. Rúmar 100 þúsund krónur á hvern Íslending.

Þetta eru sláandi tölur, sem höfundar greinarinnar, Guðjón Sigurhjártarson og Jóhannes Gunnarsson, varpa skýru ljósi á. Óhagkvæmnina má rekja til hinna umfangsmiklu styrkja og verndar fyrir innlendri og erlendri samkeppni, sem landbúnaðurinn nýtur. Hvort tveggja dregur úr hvatanum til hagræðingar og nýsköpunar.

Ef hægt er að hafa hlutina einfalda er engin ástæða til að flækja þá. Það efast enginn um góðan ásetning stjórnvalda og bændaforystu, en búvörulögin flækja málin þannig að neytandinn hefur engar forsendur til að átta sig á fyrir hvað hann er að borga. Til að átta sig á því, þarf heilmikla yfirlegu.

Aldrei hafa verið fleiri tækifæri til að skapa arðbær störf í sveitum. Höfuðborgin annar ekki sívaxandi straumi ferðamanna og það er hrein og bein nauðsyn að ýta undir fjölbreytni og dreifa velkomnum ferðalögum víðar um landið. Um leið skapast svigrúm til að beina kröftum sveitafólks frá hefðbundnum landbúnaði, sem ekki hefur skilað bændum góðri afkomu. Opinberi stuðningurinn á að losa fjötrana en ekki herða þá. Nóg er af hugmyndum til að vinna úr.

En hvað gerir ríkisstjórnin þá? Hún berst fyrir 10 ára búvörusamningi og vill festa enn í sessi þau gamaldags viðmið, sem alltof lengi hafa viðgengist. Sögu búvörulaganna má rekja aftur til ársins 1934. Ein af röksemdunum er svokallað matvælaöryggi. Íslendingar veiða meiri fisk á mann en nokkur önnur þjóð í heiminum. Það er leitun að þjóð sem býr við meira matvælaöryggi.

Fram hafa komið hugmyndir um að eðlilegt sé að svo stór fjárskuldbinding í heilan áratug fari í þjóðar- atkvæði. Staðnað landbúnaðarkerfi hefur lengi notið stuðnings meirihluta þingmanna. Við höfum viljað tryggja byggð í sveitum landsins. En veruleikinn hefur breyst. Verndin hefur snúist upp í andhverfu sína. Hún tefur breytingar og vinnur gegn fólki í sveitum. Þjóðar- atkvæði gæti knúið fram skapandi umræðu sem yrði öllum til góðs.

Samningurinn verður til umfjöllunar á Alþingi og í þjóðfélaginu á næstu vikum og mánuðum. Það hlýtur að teljast eðlilegt að alþingismenn gæti hagsmuna neytenda og skattgreiðenda – enn frekar nú þegar við blasir að óbreytt kerfi stendur sveitunum fyrir þrifum.

Það á að nota tækifærið og brjóta upp staðnað kerfi, sem enginn hagnast á – nema hugsanlega þeir sem lifa á því að viðhalda óbreyttu ástandi. Þannig munu allir græða og mannlíf í sveitum blómgastrátt sem aldrei fyrr.



En veruleikinn hefur breyst. Verndin hefur snúist upp í andhverfu sína.

## Gunnar



## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



## Ólafur, Erdogan og grænu grifflurnar

Segja má að fortíðin hafi bitið kanslara Þýskalands, Angelu Merkel, ærlega í rassinn á dögunum. Það var þausætinn stjórnmálamaður, forseti með mikilmennskubrjálæði og einvaldstilburði sem kom henni í klandur. Merkel ákvað í síðustu viku að verða við kröfu Recep Tayyip Erdogans, forseta Tyrklands, og heimila þýskum saksóknurum að höfða mál á hendur þýskum grínista fyrir að hæðast að forsetanum og fyrrverandi forsætisráðherranum. Svo mjög gramdist Erdogan gamanvísa grínista sem kyrjaði um að forsetinn kúgaði minnihlutahópa og ætti mök við geitur að hann fyrirskipaði lögfræðingum sínum að grafa upp rykugan, hálfgleymdan þýskan lagabókstaf frá árinu 1871 sem saminn var til að skýla viðkvæmum egóum hörundsárra konunga og síðar keisarans við gagnrýni.

Málið þykir hið vandræðalegasta fyrir Merkel. Straumur flóttamanna til Þýskalands var farinn að valda kanslaranum pólitískum vandræðum. Nýverið gerði Evrópusambandið hins vegar samning við Tyrkland um að veita flóttamönnum skjól og létta þannig undir með Merkel. Nú virðist þjóðverjum sem kanslarinn kasti fyrir róða tjáningarfrelsinu til að þóknast gerræðislegum forseta sem hefur pólitískt líf hennar í lúkunum en frá því að Erdogan tók við embættinu árið 2014 hefur hann höfðað 1.845 dómsmál gegn einstaklingum sem gefið er að sök að hafa móðgað hann.

## Með svartadauða í strætó

Til að fríða gagnrýnendur sína lýsti Merkel því yfir að hún hygðist afnema umrædd lög. Grínistinn sleppur þó ekki og gæti átt yfir höfði sér fangelsisvist.

Uppákomnan sýnir að lagasöfn eru eins og fata-skápar – það þarf að taka reglulega til í þeim. Rétt eins

og neongrænu grifflurnar í efsta skáp sem hafa ekki verið notaðar síðan snemma á níunda áratugnum eru barn síns tíma eru lagabálkar veraldarinnar stútfullir af boðum og bönnum sem fara samtímanum jafn vel og herðapúðar og sitt að aftan.

Flest eru þessi ákvæði sakleysisleg. Í Bretlandi er til dæmis bannað að:

- Klæðast brynju eða gefa upp öndina í breska þinginu
- Leyfa hundinum sínum að maka sig við hund í eigu einhvers innan bresku konungsfjölskyldunnar
- Reisa svínastíu fyrir utan húsið sitt – nema hún sé hulin sjónum
- Taka strætó sé maður smitaður af svartadauða
- Meðhöndla lax á grunsmalegan hátt
- Hafa umsjón með kúm eða hestum drukkinn
- Spila fjárhættuspil á bókasöfnum

Ekki eru þó tímaskekkjurnar allar jafnkrúttlegar.

## Dóri DNA í fangelsi

Við Íslendingar erum snyrtileg þjóð sem gerir reglulega vorhreingerningu í lagabálkum okkar. Árið 1989 voru til að mynda afnumin gömul lög um friðun snæhéra á Íslandi af þeirri augljósu ástæðu að hér á landi finnst engir snæhéra. Enn leynast þó nokkur pör af herðapúðum í fataskápnunum.

Ef t.d. Dóri DNA gerði grín að Erdogan Tyrklandsforseta gæti hann átt yfir höfði sér allt að sex ára fangelsi. Í íslenskum hegningarlögum, líkt og í þeim þýsku, má finna ákvæði sem bannar að erlendri þjóðarleiðtogar séu smánaðir. Nokkrir þingmenn Vinstri grænna hafa nú brett upp emmar, sett sig í tiltekta- stellingar og lagt til að lagaákvæðið verði fellt brott.

# FJÁRMÁLA- KERFI FYRIR FÓLK

JOHN KAY OG  
SERGEI STANISHEV



- Hverjum á að selja bankana?
- Hvernig breytum við fjármálakerfinu?
- Hvernig á að hindra straum peninga í skattaskjól?

Grand Hótel, sunnudaginn 24. apríl kl. 11  
Nánar á samfylking.is



Samfylkingin

# TOLLALÆKKUN NÝJAR VÖRUR FRÁ



NÚ Á ENN BETRA  
VERÐI Í KJÖLFAR  
TOLLALÆKKUNAR

## DÆMI UM VERÐLÆKKUN:

M HEDGEHOG HIKE GTX GÖNGUSKÓR NÚNA 21.990,- ÁÐUR 26.860,-  
GLACIER ¼ ZIP PEYSA NÚNA 7.990,- ÁÐUR 9.990,-

ÚTILÍF

síðan 1974

GLÆSIBÆ

KRINGLUNNI

SMÁRALIND

utilif.is



**PEPSI SPÁIN**  
— 2016 —



**Fylkir – 7. sæti**

**SPÁ ÍÞRÓTTAÐEILDAR 365**

1. sæti ?	5. sæti ?	9. ÍBV
2. sæti ?	6. sæti ?	10. ÍA
3. sæti ?	7. Fylkir	11. Víkingur Ólafsvík
4. sæti ?	8. Fjölnir	12. Þróttur

**GENGI FYLKISMANNA UNÐANFARIN SEX SUMUR**

9↓ 2010 A-deild	7↑ 2011 A-deild	7- 2012 A-deild	7- 2013 A-deild	6↑ 2014 A-deild	8↓ 2015 A-deild
-----------------------	-----------------------	-----------------------	-----------------------	-----------------------	-----------------------

<b>STÆRSTA NAFNIÐ SEM KOM</b> <b>Jose „Sito“ Enrique</b> Spánverjinn sem bjargaði ÍBV frá falli er mættur í Árbæinn.	<b>STÆRSTA NAFNIÐ SEM FÓR</b> <b>Jóhannes Karl Guðjónsson</b> Miðjumaðurinn yfirgaf Fylki og fór til HK í 1. deildinni.
--	---

**ÞJÁLFARI** Hermann Hreiðarsson  
Kom inn af miklum krafti í fyrra en blaðran sprakk fljótt. Er á sínu fyrsta heila tímabili en byrjar mótið í eins leiks banni.

**Í BESTA/VERSTA FALLI**

12	11	10	9	8	7	6	5	4	3	2	1
----	----	----	---	---	---	---	---	---	---	---	---

Fylkir er á pappírnum með lið sem getur barist um Evrópusæti en lognmollan hefur verið mikil í Árbænum undanfarin sumur.

➔ **Ingimundur Niels Óskarsson vonaðist vafalítið eftir betri endurkomu í Árbæinn í fyrra. Hann verður að gera mun betur í sumar ætli Fylkismenn að berjast í efri hlutanum.**

**Nánar á Vísi** ➔

# Haukar eða ÍBV fara alla leið

Gunnar Andrésson, þjálfari Gróttu, spáir í spilin fyrir undanúrslitin í Olís-deild karla fyrir Fréttablaðið. Hann spáir Val áfram gegn Aftureldingu en rimma Hauka og ÍBV verður eitthvað til að fylgjast grannt með.

**HANDBOLTI** Undanúrslitin í Olís-deild karla hefjast í kvöld. Deildarmeistarar Hauka taka á móti ÍBV á Ásvöllum og bikarmeistarar Vals fá Aftureldingu í heimsókn í fyrstu leikjum liðanna. Vinna þarf þrjá til að komast í lokaúrslitin, en Haukar eiga titil að verja. Fréttablaðið fékk Gunnar Andrésson, þjálfara spútnikliðs Gróttu, til að spá í spilin fyrir undanúrslitin. Gunnar kom nýliðum Gróttu í úrslitaleik bikarsins og í úrslitakeppnina.

## Svakalegt einvígi

„Þetta verður svaka rimma. Það er alveg ljóst,“ svarar Gunnar spenntur aðspurður um einvígi Hauka og ÍBV. Haukar unnu tvo af þremur leikjum liðanna í deildakeppninni en veturinn var framan af nokkur vonbrigði fyrir Eyjamenn. „Það þekkir enginn Eyjaliðið betur en Gunnar Magnússon. En á móti má segja að það eru ferskir vindar með Eyjaliðinu. Það er búið að biða eftir úrslitakeppninni þar sem deildin var vonbrigði fyrir liðið. Að mínu mati verður sigurvegurinn úr þessari rimmu Íslandsmeistari, allavega miðað við spilamennskuna hjá þessum liðum í dag,“ segir Gunnar.

Haukarnir eru óumdeilt besta lið landsins en hvað þarf ÍBV að gera til að vinna Hauka þrisvar.

„Eyjamenn þurfa að ná upp frá-bærum leik í Hafnarfirði þar sem allt gengur upp. Það verður samt mjög erfitt því Haukar eru með rútnerað lið. Lykilinn hjá ÍBV verður að vinna fyrsta leikinn í Hafnarfirði og setja þetta einvígi í uppnám. Handboltalega er þetta mjög áhugavert einvígi,“ segir Gunnar sem getur ekki annað en ausið Haukaliðið lofi.

„Eyjamenn spila væntanlega sína 5-1 vörn en Haukarnir leysa hana vel. Þeir gerðu það í öllum leikjunum á móti okkur þar sem við spiludum 5-1 og við áttum ekki

➔ **Ólafur Stefánsson er löglegur með Val í úrslitakeppninni og gæti spilað vegna meiðsla Ómars Inga Magnússonar.**



séns. Haukar var eina liðið sem við unnum ekki. Þetta verður mjög áhugavert einvígi,“ segir Gunnar.

## Hentar Völsurum betur

Gunnar er tiltölulega viss um að Valur fari áfram úr einvígi sínu gegn Aftureldingu þrátt fyrir meiðsla Ómars Inga Magnússonar sem er mikið áfall fyrir Hlíðarendapilta. Ólafur Stefánsson verður til taks í úrslitakeppninni og má væntanlega búast við að sjá besta handboltamann Íslandssögunnar taka nokkrar sóknir fyrir Valsliðið.

„Ég hef meiri trú á Val. Það er með sterkari hóp og vinnur þetta einvígi,“ segir Gunnar sem hefur engar áhyggjur af Val þrátt fyrir að Framarar hafi farið með þá alla leið í oddaleik.

„Það hentar Val mun betur að spila á móti Aftureldingu heldur en Fram. Vörn Framara hentar Val ekkert vel og Valsararnir voru í bölvuðu basli í sóknarleiknum.“

Það er ekki flókið hvað Afturelding þarf að gera til að komast áfram, að mati Gunnars: „Afturelding þarf að spila svakalega góðan varnarleik og fá mikið af mörkum úr hraða-upphlaupum. Markvarslan er líka lykill,“ segir hann.

„Ef Afturelding nær upp uppstilltum leik í sókninni verður þetta 50-50 einvígi en möguleikar Aftureldingar liggja í markvörslu, sterkri vörn og hraðaupphlaupum,“ segir Gunnar Andrésson. [tomas@365.is](mailto:tomas@365.is)

## Nýjast

### Domino's-deild karla, lokaúrslit

#### Haukar - KR 82-88

Haukar: Brandon Mobley 28/14 fráköst, Finnur Atli Magnússon 15/15 fráköst/3 varin skot, Haukur Óskarsson 14, Emil Barja 11/6 fráköst/12 stoðsendingar, Hjalmar Stefánsson 6, Kristinn Jónasson 3, Kristinn Marinósson 3, Guðni H. Valentinsson 2. KR: Michael Craion 27/13 fráköst, Brynjar Þór Björnsson 21/5 fráköst/8 stoðsendingar, Helgi Már Magnússon 20/7 fráköst, Darri Hilmarsson 9/8 fráköst, Björn Kristjánsson 7, Pavel Ermolinskij 4/6 stoðsendingar.

KR er nú með 2-0 forystu í einvígi liðanna og getur tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn með sigri á heimavelli á mánudagskvöld. Haukar héldu spennu í leiknum í gær þar til að KR náði að síga fram úr á loka-kaflanum.

### Olísdeild kvenna, undanúrslit

#### Gróttu - Fram 17-16

Markahæstar: Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 6/1 (10/2), Þórey Anna Ásgeirsdóttir 5/1 (8/2), Lovisa Thompson 4 (11) - Ragnheiður Júlíusdóttir 5/1 (21/1), Marthe Sördal 4 (4).

#### Haukar - Stjarnan

Leiknum var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Íslandsmeistarar Gróttu eru komnir í 1-0 forystu gegn Fram eftir æsilegan leik í gær. Fram komst í 8-2 forystu eftir fimmtán mínútna leik en skoraði svo aðeins átta mörk það sem eftir lifði leiks. Anna Úrsúla Guðmundsdóttir skoraði sigurmark Gróttu þegar rúm mínúta var til leiklokka.

**BÆTTU EKKI ÍSLANDSMETIN SÍN** Ólympíufararnir Eygló Ósk Gústafsdóttir, Hrafnhildur Lúthersdóttir og Anton Sveinn McKee kepptu öll á Íslandsmeistaramótinu í sundi í 50 m laug á fyrsta keppnisdegi í gær en bættu ekki tíma sína. Reikna má með að þau séu að stefna á að toppa á Evrópumeistaramótinu í 50 m laug sem fer fram í London í næsta mánuði. Þá synti Bryndís Rún Hansen undir lágmarkinu fyrir EM í London er hún vann gull í 100 m flugsundi á 1:00,58 mínútum. Keppt verður áfram í dag en mótinu lýkur annað kvöld.

## Laugardagur

11.35 Man. City - Stoke	Sport
13.25 Wolfsburg - Augsburg	Sport 4
13.25 Hertha B. - Bayern M.	Bravó
13.30 Formúla E: París	Sport 5
13.50 Liverpool - Newcastle	Sport
13.50 Bournemouth - Chelsea	Sport 2
13.50 Aston Villa - S'ton	Sport 6
13.55 Rayo V. - Real Madrid	Sport 3
16.10 Everton - Man. Utd.	Sport
17.00 Valero Texas Op.	Golfstöðin
18.25 Zagreb - PSG	Sport 3
18.40 Inter - Udinese	Sport
01.00 Box: Golovkin - Wade	Sport 2
02.00 UFC 197	Sport

### Olísdeild karla, undanúrslit

16.00 Haukar - ÍBV	Ásvellir
16.00 Valur - Aftureldin	Valshöll

## Sunnudagur

12.55 Sampdoria - Lazio	Sport 3
12.55 Sunderland - Arsenal	Sport
14.50 Crystal P. - Watford	Sport 2
15.05 Leicester - Swansea	Sport
17.00 Valero Texas Op.	Golfstöðin
17.25 Kiel - Barcelona	Sport
18.40 Fiorentina - Juventus	Sport 2
19.00 Snæfell - Haukar	Sport

### Olísdeild kvenna, undanúrslit

13.30 Stjarnan - Haukar	Mýrin
16.00 Fram - Gróttu	Framhús

## FUNDARBOÐ

### Aðalfundur MS-félags Íslands



Aðalfundur MS-félags Íslands verður haldinn laugardaginn 7. maí 2016 kl. 13 í MS-húsinu að Sléttuvegi 5 í Reykjavík. Húsið opnar kl. 12:30.

#### Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Tillögur félagsmanns að breytingu á 5. gr. er varðar atkvæðisrétt og framboð til stjórnar og nefnda og breytingu á 9. gr. er varðar kjörtímabil formanns verða bornar upp á fundinum. Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu félagsins [www.msfelag.is](http://www.msfelag.is).

Vinsamlega athugið að framboð til stjórnar og nefnda skal tilkynna til skrifstofu eigi síðar en viku fyrir aðalfund og jafnframt að atkvæðisrétt á aðalfundi hafa einungis þeir sem eru skráðir í félagið eigi síðar en viku fyrir fundinn.

Virðingarfyllst,  
Stjórn MS-félags Íslands

# Metleikur á öðrum fætinum

Helena Sverrisdóttir bætti stigametið um ellefu stig þegar hún leiddi Hauka til sigurs á móti Snæfelli í þriðja leik úrslitaeinvígis Domino's-deildar kvenna.

**KÖRFUBOLTI** Haukakonur geta tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn í Stykkishólmi á morgun og með því hreinlega sótt bikarinn í Hólminn þar sem hann hefur verið með heimili undanfarnin tvö ár.

Aðalástæða þess er mögnuð frammistaða Helenu Sverrisdóttur í leik þrjú þar sem hún neitaði að tapa leiknum þrátt fyrir að spila nánast á öðrum fætinum. Helena skoraði 45 stig á 44 mínútum og 50 sekúndum eða meira en stig á mínútu. Hún skoraði tíu stigum meira en næststíghæsti leikmaður Haukaliðsins.

## Algjörlega andsetin

„Svo ég vitni í Ívar Ásgrímsson landsliðsþjálfara þá var Helena algjörlega andsetin inni á vellinum,“ sagði þjálfarinn Ingvar Þór Guðjónsson við Vísi eftir leikinn. Helena meiddist á kálfa í leik eitt og missti af síðustu fimmtán mínútum leiksins.

Haukar voru 40-25 yfir þegar Helena fór af velli en Snæfellskonur unnu síðustu fimmtán mínúturnar 39-25 og svo annan leikinn 69-54 þar sem Helena var ekki með. Helena kom hins vegar til baka í gær og leiddi sitt lið til sigurs. Hún hélt Haukum inn í leiknum í fyrri hálfleik með því að skora 17 af 26 stigum liðsins í fyrri hálfleik (65 prósent).

Helena skoraði síðan 22 stig á síðustu átta mínútum og í framhengingu þar sem Haukaliðið vann

upp tíu stiga forskot Snæfells. Helena skoraði jöfnunarkörfuna tæpum þremur sekúndum fyrir leiklok og gerði síðan 7 af 13 stigum Hauka í framlengingunni.

## Hanna átti metið

Helena bætti 23 ára gamalt met Hönnu Bjargar Kjartansdóttur sem hafði allt frá 23. mars 1993 verið sú íslenska kona sem hafði skorað mest í einum leik í lokaúrslitum kvenna. Hanna skoraði 34 stig í leiknum þegar Keflavík varð fyrsta liðið til að vinna Íslandsmeistaratitil kvenna í úrslitakeppni.

Helena var meira að segja farin að nálgast stigamet hinnar bandarísku Penny Peppas sem er nú sú eina sem hefur skorað meira í einum leik í lokaúrslitum kvenna. Peppas skoraði 49 stig í sigri Blika í fyrsta leik lokaúrslitanna 1995. Blikar unnu einvígð 3-0 og tryggðu sér sinn fyrsta og eina Íslandsmeistaratitil.

## 48 stiga sveifla

Mikilvægi Helenu fyrir Hauka í þessu úrslitaeinvígi sést ekki síst á því að hún er búin að skora 62 stig á 68 mínútum í einvíginu og Haukaliðið er búin að vinna með 21 stigi þegar hún er inni á vellinum en tapa með 27 stigum þegar hún er utan vallar. Fjórði leikur liðanna fer fram í Stykkishólmi annað kvöld. Þar geta Haukar tryggt sér Íslandsmeistaratitil kvenna í fjórða sinn.

## Flest stig íslenskra leikmanna í lokaúrslitum kvenna 1993-2016:

45 – Helena Sverrisdóttir, Haukum (Á móti Snæfelli, 21. apríl 2016)

34 – Hanna B. Kjartansdóttir, Keflavík (Á móti KR, 23. mars 1993)

33 – Helena Sverrisdóttir, Haukum (Á móti Keflavík, 7. apríl 2007)

33 – Unnur Tara Jónsdóttir, KR (Á móti Hamri, 31. mars 2010)

31 – Sara Rún Hinriksdóttir, Keflavík (Á móti Snæfelli, 27. apríl 2015)

30 – Pálína Gunnlaugsdóttir, Keflavík (Á móti KR, 29. apríl 2013)

30 – Hildur Sigurðardóttir, KR (Á móti Haukum, 23. mars 2009)

30 – Hildur Sigurðardóttir, Snæfelli (Á móti Haukum, 2. apríl 2014)

„Þær eru ekki búnar að tapa þarna í tvö ár og hversu sætt væri að vinna Íslandsmeistaratitilinn á þeirra heimavelli. Núna ætla ég bara að njóta þess að hafa unnið þennan leik í kvöld. Mig langar bara að spila aftur núna, þetta er svo skemmtilegt,“ sagði Helena við Stöð 2 Sport eftir leikinn. [ooj@frettabladid.is](mailto:ooj@frettabladid.is)



Helena Sverrisdóttir hefur skorað 62 stig á 68 mínútum í úrslitaeinvíginu og Haukar hafa unnið með 21 stigi þegar hún er á vellinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# 3

# 2

## FYRIR

GILDIR FYRIR ALLA SKÓ Á FULLU VERÐI.  
Þú borgar fyrir þá tvo dýrari og færð þann ódýrasta frítt. Gildir til og með  
sunnudeginum 24. apríl

# AF ÖLLUM SKÓM

Gleðilegt  
sumar

INTERSPORT AKUREYRI / Sími 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA / Sími 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 18. SUN. 13 - 17.

INTERSPORT SELFOSSI / Sími 480 4611 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

**SPORT TO THE PEOPLE**

**INTERSPORT®**

# LOKA- TJELGIN



### CLEVELAND

Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 231 x 140 x 81 cm

**96.766 kr.** ~~119.990 kr.~~

IDdesign



### TWIST

2,5 sæta sófi. Orange, ljósblár eða grár. Viðarfætur. Stærð: 157 x 92 x 95 cm

**88.702 kr.**

~~109.990 kr.~~



### AVELLINO

Svefnsófi. Slitsterkt áklæði. Ljós- og dökkgrár og blár. Góð rúmfataskúffa. Stærð: 214 x 89 x 90 cm

**72.573 kr.**

~~89.990 kr.~~



IDdesign

### CLEVELAND

Hornsófi með tungu. Hægri eða vinstri tunga. Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 308 x 140/203 x 81 cm

**153.218 kr.**

~~189.990 kr.~~



Tveggja sæta sófi. 162 x 90 x 78 cm

**72.573 kr.** ~~89.990 kr.~~

### KIRUNA

Dökkgrátt slitsterkt áklæði.

Þriggja sæta sófi. 227 x 90 x 78 cm

**80.637 kr.** ~~99.990 kr.~~



### FRIDAY

Hornsófi með hvíld. Dökkgrátt eða brúnt áklæði. Stærð: 370 x 187 x 90 cm

**258.056 kr.**

~~319.990 kr.~~



### FRIDAY

Tungusófi, hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt eða brúnt áklæði. Stærð: 260 x 170 x 87 cm.

**145.153 kr.**

~~179.990 kr.~~



### PINTO

Hornsófi. 2H3 eða 3H2. Slitsterkt áklæði, grátt eða svart. Hátt bak og situr vel. Stærð: 260 x 210 x 88 cm.

**161.282 kr.** ~~199.990 kr.~~



### COSTA

Tungusófi, hægri eða vinstri tunga. Vandað slitsterkt áklæði. Stærð: 305 x 215 x 84 cm Aukahlutir á mynd: Hnakkapúðar

**322.573 kr.**

~~399.990 kr.~~

Reykjavík 10 – 18 virka daga  
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga  
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga  
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður  
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is  
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.

# SÓFAR

# TAXFREE

# HELOKKA!

Allir sófar á taxfree tilboði\*



IDdesign

## KIRUNA

U-sófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 301 x 200 x 78 cm

**193.540 kr.** ~~239.990 kr.~~

## furninova

### VESTA

Tungusófi, hægri og vinstri tunga. Divine antrazit eða grár. Stærð: 295 x 94/160 x 74 cm



**241.927 kr.**

~~299.990 kr.~~



Þú finnur SÓFA-TAXFREE-blaðið á [husgagnahollin.is](http://husgagnahollin.is)



## furninova

### PASO DOBLE

Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Grátt eða brúnt slitsterkt áklæði. Stærð: 300 x 100/150 x 95 cm

**298.379 kr.**

~~369.990 kr.~~

\* Taxfree tilboðið gildir bara á sófum og jafngildir 19,35% afslætti.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

**HÚSGAGNA HÖLLIN**

Hópurinn er býsna fjölbreyttur og má þar af leiðandi gera ráð fyrir að verkin séu það líka.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Greiðslupáttaka í heilbrigðisþjónustu

**Málþing þriðjudaginn 26. apríl 2016**  
kl. 13:00 – 16:00 á Hilton Reykjavík Nordica

Kostnaður almennings vegna heilbrigðisþjónustu hefur aukist umtalsvert á undanförunum árum og er mörgum þungur baggi.

Á málþingi um greiðslupáttöku í heilbrigðisþjónustu verða kynntar áherslur Öryrkjabandalags Ísland og fjallað verður um frumvarp heilbrigðisráðherra um nýtt greiðslukerfi vegna heilbrigðisþjónustu sem lagt var fram á dögnum.

Kynnt verður skýrsla með tillögum ÖBÍ um greiðslupáttöku í heilbrigðiskerfinu.

### Dagskrá

- 13:00 Ávarp formanns  
**Ellen Calmon** formaður ÖBÍ
- 13:10 Áherslur ÖBÍ um kostnað sjúklinga  
**Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir** formaður málefnaþóps ÖBÍ um heilbrigðismál
- 13:40 Gjörbreytt greiðslupáttaka sjúklinga - Nýtt greiðslupáttökakerfi  
**Margrét Björk Svavarsdóttir** sérfræðingur hjá Velferðarráðuneytinu
- 14:10 Nýtt greiðslupáttökakerfi í heilbrigðisþjónustu  
**Gunnar Alexander Ólafsson** hagfræðingur
- 14:40 Kaffihlé
- 15:00 **Pallborðsumræður**
- 16:00 Þingslit  
**Halldór Sævar Guðbergsson** varaformaður ÖBÍ

Fundarstjóri: **Kolbeinn Óttarsson Proppé**

Rit- og tákn málstúlkun í boði  
Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir



# Ætlum að festa í þetta í sessi

Fyrsta árs myndlistarnemar við Listaháskóla Íslands blása til markaðar í dag þar sem persónuleg verk í bland við skólaverk eru í boði.

Guðrún  
Ansnes  
gudrun@frettabladid.is



Við erum góður hópur úr bekknum og ætlum að mæta með verkin okkar á Kex í dag. Ætli þetta sé ekki um helm-ingur bekkjarins, en við erum 33 í heildina, svo af nægu verður að taka," segir myndlistarneminn Vera Hilmarsdóttir sem stendur fyrir myndlistarmarkaði á Kexi hosteli frá klukkan 11 til 18 í dag.

Um ræðir framtak fyrsta árs nema við myndlistardeild Listaháskóla Íslands, sem Vera segir að sé einstaklega samheldinn og góður árgangur. „Hver og einn kemur með sín verk og er allur gangur á hve mörg, það er bara mismunandi. Verkin eru bæði persónuleg og svo það sem unnið hefur verið í skólanum, sem gerir þetta skemmtilegt," segir Vera og undirstrikar þannig að hægt verði að sjá flórana eins og hún leggur sig í verkum nemanna, sem koma úr ýmsum áttum.

Er þetta í annað skiptið sem bekkurinn tekur sig saman og heldur slíkan markað en frumraunin var síðasta haust, þá líka á Kexi þar

sem Vera segir þau kunna býsna vel við sig. Vera er upphafskona þessa framtaks og er að vonum alsæl með hvernig málin hafa þróast. „Við erum í innri salnum á Kexi. Þannig að það er kjörið fyrir fólk að fá sér eitthvað að borða og skoða svo það sem við höfum upp á að bjóða.“

Hún segir viðburð sem þennan skipta máli fyrir ungt fólk sem vilji koma sér á framfæri en hugmyndin og framkvæmdin er alfar- id í höndum nemendanna sjálfra. „Við viljum festa þetta í sessi. Þetta er frábært tækifæri fyrir fólk til að kynnast ungum listamönnum og sjá hvað er í gangi. Þá er þetta ekki síður finn möguleiki fyrir fólk sem hefur áhuga á að styðja við bakið á ungu listafólki með því að kaupa verkin okkar. Fyrir okkur er þetta svo auðvitað tækifæri til að eignast kannski smá pening og sömuleiðis að koma okkur á framfæri," útskýrir Vera. Spurð um hvort hún eigi von á að listamennirnir muni græða fúlgur fjár skellir hún aftur uppúr og segir: „Ætli það verði ekki bara mismunandi. Verkin kosta allt frá fimmhundraðkalli og upp í nokkra fimmþúsundkalla.“ Hún segir það velta allt saman á hve langur tími fari í vinnslu viðkomandi verks og efniskostnaði, svo það sé ómögulegt að henda fram stöðluðu verði.



# VORDAGAR CITROËN

Ráðgjafar okkar eru í sérstöku samningsstuði í dag  
– nýttu tækifærið



**C1**  
Verð frá 1.849.000 kr.



**C3**  
Verð frá 2.290.000 kr.



**C4 Cactus**  
Verð frá 2.690.000 kr.



**C4**  
Verð frá 2.990.000 kr.



**C4 Picasso**  
Verð frá 3.740.000 kr.



**Grand C4 Picasso**  
Verð frá 4.090.000 kr.



**#VertuCactus!** *Taktu þátt í leiknum*

Kaktusar eru harðgerðir, lifa á nánast engu og verja sig á snjallan hátt. Það sama má segja um Citroën C4 Cactus.

**Taktu mynd af þér með Citroën C4 Cactus og þú gætir unnið gjafabréf frá Icelandair að verðmæti 200.000 kr.**

Settu #VertuCactus við myndina þína og birtu á Facebook, Instagram eða Twitter og þú ert með í leiknum. Heppinn þátttakandi verður dreginn út 6. maí.

## ÚRVAL GLÆSILEGRA CITROËN BÍLA

**Komdu og skoðaðu úrval glæsilegra Citroën bíla. Ýmis vortilboð í gangi – nú er tækifærið.** Citroën bílar eru þekktir fyrir hagnýta hönnun, sparneyni og lágan rekstrarkostnað. Þar að auki eru þeir sérstaklega glæsilegir og nýstárlegir.

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

[citroen.is](http://citroen.is)

Nýir og notaðir bílar: Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16  
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

**brimborg**  
Öruggur staður til að vera á

## SAGA RAPPSINS



1997 Platan Central Magnetizm með Subterranean kom út. **Quashi** gefur út plötu.

2000 Blaz Roca og Sesar A eru meðal fárra sem rappa á íslensku. Skyttarnar rappa líka á íslensku úti á landi. XXX Rottweiler vinnur Músiktilraunir.



2001 XXX Rottweiler og Sesar A gefa út rappplötur á íslensku. Senan vaknar.



2002-2005 Þessi ár kemur út fjöldinn allur af plötum: Bent & 7berg – Góða ferð, Afkvæmi guðanna – Ævisögur, Bæjarins bestu – Tónlist til að slást við, Skyttarnar – Illgresið, Forgotten Loes – Týndi hlekkurinn.

2006-2010 Útgáfa á íslensku rappi lendir í smá lægð á þessum árum. Menn spila fyrir bjór á skemmtistöðum og útgáfufyrirtækin sýna rappi a.m.k. ekki sama áhuga og á gullárum rappsins. Lög koma út á netinu, viðburðir eru haldnir en endurnýjun lítill og engir peningar.

2010-2013 Hlutirnir fara að gerast á ný, nýir leikmenn fara að verða til. Emmsjé Gauti gefur út Bara ég 2011, Úlfur Úlfur ris upp úr rústum Bróður Svartúlfs, **Gísli Pálmi** gefur út myndbandið við Set mig í gang og allt verður gjör-samlega vitlaust.



2014-2016 Rappið er endanlega orðið „mainstream“. Sveitaballarokkið er horfið og Emmsjé Gauti og Úlfur Úlfur eru komnir í staðinn. Gísli Pálmi selur bilfarma af geisladiskum. Alls konar plötur koma út og eru spilaðar á Rás 2 eins og ekkert sé. **Kött Grá Þjé** á heitasta lagið á landinu heilt sumar, Úlfur Úlfur spilar þegar Andri Snær tilkynnir framboð sitt til forseta Íslands, Gauti er kynnr í Ísland Got Talent og fólk hneykslast á Gísli Pálma blóta á RÚV.



## Rapp í Reykjavík

Ólöf

Skaftadóttir

olof@frettabladid.is

Stefán Þór Hjartarson

stefanthor@frettabladid.is



Auðvelt er að færa rök fyrir því að íslenskt rapp sé á blómaskeiði. Hér er farið stuttlega yfir söguna og stöðuna.

## GÍSLI PÁLMI BREYTTI SENUNNI

Gísli Pálmi hefur verið þekktur í íslensku rappsennunni síðan lagið Set mig í gang kom út árið 2011. Þar stóð Gísli Pálmi ber að ofan fyrir framan Range Rover-jeppa og rapaði. Síðan fylgdu fleiri lög og myndbönd og síðar plata, sem kom út í fyrri.

„Ég man varla eftir öðru eins,“ sagði Ásmundur Jónsson, eigandi plötuútgáfunnar og verslunarinnar Smekkleysu, um sölu á plötu rapparans í viðtali.

Það varð brátt ljóst að Gísli Pálmi hafði breytt íslensku rappsennunni.

Textar Gísla vekja gjarnan eftirtekt, en þeir fjalla oft á tíðum um eitruyf og ýmislegt sem gæti flokkast undir misferli. Í viðtali við Rokkland á Rás 2 sagði Gísli:

„Hvaða góðir tónlistarmenn eru góðar fyrirmyndir? Það er ekki það sem ég er að reyna að skapa. Þetta er bara lífsreynslan mín og ég reyni meira að segja að fela hlutina, dempa þá niður og dulkóða þá. Auðvitað er þetta gróft sums staðar en þetta er raunveruleikinn eins og hann er,“ sagði Gísli Pálmi í þættinum.

## ALLTAF VITAÐ AÐ RAPP ER NETT

„Ég var byrjaður að hlusta á rapp, en þegar Rottweiler unnu Músiktilraunir fer ég að semja sjálfur. Þá hugsaði ég, þetta er alveg hægt á íslensku. Ég hafði prófað að semja á ensku, þegar ég var 11 ára, djúpa og flotta enska texta. Sem betur fer fór það aldrei á netið,“ segir Gauti Þeyr Másson, betur þekktur sem Emmsjé Gauti. Hann hóf ferilinn um 2002 og hefur verið rappandi meirihluta ævi sinnar, en hann er fæddur 1989. Gauti hefur gefið út tvær plötur, Bara ég, og Þeyr, en sú þriðja er væntanleg. „Senan varð kúl með Rottweiler en síðan kom aftur lægð. Þetta kemur í bylgjum. Rapp hætti að vera nett, en það verður að gerast stundum til að sigta út lúðana sem eru að rappa því öðrum finnst það nett. Svo sprakk þetta aftur út 2013.“ Gauti nefnir Gísli Pálma og Úlf Úlf. „Þessir gaurar eru með risa tónleika og það er uppselt. Andri Snær býður sig fram til forseta og vill Úlf Úlf til að spila fyrir sig. Gísli Marteinn er farinn að segja, bara ég og strákarnir,“ segir Gauti hlæjandi og vísar í eitt vinsælasta lag sitt sem heitir einmitt Strákarnir.

„Fólk er búið að átta sig á því sem ég hef alltaf vítað. Rapp er nett.“

ANDRI SNÆR  
BÝÐUR SIG  
FRAM TIL FORSETA OG  
VILL ÚLF ÚLF TIL AÐ SPILA.



## ÉG ER FAÐIR HALLDÓR

Halldór Halldórsson, betur þekktur sem Dóri DNA tekur rappara Reykjavíkur tali í heimildarþáttunum Rapp í Reykjavík sem hefja göngu sína á Stöð 2 á sunnudagskvöld.

„Undanfarin ár hefur eitthvað rosalegt verið að grassera sem svo sprakk út árið 2015. Við vildum bara heyra í þessu liði. Taka púlsinn. Þetta eru miklir listamenn, fjöllistamenn, ekki bara rapparar og söngvarar og tónlistarmenn heldur leikstjórar, hönnuðir og gjörnunglistamenn. Þeir eru geggjáð dótt. Íslenskt rapp er svo stórt og geggjáð núna – ekki bara eitthvað sem maður heyrir heldur sér,“ segir Dóri.

„Gísli Pálmi finnst mér bilaður – svo Emmsjé Gauti og Arnar úr Úlfur Úlfur. Blær úr Reykjavíkurdætrum er líka með þeim nettari – Salka og Jóhanna geggjáðar. Ég hlusta líka á allt sem Alexander Jarl gefur út. Erpur og Bent verða bara betri og betri. Hr. Hnetusmjör og Joe Frazier er líka drullu geggjáðir. GKR. Æ, vá, ég nefni eiginlega alla. Ég dýrka þetta. Íslenskt rapp í dag er hláðborð og veisla, ólíkir listamenn, ólík tónlist og endalaus uppspretta af gulli.“

Dóri DNA var ungur þegar hann hóf ferilinn í rappi, 12 ára rapaði hann ásamt lúðrasveit Mosfellsbæjar á alþjóðlegu lúðrasveitarmóti í Gautaborg. Síðan lenti hann í þriðja sæti á Rimnaflæði árið 2000

með raphljómsveitinni Lyrical Science Crew. Dóri kynntist svo Daniel Ólafssyni, betur þekktum sem Danna Deluxe, sem var vinur strákanna í XXX Rottweiler hundum og í Afkvæmum guðanna. Þeir stofnuðu Bæjarins bestu og má kalla það hátind ferils Dóra. Síðan hafa margir bæst í rappflórana.

En hvernig er tilfinningin að vera svona hálfgerður þessi rapp í þáttunum?

„Hún er fin. Ég er faðir Halldór. Ég var mjög ungur á sínum tíma þegar ég byrjaði í rappi, gaf út plötu 17 ára. Er núna þritugur svo mér líður ekkert eins og einhverjum Bitli innan um þetta lið,“ segir Dóri og hlær.

„Þetta er fólk á minni bylgjulengd, með sömu hugdæfni. Allir skemmtilegir. Hvort sem það er að láta Alexander Jarl pakka mér saman í jiu jitsu í Mjólni, eða tsjilla með Blævi úr Reykjavíkurdætrum baksvíðs í Borgarleikhúsinu.“

Hvernig hefur senan breyst síðan þú varst á hátindi ferilsins?

„Þetta er svalara, á sér breiðari hlustendahóp, fylgir alþjóðlegu trendi og æ, mér finnst þetta almennt miklu geggjáðra. Svo er þetta orðið svo sjónrænt. Einu sinni var svo mikið vesen að gera myndband, hvað þá flott myndband. Núna geta allir hent í eitthvað. Mér finnst líka menn orðnir færari í því að rappa á íslensku. Búinir að finna rypmann betur og það á líka við um

AUÐVITAÐ  
ER ÞETTA GRÓFT  
SUMS STAÐAR EN  
ÞETTA ER RAUN-  
VERULEIKINN  
EINS OG HANN ER.



## SENAN ER Á HEIMSMÆLIKVARÐA

„Hip hop er alls ataðar að verða vinsælla. Það sem er að gerast á Íslandi er að öll framleiðsla er komin á heimsmælikvarða. Allt í einu er hægt að bera íslensku senuna saman við útlönd,“ segir Arnar Guðni Jónsson, betur þekktur sem Prince Puffin úr Shades of Reykjavík. Allt frá því að Shades of Reykjavík sendi frá sér sitt fyrsta lag, fyrir um fimm árum, hafa þeir farið frumlegar leiðir og vakið athygli.

„Það hefur ekki sist að gera með tæknina. Okkar fyrstu lög voru gerð í stofunni heima.“ Hann segir íslensku senuna hafa breyst.

„Einu sinni snerist rapp um að segja frá lífi þínu, sem er alveg enn þá en lögin snúast miklu meira

um væb. Þú þarft ekkert að skilja allt. Þess vegna eru t.d. gæjar frá Niepye-Kóreu að slá í gegn í Bandaríkjunum, en rappa samt á kóresku. Það er verið að leita að flæði. Bitin og taktarnir á Íslandi eru á heimsmælikvarða,“ útskýrir Arnar, sem er á leið til BNA í tónleikaferðalag. „Það voru einhverjir amerískir gæjar sem fundu okkur á Youtube og Emmi Beats, úr Shades of Reykjavík, endaði á því að pródúsera hálfu plötuna þeirra!“

Arnar segist hafa ástríðu fyrir rappi. „Mann langar til þess að búa til eitthvað sem lifir með fólki. Hjú okkur snýst þetta ekki um peninga, heldur hvað þú gerir og hvernig manneskja þú ert.“



ÉG DÝRKA  
ÞETTA.  
ÍSLENSKT  
RAPP Í DAG ER HLÁÐBORD  
OG VEISLA, ÓLÍKIR LISTA-  
MENN, ÓLÍK TÓNLIST OG  
ENDALAUS UPPSPRETTA  
AF GULLI.

menn eins og Bent og Erp sem eru enn þá að.“

Dóri segist hlusta mikið á íslenskt rapp, en er sjálfur hættur. „Já, ég vaknaði upp einn daginn, fljótlega eftir að Gísli Pálmi gaf út Set mig í gang. Horfði í spegil og hugsaði: Ég er ekkert þarna lengur. Þá var líka uppstandið og leikhúsið farið að freista mín. Ég valdi rétt.“





**43"** **PHILIPS**  
**ULTRA HD 4K UPPLAUSN**



Philips 43PUT4900

43" LED sjónvarp með Ultra HD 4K 3840 x 2160p upplausn og Pixel Plus Ultra HD. Micro Dimming bakljúsing. 400 Hz Perfect Motion Rate. Dual Core örgjörvi. Stafræn DVB-T2/S2 móttakari. Gervihnattamóttakari. 2 x USB. 3 x HDMI. USB upptaka. Scart, Component. Heyrnátölstengi. Ethernet, Optical út & CI rauf.

**TILBOÐ**

**89.995**

VERÐ ÁÐUR 119.995

# GEGGJUÐ TILBOÐ AÐEINS TVEIR DAGAR

GILDIR AÐEINS FÖSTUDAG OG LAUGARDAG



**vestfrost**

**ÍSLENSKT  
STJÓRNBOÐ**

Vestfrost WM8400

1400sn þvottavél með stafrænu kerfisvali og hitastilli. 55L tromla. Tekur 8kg. LCD skjár. 15 þvottakerfi. 15 mín hraðkerfi. Stafræn niðurtalning. Þvott hæfni A. Vinduhæfni B. Kolalaus mótör. Orkunýting A+++ . Staerð (bxhxd): 60 x 85 x 53 cm.

**TILBOÐ**  
**59.995**

VERÐ ÁÐUR 79.995

**PHILIPS**  
*Senseo*



Philips HD787060

1450w SENSEO Twist kaffivél með snertitökkum. 2 styrkstillingar. Stillanleg hæð á stúti. Hver bolli er forskur og með lagi af froðu. Slekkur á sér eftir 15 mín.

**TILBOÐ**  
**9.995**

VERÐ ÁÐUR 17.995



**PHILIPS**

Philips SHL5100BP

Opin CitiShape Strada heyrnatól með 32mm Neodymium hátölurum. Hljóðnemi og svarhnappur fyrir handfrjálsa notkun.



**TILBOÐ**  
**1.995**

VERÐ ÁÐUR 4.995

12 MÁNAÐA  
VAXTALAUSAR GREIÐSLUR



**Heimilistæki** ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT



## FORGOTTEN LORES

Forgotten Lores kemur að mestu úr Árbænum og var skipað Didda Fel (Kristinn H. Sævarsson), Class B (Baldvin Þór Magnússon), Byrki B (Birkir Björns Halldórsson), Introbeats (Ársæll Þór Ingvason) og B-Ruff (Benedikt Freyr Jónsson). FL, eins

og þeir voru kallaðir, gáfu út tvær plötur: Tynði Hlekkurinn (2003) og Að heimsenda (2006). Fyrst röppuðu þeir á ensku en skiptu svo í íslensku. FL kom lengi vel fram með live hljómsveit, sem fær rappsveitir hafa leikið eftir hér á landi.

## VIÐ ERUM ENNÞÁ AÐALGAURARNIR

Ágúst Bent, betur þekktur sem Bent, er hluti af rappsveitinni XXX-Rottweiler. Hann hefur einnig gefið út tónlist sjálfur, undir nafninu Bent. Hann segir mikið hafa breyst í rapp-senunni undanfarið. Allt sé miklu skemmtilegra í dag.

„Melódískara og léttara í lund. Krakkar í dag þora að dansa, ég elska það.“

Voru Rottweiler frumkvöðlar í rapp-senunni sem ruddu brautina fyrir það sem síðar kom?

„Já.“

Er ungu rappararnir betri en þið, sem voruð aðalgaurnir?

„Við erum enn þá aðalgaurnir, ekki rífa kjaft.“

**KRAKKAR Í DAG ÞORA AÐ DANSA, ÉG ELSKA ÞAÐ.**



## MEIKUÐU ÞAÐ

Quarashi er ein af fyrstu rappsveitum á Íslandi og gaf út plötu 1997 þegar rapp var ekkert sérstaklega vinsælt. Þeir rappa á ensku og „meikuðu það“, hafa spilað um allan heim og urðu stórir í Japan eins og frægt er. Að vissu leyti hefur Quarashi staðið fyrir utan íslensku rappsennuna, mögulega vegna vinsælda sinna og rokk-áherslna. Í Quarashi hafa orðið nokkrar mannabreytingar en Sölvi Blöndal og Steinar Orri Fjeldsted hafa verið hjarta bandsins gegnum tíðina en auk þeirra voru þarna Höskuldur Ólafsson, Omar Swarez og Tiny að rappa auk ýmissa hljóðfæraleikara.

**SÖLVI BLÖNDAL OG STEINAR ORRI HAFU VERIÐ HJARTA BANDSINS Í GEGNUM TÍÐINA.**



## FYRSTA „ALVÖRU“ RAPPSVEITIN

Subterranean var fyrsta „alvöru“ rapphljómsveitin til að gefa út plötu á Íslandi en margir rapphausar telja ekki Quarashi-plötuna sem kom út sama ár með, mögulega vegna þess að á henni heyrðist í rafmagnsgitrum. Central Magnitizm heitir platan og er stórmerkileg í raun og veru; þarna gáfu nokkrir unglingar út frekar heilsteypta rappplötu þegar það var í raun engin sena fyrir og auk þess var stelpa að rappa, eitt-hvað sem hefur því miður ekki farið mikið fyrir á Íslandi þó að það séu næstum 20 ár síðan platan kom út. Cell 7 (Ragna Kjartansdóttir) er enn að rappa og Magse (Magnús Jónsson) er núna að gera reggae með AmabAdamA.



## UPP ÚR SAUÐ MILLI MÓRA OG ERPS

Rappararnir Móri og Erpur, betur þekktur sem Blaz Roca, áttu í opinberum deilum í fjölmiðlum árið 2010. Deilan snerist aðallega um hvor þeirra væri meiri frumkvöðull í rappi.

Til stóð að Móri og Erpur græfu stríðsöxina í þættinum Harmageddon á X-inu. Móri mætti í viðtalið vopnaður hnif og rafbyssu, með Doberman-hund. Upp úr sauð. Erpur átti fótum fjör að launa.

Málið velktist um í réttarkerfinu, en endaði með ákæru á hendur Móra fyrir að hóta Erpi með hnifnum. Þá var hann ákærður fyrir vopnalagabrot vegna rafbyssunnar sem hann hafði á sér. Móri játaði sök fyrir dómi 2013.

Erpur sagði um árásina í viðtali.

„Hann [Móri] ýtir í mig og fer að

**ÉG HLEYP Í BURTU OG HANN**

**REYNIR AÐ STINGA MIG. ÉG**

**TEK ÞÁ MOPPU OG LEM**

**HANN Í HAUSINN.**

þenja sig. Ég grip þá í hann og keyri á hann. Hann dettur og fer að kyla mig. Þegar ég held honum niðri dregur hann upp hnif og byrjar að sveifla honum á fullu. Ég hleyp í burtu og hann reynir að stinga mig. Ég tek þá moppu og lem hann í hausinn. Þessi hundur var latasti hundur sem ég hef séð. Ég þakka fyrir það.“



## RAPPIÐ TÓK KRÚTTKYNSLÓÐINA YFIR

„Ég get ekki heyrt á krúttkynslóðina minnst, ég er ólétt og meika það ekki. Ég held að við eigum að gleyma þessari kynslóð og þess vegna er gott að rappið hafi tekið yfir. En þetta er meira en kynslóð, því Erpur er t.d. mjög gamall, fæddur um 1940, og ég er mjög ung eins og Herra Hnetusmjör,“ segir Kólfína Nikulásdóttir, betur þekkt sem Kylfan, meðlimur Reykjavíkurdætra.

Reykjavíkurdætur komu líkt og ferskur, feminískur blær inn í rappmenningu með fyrsta lagi sínu, sem heitir einfaldlega Reykjavíkurdætur. Lagið var frumflutt á Vísí í desember 2013. Síðan hefur sveitin sent frá sér fjölda laga, stundum skipta þær sér upp í minni hópa og stundum koma nýjar inn og aðrar detta út.

Þær koma oftast fram í stórum hópum og eru þekktar fyrir ögrandi sviðsframkomu. Fræg er innkoma þeirra í þátt Gísla Marteins, þar sem Ágústu Evu Erlendsdóttur, gesti í þættinum, ofbauð framkoma þeirra



og lét hún sig hverfa úr útsendingu. Þá varð mikið fjölmiðlamál þegar púað var á Reykjavíkurdætur sem svöruðu í sömu mynt á grunnskólahátíð í Hafnarfirði í febrúar í fyrra.

Umdeildar, en klárlega mikilvægt innlegg í rappsennuna á Íslandi.

**ÉG GET EKKI HEYRT Á KRÚTTKYNSLÓÐINA MINNST.**

## SJÚKARI EN MYNDARLEGUR KVENMAÐUR AÐ KÚKA

Arnar Freyr og Helgi Sæmundur eru báðir frá Sauðárkróki og skipa Úlf Úlf. Báðir hafa þeir verið lengi að þrætt fyrir að hafa ekki stofnað Úlf Úlf fyrr en 2011. Helgi rappaði sem Evilmind og sigraði í Rímnaflæði 2002, Arnar var Talandi Tungu og gerði allt vitlaust með laginu Talandi Tungum 2004 þar sem hann rappaði hratt og sagðist m.a. vera „sjúkari en myndarlegur kvenmaður að kúka“. Þeir hafa gefið út tvær plötur, Föstudaginn langa og Tvær plánetur, og eru í dag ein vinsælasta hljómsveit á landinu.




## UPPREISN SNÍPSINS OG ALLT ÞAÐ

Kött Grá Þjé er dularfullur rappari og skáld frá Akureyri sem trónaði á toppi vinsældalista Rásar 2 heilt sumar og á vers aldarinnar í laginu Brennum allt með Úlfi Úlfi.

„Íslenskt rapp er ennþá óttalegur búningsklefi, kynjahlutföllin eru þannig að afgerandi hallar á stelpur. Reykjavíkurdætur eru náttúrulega samfélagstíla út af fyrir sig en eru þrætt fyrir allt bara eitt band. En áhrifin verða naumast ofmetin, dildórnir og sjónarhornið sem allt í einu varð til, aftan á karlpung á fjórum fótum. En rétt undir yfirborðinu er

**ÉG ER HRIFINN AF TRUKKINU, OFFORSINU, GREDDUNNI.**

líka slæðingur af stelpum að gera dót sem ekki er komið alla leið í útvarp en er á leiðinni. Krakk&Spaggetti, Alvía og fleiri. Ég er hrifinn af trukkínu, offorsinu, greddunni. Uppreisn snípsins og allt það. Þessir hlutir eru að breytast hratt.“



GKR er nýliði í íslensku rappi, hreinskilinn ljúflingur sem útskrifaðist úr Myndlistaskólanum og rappaði sig svo inn í hjörtu allra með lagi um að borða morgunmat.



Herra Hnetusmjör gaf út sitt fyrsta lag, Elías, 2014. Síðan hefur rapparinn, ráðherrasonur úr Kópavogi, unnið með öðrum á borð við Blaz Roca, Joe Frazier og Helga Sæmundi úr Úlfi Úlfi.




Sturla Atlas er annað nafn Sigurbjarts Sturlu Atlasonar en líka fjöllistahópur sem, ásamt Sturlu, er skipaður Loga Pedro Stefánssyni og Jóhanni Kristófer Stefánssyni. Þeir gera tónlist, selja fót og ljósmyndir.



Quiet confidence

# Nýr Hyundai Santa Fe

Fjór hjóladrif, sjálfskipting, 200 hestafla dísilvél



ENNEMM / SÍA / NM74971



## 5 ára ábyrgð – Ótakmarkaður akstur

Hyundai Santa Fe er glæsilegasti bíllinn í Hyundai fjölskyldunni. Nýr Santa Fe er nú með 200 hestafla, 2,2 lítra dísilvél og fjölda tæknilegra öryggisatriða sem auka öryggi og auðvelda ökumanni að bregðast rétt við mismunandi aðstæðum. Komdu og upplifðu gæði Hyundai í reynsluakstri á nýjum Hyundai Santa Fe með fimm ára ábyrgð.

Hyundai Santa Fe - Verð frá: 6.990.000 kr.



NEW THINKING.  
NEW POSSIBILITIES.



Dísilvél 2,2 lítrar, 200 hestöfl, eldsneytisnotkun 8,9 l/100 km\*. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð.  
\*Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

Hyundai / Kaupþúni 1 / Sími 575 1200 / [www.hyundai.is](http://www.hyundai.is) OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16



#### Fjölskyldur 23 barna fengu ferðastyrk Vildarbarna

23 börnum og fjölskyldum þeirra, samtals um 120 manns, var afhentur ferðastyrkur úr sjóðnum Vildarbörn Icelandair á sumardaginn fyrsta, 21. apríl sl. Alls hafa 550 fjölskyldur notið stuðnings sjóðsins frá stofnun hans fyrir 13 árum. Sjóðurinn er fjármagnaður með beinu fjárframlagi Icelandair, frjálsum framlögum, söfnun myntar og sölu á Vildarenglinum um borð í vélum Icelandair, söfnunarbaukum á Keflavíkurlugvelli og á söluskrifstofum Icelandair. Sambíóin gefa síðan Vildarbörnum miða á bíósýningar hjá sér.

Starfsemi Vildarbarna Icelandair byggir á hugmyndum og frumkvæði Peggy Helgason, eiginkonu Sigurðar Helgasonar fyrirverandi forstjóra Flugleiða og

núverandi stjórnarformanns Icelandair Group. Peggy, sem um árabíl hefur stutt fjölskyldur fjölda veikra barna með ýmsum hætti, situr í stjórn Vildarbarna, Sigurður er formaður stjórnar og frú Vigdís Finnbogadóttir er verndari sjóðsins. Markmið sjóðsins er að gefa langveikum börnum, foreldrum þeirra og systkinum, tækifæri til þess að fara í draumaferð sem þau ættu annars ekki kost á.

Á myndinni eru styrkþegar ásamt stjórnendum Vildarbarna við úthlutun. Það er auðvelt að gerast Vildarvinur – allar upplýsingar er að finna á [www.vildarborn.is](http://www.vildarborn.is)



ISLENSKA SVALE ICE 70365 04/16



Vildarbörn Icelandair

 Vertu með okkur

**ICELANDAIR**




# Forsetar Íslands í áráanna rás



Stefán Rafn Sigurbjörnsson stefanrafn@frettabladid.is

Íslendingar ganga að kjörborðinu í lok júní til að kjósa forseta en Ólafur Ragnar Grímsson hefur gefið kost á sér í sjötta sinn. Hver og einn forseti hafði sínar hugmyndir um embættið og gengu þær mislangt í að hlutast til um gang samfélagsmála á Íslandi. Hér verður farið stuttlega yfir sögu þeirra.



1944–1952 | SVEINN BJÖRNSSON

## Sameiningartáknið íhlutunarsama

Á lýðveldishátíðinni 17. júní 1944 var Sveinn Björnsson kjörinn fyrsti forseti Íslands.

Sveinn var þá umdeildur stjórnmalamaður. Segja má að kosningin sjálf hafi ekki endurspeglad þann hátiðarbrag sem var á Þingvöllum þennan dag en Sveinn hlaut einungis atkvæði 30 þeirra 52 þingmanna sem þá sátu á Alþingi. En þá var forseti kosinn af Alþingi.

Í ríkisstjórnartíð sinni skipaði Sveinn fyrstu og einu utanþingsstjórn sem starfað hefur á Íslandi, undir forystu Björns Þórðarsonar árið 1942 í kjölfar stjórnarkreppu.

Í forsetatíð sinni þótti stjórnmalamönnum Sveinn vera full íhlutunarsamur um stjórnarmyndanir, sér í lagi árin 1947 og 1950. Tvívegis var lagt hart að honum að synja lögum

Ég tek nú við forsetastarfinu með óbreyttum ásetningi um að rækja störf mín samkvæmt viðurkenndum venjum nútímans í lýðfrjálsum ríkjum, þar sem þjóðhöfðingjavaldið er þingbundið.

um Keflavíkursamninginn og aðild Íslands að NATO en í hvorugt skipti lét hann undan. Sveinn var þeirrar skoðunar að málskotsrétti ætti bara að beita í ytrustu neyð.

Sveinn er eini forseti Íslands sem hefur dáið í embætti, en hann féll frá eftir veikindi árið 1952.

1952–1968 | ÁSGEIR ÁSGEIRSSON

## Völdin á bak við tjöldin

Eftir andlát Sveins Björnssonar rann upp fyrir almenningi og stjórnmalamönnum að senn gengju í garð fyrstu almennu forsetakosningarnar þar sem almenningur hafði lokaorðið.

Stjórnmalaflokkarnir á Alþingi hugsuðu sér gott til glóðarinnar byrjuðu strax að hlutast til um hver yrði verðugur arftaki Sveins. Ólafi Thors, sem þá var formaður Sjálfstæðisflokksins, hafði þótt Sveinn of ihlutunarsamur sem forseti.

Forystumenn stjórnarflokka þess tíma, Sjálfstæðisflokks og Framsóknar, sammæltust um að séra Bjarni Jónsson vígslubiskup yrði þeirra frambjóðandi.

Ásgeir Ásgeirsson, sem hafði unnið sér til frægðar að vera þingmaður Framsóknar og Alþýðuflokks, þingforseti og forsætisráðherra, lét stjórnarflokkana ekki draga úr sér kjark og lét slag standa. „Forsetaefni þjóðarinnar“ og „Fólkið velur forsetann“ voru fyrirsagnir í stuðningsriti Ásgeirs sem hefur vafalaust haft sín áhrif enda bar hann sigurorð af Bjarna í kosningunum, þó með litlum mun.

Ásgeir, sem var stuðningsmaður vestrænnar samvinnu, beitti sér gegn því að Alþýðubandalagið ætti aðild að ríkisstjórn og lýsti þeirri skoðun sinni við erlenda ráðamenn að hann væri andvirgur stefnu vinstri stjórnarinnar sem tók við völdum 1956 um að reka herinn af landi brott. Við stjórnarmyndun 1958 hlutaðist



Það er þjóðar nauðsyn að áhrif forsetans til samstarfs og sátta séu sem ríkust, og þá sérstaklega, þegar stjórnarmyndun stendur fyrir dyrum.

hann til um að Hermann Jónasson, formaður Framsóknarflokksins, fengi ekki umboð til að glæða vinstri stjórnina aftur lífi heldur greiddi Ásgeir götu þess að Viðreisnarstjórn yrði mynduð.

Segja má að Ásgeir hafi verið kosinn sem forseti þjóðarinnar en á bak við tjöldin gekk hann erinda sérstakra flokka.

1968–1980 | KRISTJÁN ELDJÁRN

## Hlutleysið var öllu ofar

Í innsetningarræðu sinni árið 1968 var það ljóst að Kristján Eldjárn, nýkjörinn forseti, ætlaði sér ekki að hlutast til í stjórnmalunum líkt og forverar hans. „Til Alþingis, sem þjóðin sjálf hefur kjörið, og þeirrar ríkisstjórnar, sem er í landinu á hverjum tíma, hlýtur þjóðin að líta sér til trausts og halds,“ sagði hann í innsetningarræðu sinni.

Þó átti eftir að reyna á hlutskipti Kristjáns en á meðan hann sat sem forseti var mikið um óróa í hinum daglegu stjórnmalum á Íslandi.

Kristján Eldjárn kappkostaði að halda hlutleysi sínu og setti forsætisráðherra aldrei stólinn fyrir dyrnar. Árið 1974 óskaði Ólafur Jóhannesson, þáverandi forsætisráðherra, eftir því að þing væri rofið og varð Kristján við því.

Erfiðar stjórnarmyndanir einkenndu forsetatíð Kristjáns og það reyndi á hlutverk hans sem ópólitísk forseta. Hann fylgdi skýrum reglum við úthlutun stjórnarmyndunar-



Enginn hefur gott af því að komast á það stig að fara að ímynda sér að hann sé ómissandi.

umboðs en eftir að alþýðuflokksmönnum og sjálfstæðismönnum tókst ekki að mynda ríkisstjórn veitti Kristján Lúðvík Jósepssyni, formanni Alþýðubandalags, stjórnarmyndunarumboð sem vakti mikla hneykslan hægrimanna í landinu.

Í síðasta nýársávarpi sínu sagði hann að þrátt fyrir óvissutíma væri enginn maður ómissandi.

1980–1996 | VIGDÍS FINNBOGADÓTTIR

## Kjörið braut blað í mannkynssögunni

Kjör Vigdísar Finnbogadóttur sem forseta Íslands vakti heimsathygli þar sem hún var fyrsta konan til að vera lýðræðislega kjörin forseti. Margir reyndu að grafa undan framboði hennar. „Getur einstæð móðir verið forseti?“ spurðu margir.

En Vigdís sannaði það að einstæð móðir gat svo sannarlega verið forseti enda var hún farsæll forseti menningar og landkynningar.

Ljóst var að Vigdís ætlaði sér ekki að vera íhlutunarsamur forseti og heldur í þá skoðun enn í dag. „Hann á að hafa jákvæð áhrif og uppbyggileg áhrif en hann á ekki að vera í valdastússi. Við höfum þjóðkjörið þing til þess að leiða okkur áfram í stjórnmalum,“ sagði hún í viðtali við Ríkisútvarpið snemma árs 2014.

Þó lét hún nokkrum sinnum reyna á vald sitt sem forseti. Árið 1985 stóðu flugfreyjur í verkfalli og ríkisstjórnin hafði samþykkt lög um bann við verkfallinu. Það vildi svo til að samþykktin bar upp á tíu ára afmæli kvennafrídagsins. Vigdís harðneitaði að undirrita lög strax

Íslendingar höfðu þá brotið blað í mannkynssögunni, með því að velja konu sem forseta lands síns fyrstir allra í almennum kosningum.

þar sem henni þótti þau vanvirðing við konur heldur undirritaði hún lög in að deginum loknum.

Árið 1993 samþykkti Alþingi aðildarsamning Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu en það mál hafði verið mikið í umræðunni og klauf þjóðina. Alls söfnuðust 34 þúsund undirskriftir þar sem skorað var á Vigdís að synja lögum staðfestingar. Hún varð ekki við þeirri áskorun sem að hennar sögn var henni afar erfitt, en hún tülkaði það sem svo að það væri ekki hlutverk forseta að fara gegn valdi þingsins.



1996–20?? | ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON

## Endurmótaði forsetaembættið

Ólafur Ragnar Grímsson sigraði nokkuð örugglega í forsetakosningunum árið 1996. Eftir tvo ópólitiska forseta var þarna kominn gamalreyndur stjórnmalamaður.

Ólafur braut blað í sögu embættisins árið 2004. Þá samþykkti ríkisstjórn Davíðs Oddssonar umdeild lög sem takmörkuðu eignarhald á fjölmiðlum. Ólafur ákvað í kjölfarið að virkja 26. grein stjórnarskrárinna í fyrsta sinn í sögunni og sýnaði lögum staðfestingar og vísaði þeim í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þennan leik endurtók Ólafur árið 2010 og 2011 eftir að ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur hafði samþykkt lög um Icesave-samninginn.

Ólafur hefur setið lengst allra forseta eða í 20 ár. Í nýársávarpi í ár tók hann allan vafa af og sagðist ekki ætla sér að bjóða sig aftur fram. Nú í apríl snerist honum hugur og tilkynnti framboð sitt í sjötta sinn.

Nokkrum dögum áður leitaði Sig-

Í þessu umróti óvissu og mót-mæla og í kjölfar nýliðinna atburða hefur fjöldi fólks víða að úr þjóðfélaginu á undanförunum vikum höfðað til skyldu minnar.

mundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra til Ólafs og óskaði eftir þingprofi. Ólíkt því sem Kristján Eldjárn gerði árið 1974 hafnaði Ólafur beiðni Sigmundar.

Ólíkt mörgum fyrirrennum hans hafa erfiðar stjórnarmyndunarviðræður ekki einkennt forsetatíð Ólafs.

Framtíðin ein mun leiða í ljós hvort Ólafur nær endurkjöri í komandi forsetakosningum og kjósi jafnvel að feta nýjar slóðir við stjórnarmyndanir á Íslandi líkt og hann hefur gert á svo mörgum öðrum sviðum.






# Grandinn


23. apríl 2016

**KYNNINGARBLAÐ** Ægisgarður | Farmers Market | Aurora Reykjavík | Nettó | Bryggjan |






Bygging síldarverksmiðjunnar var að hluta til fjármögnuð með Marshall-aðstoð Bandaríkjanna eftir seinni heimsstyrjöld og þaðan er nafnið komið. Húsið mun lifna við í haust þegar Nýlistasafnið, Kling og bang og Ólafur Elíasson myndlistarmaður hefja þar starfsemi. MYNDIR/ERNIR



Húsið er allt hið reisulegasta með glásilegum gluggum. Áætlað er að veitingastaður verði opnaður á jarðhæðinni.



Verksmiðjan átti að geta unnið úr hátt í 700 tonnum af síld á sólahring og framleitt bæði mjöl og lýsi.



Arkitektarnir Steinþór Kári Kárason og Ásmundur Hrafn Sturluson hjá Kurt og pí arkitektum eru hugmyndasmiðir verkefnisins og sjá um endurbætur hússins.

# Gömul síldarverksmiðja lifnar við

Nýlistasafnið, Gallerí Kling og bang og myndlistarmaðurinn Ólafur Elíasson munu hefja starfsemi í Marshallshúsinu úti á Granda í haust. Á jarðhæðinni verður opnaður veitingastaður. Saga hússins hófst árið 1948 þegar síld mokveiddist óvænt í Kollafirði og Hvalfirði.

Marshallshúsið svokallaða að Grandagarði 20 er ein af þeim byggingum úti á Granda sem ganga munu í endurnýjun lífdaga. Húsið hefur staðið autt í nokkur ár en með haustinu er áætlað að Nýlistasafnið og galleríð Kling og bang hefji þar starfsemi. Þá mun listamaðurinn Ólafur Elíasson starfrækja þar vinnustofu og sýningarrými en á jarðhæðinni verður opnaður fiskveitingastaður.

Húsið er hið reisulegasta. Saga þess hófst árið 1948 þegar síld fór að mokveidast í Kollafirði og Hvalfirði en engin vinnslustöð var þá í nágrenni til að taka á móti aflanum. Reykjavíkurbær og hlutafélagið Kveldúlfur stofnuðu þá með sér sameignarfélagið Faxe sf. um byggingu síldarverksmiðju í Örfirisey. Byggingaframkvæmdir hófust strax það ár og voru fjármagnaðar að hluta til með Mars-

**Byggingaframkvæmdir hófust strax það ár og voru fjármagnaðar að hluta til með Marshall-aðstoð Bandaríkjanna. Þaðan er nafn hússins komið.**

hall-aðstoð Bandaríkjanna. Þaðan er nafn hússins komið. Verksmiðjan átti að geta unnið úr hátt í 700 tonnum af síld á sólahring og framleidda bæði mjöl og lýsi. Gert var ráð fyrir að hægt yrði að byggja við og stækka í áföngum í trausti þess að síldin héldi áfram að veiðast. Þegar verksmiðjan var fullbyggð og tilbúin veiddist engin síld. Árið 1962 var sameignarfélaginu Faxe sf. slitið. Síldar- og fiski-

mjölsverksmiðjan hf. keypti fyrirtækið og rak þar starfsemi sína næstu áratugi. Í dag er húsið í eigu HB Granda og hefur Reykjavíkurborg samið um leigu á húsinu til 15 ára og mun framleigja fyrrnefndum aðilum. Arkitektarnir Steinþór Kári Kárason og Ásmundur Hrafn Sturluson hjá Kurt og pí arkitektum eru hugmyndasmiðir verkefnisins og sjá um endurbætur hússins.




**ATH slökkviliðstjórar, slökkviliðsmenn, lögreglumenn, útgerðarmenn og vélstjórar!**

**Nú eru Fenzy reykköfunartækin komin aftur til okkar í sölu og þjónustu**



1966 - 2016  
Allt til rafsðuðu í 50 ár



Grandagarði 13 • Reykjavík • Sími 552-3300 • [www.klif.is](http://www.klif.is)





Ólafur og aðrir gestgjafar Ægisgarðs leiða fólk í allan sannleika um leyndardóma bjórsins. MYND/ÆGISGARÐUR



Í Ægisgarði eru bjór- og skemmtanamenningu Íslendinga gerð skil á ýmsan máta. Þar er eitt stærsta bjórsafn landsins til húsa og ýmsir munir til sýnis sem tengjast skemmtanasögu landans.



Ólafur S.K. Þorvaldz og Hilmar Geirsson vilja fræða fólk um bjór- og vinnmenningu í Ægisgarði. MYND/PJETUR

# Bjórmenningin blómstrar í Ægisgarði

**Víking Ölgerð kynnir** Ægisgarð, heimili íslenskrar brugghefðar og bjórsögu. Þar eru gestir leiddir inn um gleðinnar dyr með hópeflisleikjum, fróðleik og veigum á svokölluðum Víking-leikum. Gestgjafar Ægisgarðs vilja auðga bjór- og vinnmenningu landsins.

„Bruggverksmiðja Víking er staðsett á Akureyri og við vorum hálf heimilislaus í borginni. Nú er Ægisgarður heimili Víking Ölgerðar í höfuðborginni,“ útskýrir Hilmar Geirsson, vörumerkjastjóri Víking Ölgerðar.

Í Ægisgarði er bjór- og skemmtanamenningu Íslendinga gerð skil á ýmiss konar máta. Þar er eitt stærsta bjórsafn landsins til húsa og ýmsir munir til sýnis sem tengjast skemmtanasögu landans. Hópar geta pantað salinn og fá gestgjafa með í kaupnum sem leiðir þá í allan sannleika um leyndardóma bjórsins.

„Snemma í sumar ætlum við

að opna litla bruggverksmiðju í húsinu sem hálf gert tilrauna-brugg, fólk getur þá komið í brugghúsheimsóknir í Ægisgarð og kynnst bjórnum sem við framleiðum hér og jafnvel fengið að smakka hann á mismunandi stigum framleiðslunnar,“ segir Hilmar.

Ólafur S.K. Þorvaldz er einn af gestgjöfum Ægisgarðs og höfundur Víking-leikanna.

„Við höfum Víking-leikana í ágúst í fyrra og höfum verið að keyra þá hér í Ægisgarði, bæði á virkum dögum og um helgar, við frábærar undirtektir. Fyrir vikið eru margir bjórfróðari einstak-

**Við bjóðum líka upp á ýmis námskeið. Við erum alltaf að leita uppi skemmtilega vinkla á bjór og vín, enda viljum við leggja lóð okkar á vogarskálarnar í að auðga bjór- og vinnmenningu landsins.**

Ólafur S.K. Þorvaldz

lingar úti í samfélaginu,“ segir Ólafur hress.

„Leikarnir fara þannig fram að við tökum á móti hópum af öllum stærðum og förum með þeim í gegnum sögu bjórsins á Íslandi og sögu skemmtanamenningar Íslendinga allt frá landnámi. Þar á eftir er keppt í afar skemmtilegum bjórsmökkunarleikjum og svo farið í pubquiz. Þetta er um það bil tveggja tíma prógramm sem virkar vel til að hrista hópinn saman. Við gestgjafarnir erum allir menntaðir leikarar og þaulvanir að tala við stóran hóp, jafnt á ensku og íslensku,“ segir hann og bætir við að hægt

sé að sérsníða prógrammið eftir óskum hvers hóps. Hóparnir geti til dæmis tekið með sér mat í salinn en einnig geti húsið skaffað eitthvað gott í svanginn. Dagskráin sé í stöðugri þróun.

„Við bjóðum líka upp á ýmis námskeið svo sem léttvinsnámskeið, romm-, kampavíns- og kaffinámskeið, viski- og ginnámskeið. Við erum alltaf að leita uppi skemmtilega vinkla á bjór og vín, enda viljum við leggja lóð okkar á vogarskálarnar í að auðga bjór- og vinnmenningu landsins.“

**Nánar má kynna sér Ægisgarð á [www.aegisgardur.is](http://www.aegisgardur.is)**



## HEIMILI ÍSLENSKRAR SKEMMTANAHEFÐAR OG BJÓRSÖGU

Ægisgarður er fjölnota rými ætlað fyrir allskyns gleðisamkomur. Við bjóðum uppá fjölbreytt hópefli ásamt því að leigja út rýmið fyrir einkasamkvæmi, fyrirtækjahópa eða bara það sem fólki dettur í hug.



**Ægisgarður**

Eyjarslóð 5  
s. 552 7872  
info@aegisgardur.is  
www.aegisgardur.is



Í Ellingsen er mikið úrval af fallegum útivistarfatnaði. MYND/PJETUR



Ellingsen leggur áherslu á að bjóða gæðareihjól fyrir allan aldur. Hjólin eru þýsk og afar vönduð. MYND/PJETUR



Stígvél á alla fjölskylduna. MYND/PJETUR

# Gæðavörur Ellingsen í hundrað ár

Helga Sverrisdóttir og fjölskylda hennar er sú þriðja í röðinni sem rekur verslunina **Ellingsen á Grandanum**. Verslunin verður eitt hundrað ára í júní og þá verður efnt til hátíðarhalda. Ávallt hefur verið kappkostað að bjóða einungis vandaðar vörur á góðu verði.

Það var Norðmaðurinn Othar Ellingsen sem opnaði verslunina árið 1916 en meginhlutverkið var að sérhæfa sig í sölu á veiðarfærum og öðrum vörum tengdum útgerð. Flestir Íslendingar þekkja vel þessa rötgrónu verslun sem einnig er starfandi á Akureyri. Helga Sverrisdóttir segir að þótt áherslu hafi lítillega breyst í árunna rás þá sé verslunin alltaf best þekkt fyrir vandaðar útivistarvörur og -fatnað. „Við tökum við rekstrinum í haust og erum að grafa í sögunni. Margir eiga minningar frá þessari verslun, hvort sem hún var í Hafnarstræti eða hér á Grandanum. Við erum að gera ákveðin plön til langs tíma en strax ætlum við að minnka áherslu á veiðivörur fyrir atvinnumenn og halda okkur við veiðivörur fyrir fjölskyldufólk. Okkar stefnumótun byggir á því

að vera alhliða útivistarverslun fjölskyldufólks. Við kappkostum að bjóða vandaðar vörur á góðu verði,“ útskýrir Helga.

## Frábær þýsk reiðhjól

Helga segir að heimasíða fyrirtækisins sé í vinnslu en þar verður sett upp vefverslun sem auðveldar fólk að skoða vörurvalið. „Við erum árstíðabundið fyrirtæki og bjóðum vörur eftir eftirspurn. Við erum að stækka reiðhjólaufrvalið okkar en við erum með allar gerðir þýskra Merida-reiðhjóla fyrir allan aldur, jafnt fyrir börn og keppnisfólk. Núna erum við í sérstöku átaki með Barnaheillum, við tökum á móti eldri hjólum og gefum afslátt á nýju hjóli. Gamla hjólið fer þá í söfnun á vegum Barnaheilla. Við viljum vera samfélagslega ábyrgt fyrirtæki,“ segir Helga.

## Allt fyrir útivist og tjald-útileguna

Hún bætir því við að þau finni vel fyrir þeim gríðarlega útivistaráhuga sem gripið hefur landsmenn. „Við erum með allar helstu útivistarvörur og skó fyrir allan aldur. Að auki bjóðum við útileguvörur, allt frá smæstu hlutum upp í stærri. Ef fólk dettur í hug að fara í sína fyrstu útilegu eigum við allt sem þarf í ferðalagið. Það sama gildir um þá sem vilja byrja fjallgöngur. Við leggjum mikla áherslu á að veita mjög góða og faglega þjónustu.“

Helga segir að verslunin njóti góðs af því að vera nálægt höfninni. „Hver veit nema sjóklæði komist aftur í tísku,“ segir hún. „Við höfum verið með rötgróin merki sem Íslendingar þekkja. Hér er hægt að fá polla- og vindgalla og stígvél fyrir alla,“ segir

Helga sem sjálf er mikil útivistar-manneskja.

## Fánastangir og frístundasport

Í Ellingsen er hægt að fá sjóketti, kajaka, fjórhjól og ýmislegt fleira tengt frístundasporti. Þá má ekki gleyma fánastöngunum sem hafa verið vinsælar um árabíl hjá Ellingsen.

Helga segir að Grandasvæðið hafi breyst mikið á stuttum tíma. „Grandinn hefur lifnað við. Staðsetningin er því frábær og við þjónum stóru svæði. Það er alltaf ævintýri að koma hingað á Grandann og til okkar í Ellingsen.“

**Hjá Ellingsen er opið alla virka daga til kl. 18 og einnig á laugardögum. Ellingsen er með Facebook-síðu og Helga hvetur fólk til að fylgjast með færslum þar.**



Vandaðir bakpokar fyrir ferðalagið fást í Ellingsen. MYND/PJETUR

# Býður upp á fjölbreytta starfsemi

Ásýnd **Grandagarðs** hefur breyst mikið undanfarinn áratug. Fjölgun erlendra ferðamanna, stuðningur borgarinnar og framtak einkaaðila eiga þar stærstan þátt. Á næstunni verður Marshalls-húsið opnað, umbætur á götum verða kláraðar og Hátíð hafsins verður haldin í júní.

Síðustu 8-10 ár hafa orðið miklar breytingar á Grandagarði og þar hefur sókn ferðamanna í hafnar-svæðið vegna hvalaskoðunar skipt sköpum að mati Hjálmar Sveinssonar, borgarfulltrúa og formanns umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar. „En það skiptir líka miklu máli að borgin og hafnarstjórnin hafa stutt þessa þróun og lagt sig fram um að vernda Grandagarð og Örfirisey sem atvinnusvæði, þar sem hafnsækin starfsemi nýtur ákveðins forgangs. Þannig er svæðið skilgreint í nýju aðalskipulagi og deiliskipulagi. Heimilað var að breyta gömlu grænu verbúðunum við Suðurbugt og hluta verbúðanna úti á Granda í veitinga- og kaffihús, verslanir, vinnustofur og gallerí.“

Einnig nefnir hann viðamikla og vel heppnaða endurnýjun á Grandagarði 8 þar sem Sjóminjasafnið er til húsa. „Safnið hefur talsvert aðdráttarafl. Borgin rekur það en hafnarstjórnin kostaði endurgerð hússins að miklu leyti og bryggjurgerð sjávarmegin við húsið. Hafnarstjórnin hefur einnig látið gera upp Bakka-skemmu við vesturhöfnina. Þar er nú hinn blómlegi Sjávarklasi, mikilvægt þekkingarsetur fyrir-tækja í sjávarútvegi.“

## Lengi iðað af lífi

Þrátt fyrir þessar breytingar undanfarinn áratug bendir Hjálmar á að svæðið hafi lengi iðað af lífi. „Úti í Örfirisey var hinn forni Hólmakaupstaður, mikilvægasti

**Við viljum að þróunin verði sem mest sjálf-sprottin, en með ákveðnum almennum skilmálum og takmörkunum.**

Hjálmar Sveinsson

verslunarstaður landsins á fyrri öldum. Og ekki má gleyma því að við gömlu höfnina hefur í hundrað ár verið blómlegt hafnsækið atvinnulíf.“

Helstu kostir Grandagarðs eru eðlilega nálægðin við sjóinn. „Þarna er ein stærsta sjávarútvegshöfn landsins. Fáar höfuðborgir, ef nokkrar, bjóða upp á slíkt. Svæðið býður um leið upp á fjölbreytta starfsemi eins og sjá má á Fiskislóð og Hólmaslóð. Þó getur ekki hvaða starfsemi sem er verið á svæðinu. Í deiliskipulagi svæðisins er m.a. kveðið á um að þar verði byggðar íbúðir eða hótél sem er mikilvægt að mínu mati.“

## Sjálfsprottin þróun

Aðspurður hvort uppbygging Grandagarðs eigi sér einhverja erlenda fyrirmynd svarar Hjálmar því neitandi. „Við viljum þó forðast þá leið sem sums staðar hefur verið farin, sem er að gjörbreyta slíkum svæðum með stórfelldri íbúðauppbyggingu og hótélum. Við viljum að þróunin verði



„En það skiptir líka miklu máli að borgin og hafnarstjórnin hafa stutt þessa þróun og lagt sig fram um að vernda Grandagarð og Örfirisey sem atvinnusvæði,“ segir Hjálmar Sveinsson, borgarfulltrúi og formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar. MYND/PJETUR

sem mest sjálfsprottin, en með ákveðnum almennum skilmálum og takmörkunum. Þarna getur þróast skemmtilegt og frjótt umhverfi fyrir alls konar listastarfsemi.“

Stærsta viðbót ársins verður opnun Marshalls-hússins en framkvæmdum þar lýkur í haust. „Þar verður Ólafur Elíasson, einn

þekktasti listamaður heimsins í dag, með listverkstæði auk Nýlistasafnsins og Kling og bang Gallerís. Á jarðhæðinni verður veitingastaður. HB Grandi á húsið og hefur gert það upp af miklum metnaði en þetta verður vægast sagt mjög spennandi. Borgin er milliliður og leigir húsið af

HB Granda og áframleigir það síðan til þessara listaðila. Svo má nefna mikilvægar umbætur á götunni Grandagarði sem eiga eftir að gera hana vistlegri og öruggari fyrir gangandi vegfarendur og hjólréiðafólk. Svo má ekki gleyma hinni árlegu Hátíð hafsins á sjómannadaginn. Þá verður fjór.“



Verslunin Farmers & Friends er afar falleg og þangað er skemmtilegt að koma enda gaman að skoða þá fjölbreyttu hönnunarvöru sem þar er að finna. MYNDIR/ARI MAGG

# Suðupottur skapandi greina á Grandna

Fatamerkið **Farmers Market** byggir á sjálfbærni og nútímalegri útfærslu á norrænum rótum í hönnun. Eina verslun Farmers Market, sem hefur alla línu merkisins til sölu, er Farmers & Friends að Hólmaslóð 2. Þar má einnig finna úrval af annarri áhugaverðri hönnunarvöru.

„Þegar við ákváðum að láta til skarar skriða fyrir tíu árum og stofna fatamerkið Farmers Market varð Grandinn fyrir valinu af praktískum ástæðum. Við höfðum ekki úr miklum fjármunum að móða auk þess sem nálægðin við miðbæinn og heimili okkar var hentug,“ segir Bergþóra Guðnadóttir, hönnuður Farmers Market. „Þó grunaði okkur einnig hver þróunin yrði á þessu svæði, að hún yrði eitthvað í tætt við það sem gerst hefur í öðrum borgum. Þar hafa iðnaðarhverfi gengið í endurnýjun lífdaga, og skapandi greinar, gallerí og veitingastaðir hafa sprottið upp,“ segir hún og bendir á Meat Packing District í New York og Kødbyen í Kaupmannahöfn.

Þessi þróun virðist vera að ganga eftir á Grandasvæði sem Bergþóra þykir afar ánægjulegt. „Hér eru komnir frábærir veitingastaðir og gallerí auk þess sem margir af helstu tónlistarmönnum landsins hafa hér vinnuástöðu og stúdíó. Þetta blandast svo skemmtilega við höfnina og iðnaðarstarfsemina sem henni tengist.“

## Stúdíóið breyttist í verslun

Upphaflega ætluðu Bergþóra og maður hennar, Jóel Pálsson, aðeins að opna hönnunarstúdíó á Hólmaslóðinni. „En smám saman jókst trauffkin þannig að við opnuðum verslun líka,“ lýsir Bergþóra. Þó Farmers Market sé í góðu samstarfi við nokkra aðra söluaðila á landinu um ýmsar vörur þá er verslunin á Hólmaslóð sú eina sem þau hjónin eiga og reka sjálf og býður upp á alla vörulínu merkisins.

„Auk Farmers Market erum við með til sölu úrval af íslenskri tónlist, bókum og ýmsu fallegu sem við handveljum sjálf og okkur þykir ríma vel við okkar vörulínu og konsept. Þar má nefna frönsku

Aigle stígvélin, skart frá Aurum, Orra Finn og Chan Luu, heimilsvörur og ýmislegt fleira. Því ákváðum við að kalla verslunina Farmers & Friends, enda eru margir þessir aðilar, eins og tónlistarmenn og hönnuðir, góðvinir okkar.“

## List á veggjum

Í versluninni er einn veggur sem lagður er undir sýningar af ýmsu tagi. „Hér hafa ýmsir listamenn sýnt verk sín á undanförunum árum. Í augnablikinu erum við reyndar sjálf með sýningu á auglýsingamyndum Ara Magg sem hann hefur gert með Farmers Market undanfarin ár og hafa hlotið mikla athygli.“

## John Galliano í heimsókn

Bergþóra segir að þau hafi stundum orðið hissa þegar í verslunina kemur fólk sem hefur keypt sér ferð til Íslands eftir að hafa lesið umfjöllun um búðina í tímariti, en fjallað hefur verið um Farmers & Friends í ýmsum þekktum erlendum blöðum á borð við Monocle, Vogue og fjölda ferðatímarita. „Eins urðum við hissa þegar við sáum einn daginn ritstjóra ameríska Vogue spóka sig í versluninni. Hann var geysilega forvitinn, mátaði helling af fötum og vildi fá að vita allt um fyrirtækið og hönnunina. Hann kom svo aftur daginn eftir og þá með sjálfan John Galliano með sér. Það var dálítið súrrealískt.“

## Alltaf eitthvað nýtt

Ávallt bætist í úrvalið hjá Farmers Market. „Undanfarið hafa verið að bætast við nýjungar í flesta flokka vörulínunnar okkar. Til dæmis undirföt, peysur, skyrturnar o.fl. Fyrir sumarið er svo væntanleg lítil sumarlína fyrir dömur sem ég hef verið að vinna að undanfarið og er mjög spennit yfir.“



Ávallt bætist í úrvalið hjá Farmers Market.



Í versluninni er einn veggur sem lagður er undir sýningar af ýmsu tagi. Um þessar mundir prýða vegginn auglýsingamyndir Ara Magg fyrir Farmers Market.



Falleg hönnun frá Farmers Market.



Verslunin er skemmtilega upp sett.



Um 1930, konur við saltfiskverkun á stakkstæði Alliance við Mýrargötu. Í baksýn eru hús við Mýrargötu, fjær er Grandagarður og Örfirisey. LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR/MAGNÚS ÓLAFSSON



1950-1960, fiskvinnsla hjá Bæjarútgerð Reykjavíkur, BÚR við Grandagarð. Í þessum vinnslusal er í dag rekið Sjóminjasafn Íslands. LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR/PÉTUR THOMSEN

1960 var búið að byggja verbúðirnar löngu, sem eru svo einkennandi fyrir Grandann. Þær voru mjög mikilvægar því þeim var ætlað að vera brimbrjótur og veita skjól og þar höfðu sjómenn aðstöðu til að geyma veiðarfæri og jafnvel báta.

Guðbrandur Benediktsson



1918-1920, þrír karlmenn standa á Grandagarði á jarnbrautarteinnum sem lágu út í Örfirisey. Í fjöruborðinu liggur seglskúta, Drangey BA5.

LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR/MAGNÚS ÓLAFSSON



Um 1960. Verbúðir við Grandagarð. Skip við bryggju og báta uppi á landi.

LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR/PÉTUR THOMSEN



1947, Bæjarútgerð Reykjavíkur, BÚR, Grandagarði 8. Við bryggju liggur fjöldi vélbáta og skipa. LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR/SIGURHANS VIGNIR

# Höfnin órjúfanlegur hluti af Grandannum

Saga Grandans hefur í gegnum tíðina verið nátengd verslun og sjávarútvegi. **Guðbrandur Benediktsson**, safnstjóri Borgarsögusafns, segir nýlega þróun á svæðinu ánægjulega en þó þurfi að gæta þess að halda í þann karakter sem einkennt hefur Grandann síðustu áratugi.

„Örfirisey var eyja sem mjótt eiði lá út í og hægt var að ganga eftir á fjöru. Sagan segir að öndvegissúlur Ingólfs okkar hafi komið fyrst að landi þar en það er þó auðvitað aðeins mýta,“ segir Guðbrandur. Nokkur hús og bæir byggðust upp á þessu svæði og síðar var á þessum slóðum kaupstaður frá 17. öld og fram til 1780 sem kallaður var Hólmskaupstaður. „Þetta var einn af verslunarstöðum einokunarverslunar Dana en hann lagðist af þar sem skilyrðin til verslunar voru erfið, sér í lagi vegna lélegrar hafnaraðstöðu,“ lýsir Guðbrandur en verslunin fluttist í kjölfarið í Kvosina í Reykjavík og stuttu síðar, eða árið 1786, hlaut Reykjavík kaupstaðarréttindi.

Lítið var um að vera á Grandannum eftir að verslun lagðist af enda var ágangur sjávar nokkur og stöðugt flæddi yfir eiðið sem nú er Grandagarður.

Miklar breytingar voru þó í vendum enda urðu raddir æ háværari sem kröfðust þess að bæta hafnaraðstöðu í Reykjavík. Töldu menn það lykilatriði til að Reykjavík gæti vaxið og dafnað. „Síðan var það fljótlega eftir aldamótin 1900 að farið var ræða um að bæta hafnaraðstöðuna í Reykjavík. Ráðist var í þetta stóra og merkilega

verk, sem hafnargerðin var, á árunum 1913 til 1917 og má segja að höfnin hafi gjörbylt Reykjavík sem verslunar- og útvegsbæ,“ segir Guðbrandur.

Eiðið út í Örfirisey var þá byggt upp sem hafnargarður. Þar voru lagðir jarnbrautarteinar og lestir fluttu grjót úr Öskjuhlíð til að byggja upp höfnina. Var þetta upphafið að uppbyggingu Grandans.

Breska hernámshliðið tók allt svæðið undir sig í síðari heimstyrjöld og var þar með ýmsar varnir. Eftir stríðið fóru ýms fyrirtæki og verksmiðjur sem tengdust sjávarútvegi að byggja þar upp sína starfsemi, auk þess sem Slysavarnafélagið kom sér þar fyrir fljótlega eftir stríð. „Um 1950 var byrjað að byggja olúgeymana í Örfirisey og um 1960 var búið að byggja verbúðirnar löngu, sem eru svo einkennandi fyrir Grandann. Þær voru mjög mikilvægar því þeim var ætlað að vera brimbrjótur og veita skjól og þar höfðu sjómenn aðstöðu til að geyma veiðarfæri og jafnvel báta,“ segir Guðbrandur en bætir við að byggingin hafi vakið nokkra furðu á sínum tíma, en gefi svæðinu vissulega afar sterkan svip.

Á síðustu árum hefur hverfið gengið í endurnýjun lífdaga með



Guðbrandur með Grandagarð í baksýn. Hann stendur á þaki Sjóminjasafnsins en þar er unnið að gerð nýrrar grunnsýningar um sjávarútveg og siglingar í Reykjavík. MYND/STEFÁN

uppbyggingu Sjóminjasafnsins, nýrri starfsemi í hluta verbúðanna, Sjávarklasnum og tilkomu ýmissar menningarstarfsemi, verslana og veitingastaða. „Þetta er klassísk þróun sem við sjáum víða í erlendum borgum. Listamenn og menningarstofnanir koma inn og gera hverfin að áhugaverðum áfangastöðum fyrir heimafolk og ferðamenn,“ segir Guðbrandur og telur mikilvægt að halda í rótgróna starfsemi og þann karakter sem einkennt hefur svæðið síðustu áratugi. „Við viljum að sagan sé sýnileg og að einkennum svæðisins, sem tengjast fiskvinnslu og útgerð, verði haldið á lofti,“ segir hann og bendir á að gestir Sjóminjasafnsins kunni til að mynda vel að meta nálgðina við Slippinn. Jafnframt má benda á að Reykjavík er eina höfuðborgin í Evrópu þar sem útgerð og fiskvinnsla er í öndvegi hafnarinnar.

„Núna vinnum við að gerð nýrrar grunnsýningar á Sjóminjasafninu, þar sem við viljum ramma þessa sögu inn. Það má jafnvel sjá fyrir sér að þetta svæði sem áður var pínulítið hornreka geti í framtíðinni stækkað gömlu miðborgina og hugsanlega létt álaginu af henni sem hefur orðið meira með tilkomu aukins ferðamannastraums.“

## HVÍTARI TENNUR MEÐ GUM ORIGINAL WHITE

**Icecare kynnr** Tennurnar verða hvítari með GUM Original White munnskoli og tannkremi. Vörurnar innihalda flúor, veita vörn og hreinsa burt bletti og óhreinindi. Íslenskir tannlæknar eru ánægðir með vörurnar frá GUM.

GUM Original White munnskol og tannkrem hreinsa burt bletti og óhreinindi og veita tönnunum vernd. Tannlæknar mæla með GUM vörum. „Vörulínan er breið og góð og í henni má finna allt frá tannburstum og Soft Picks tannstönglum til tannhvíttunarefna. Sérfræðingar GUM eru fljótir að tileinka sér nýjungar og mæta þörfum fólks sem er virkilega gott í þessum geira,“ segir Sólveig Guðlín Sigurðardóttir, vörumerkjastjóri hjá IceCare.

Áð sögn Sólveigar eru íslenskir tannlæknar ánægðir með vörurnar frá GUM því fyrirtækið stendur fyrir stöðugum rannsóknum á heilbrigði tannholds og notar aðeins bestu efnin í framleiðsluna. „Á hverju ári styrkir fyrirtækið Sunstar GUM rannsóknir sem snúa að greiningu á sykursýki 2 um allan heim. Málefnið er þeim sérstaklega hugleikið þar sem einn stofnenda fyrirtækisins lést langt um aldur fram af þessum skæða sjúkdómi.“

GUM framleiðandinn býður aðeins upp á gæðavörur, sem stuðla að heilbrigði tannholdsins.



GUM Original White munnskol og tannkrem hreinsa burt bletti og óhreinindi og tennurnar fá sinn upprunalega lit.

### ENGIN BLEIKIEFNI

GUM Original White munnskol og tannkrem hreinsa burt bletti og óhreinindi og tennurnar fá sinn upprunalega lit. Báðar vörurnar innihalda flúor og má nota að staðaldri. Þær hafa ekki skaðleg áhrif á almenna tannheilsu og innihalda ekki bleikiefni sem geta skaðað náttúrulega vörn tann-



Soft Picks Advanced er ný tegund af tannstönglum sem er nýlega komin á markað.

“Vörulínan er breið og góð og í henni má finna allt frá tannburstum og Soft Picks tannstönglum til tannhvíttunarefna.

Sólveig Guðlín Sigurðardóttir

anna. „Hvítunarlínan, Original White, er mjög góð því hún virkar vel en fólk fær samt sem áður ekki tannkul. Slípmassinn er



Sólveig Guðlín Sigurðardóttir, vörumerkjastjóri hjá IceCare, segir hvíttunarlínum frá Gum, Original White, vera mjög góða því hún virki vel en fólk fái samt sem áður ekki tannkul.

agnarsmár svo hann rispar ekki upp glerunginn eins og oft vill verða þegar notuð eru hvíttunartannkrem.“ Sólveig segir það einnig kost að Original White-línan viðhaldi árangri eftir lýsingarmeðferð á tannlæknastofu. Hvíttunavörurnar innihalda sérstaka blöndu sem GUM hefur einkaleyfi á og hreinsar betur en bleikiefni.

### FRÁBÆRIR TANNSTÖNGLAR

„Soft Picks tannstönglarnir frá

GUM eru mitt uppáhald því þeir komast vel á milli tannanna og innihalda engan vír og eru ríkir af flúor. Þetta eru frábærir einnota tannstönglar sem virka eins og millitannburstar en þá er hægt að hafa í veskinu eða heima fyrir framan sjónvarpið,“ segir Sólveig.

Vörurnar eru fáanlegar í apótekum og völdum stórmörkuðum. Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu IceCare ehf, [www.ice-care.is](http://www.ice-care.is)

## Magnesium Oil

Einfalt í notkun, engin magaónot!



Sigurjón Sigurbjörnsson er tæplega 60 ára ofurhlaupari sem notar magnesíum olíu í úðaformi frá fyrirtækinu BetterYou. Með henni losnar hann við vöðvakrampa og hefur bætt sig í hlaupinu.

## Hefur mikla trú á Magnesíum Olíu

„Ég ætlaði ekki að trúa árangrinum. Í mínu fyrsta hlaupi eftir að ég byrjaði að nota magnesíum-úðann fékk ég enga vöðvakrampa, bætti tímann og jafnaði mig rosalega fljótt“

Inniheldur olíu úr kamfóru, sítrónu og svörtum pipar til að auka hreinsun í vöðvunum.





Friðrik með dóttur sinni, Mariu Von, sem er öflugur tónlistarmaður ekki síður en faðirinn. Friðrik er einstæður faðir og þau feðginin ná vel saman. MYND/STEFÁN

# LEITAR AÐ SYSTKINUM SÍNUM Í ÞÝSKALANDI

**Friðrik Karlsson** tónlistarmaður er fluttur heim eftir rúmlega tuttugu ára búsetu í London. Hann hefur víða komið við, meðal annars leikið á 22 tónleikum með Kate Bush, en á næsta ári verður haldið upp á 40 ára afmæli Mezzoforte. Þá verða einnig tónleikar í næsta mánuði.

Mezzoforte verður með fyrstu tónleika sína hér á landi í langan tíma á Café Rosenberg 26. maí. Vafalítið bíða margir aðdáendur þess að heyrna í hljómsveitinni sem verður 40 ára á næsta ári. Þá verður efnt til stórtónleika í Hörpu og boðið upp á þekktustu lög hljómsveitarinnar auk nýrra laga sem nú eru í smíðum. Þótt Mezzoforte spili lítið hér heima er hún eftirsótt víða um heim og heldur um 30 tónleika á ári. Í júní verða til dæmis tónleikar í London en þar spilaði sveitin síðast fyrir 20 árum. Löngu er uppselt á þá tónleika.

„Það hefur verið nóg að gera undanfarið,“ svaraði Friðrik þegar við slógum á þráðinn til hans. „Um páskana var ég með í Jesus Christ Superstar. Þetta var sjöunda sýningin og hefur gengið mjög vel. Síðan var ég á Trúbrotstónleikunum. Þá spilaði ég um daginn í rokkmessu hjá Ástjarn-

arkirkju sem sömuleiðis var mjög skemmtilegt. Núna erum við að undirbúa tónleika með Mezzoforte. Það er þegar orðið uppselt og við erum að íhuga aðra tónleika deginum áður. Svo erum við að fara norður á Akureyri bæði með Trúbrot og Mezzoforte. Við leikum allir úr Mezzoforte á Trúbrotstónleikunum,“ segir Friðrik en með honum í hljómsveitinni eru Eypbór Gunnarsson, Jóhann Ásmundsson og Gunnlaugur Briem.

## DÓTTIRIN FETAR Í FÓTSPOR FÖÐURIS

Friðrik flutti heim frá London fyrir tveimur árum. „Ég er svo sem alltaf með annan fótinn í Englandi þar sem ég fæ þó nokkuð af verkefnum þar. Ég bjó í London í rúm 20 ár og það var eiginlega hugmynd dóttur minnar að flytja heim til Íslands,“ segir Friðrik sem er frásakilinn en dóttir hans, María Von, 14 ára, býr hjá honum.

„Hún er mikil pabbastelpa. Hana langaði til að vera Íslendingur. Hún fann vel þegar við komum hingað að hversu miklu meira frjálshæði það væri að búa á Íslandi. Hér geta unglingar farið einir í bíó sem þekkest ekki í London. Það er miklu einfaldara lífið hér,“ segir Friðrik. „María er eina barnið mitt og hún er að fíkra sig áfram á tónlistarbrautinni. Hún fermdist fyrir stuttu og þá flutti hún tvö frumsamin lög á píanó. Ég beið á hliðarlínunni hvort hún væri með tónlistina í sér en svo allt í einu blómstraði hún í þessu,“ segir stoltur faðirinn.

**TVÖ SYSTKINI Í ÞÝSKALANDI**  
Friðrik, sem er hálfur Þjóðverji, segir að mikil tónlist sé í föðurættinni en faðir hans fæddist í Berlín en kom til Íslands eftir stríð. „Það voru 40 ár á milli okkar pabba, hann var fæddur 1920. Pabbi var eins og aðrir Þjóðverjar mjög iðjúsamur og ég fann fyrir þýskum áhrifum frá honum. Ég á tvö hálf systkin í Þýskalandi sem ég er að vinna í að hitta. Ég hef lengi leitað að þeim og fann systur mína. Hún vildi hins vegar ekki hitta mig og það voru mikil vonbrigði. Ég hef hins vegar ekki gefist upp og vonast til að fá að hitta þau einhvern tíma,“ segir hann. „Mér finnst alltaf mjög gaman að koma til Berlínar, við

í Mezzoforte höfum spilað þar nokkrum sinnum.“

## MISSTI 30 KÍLÓ

Á undanförunum árum hefur Friðrik gefið út fjölda diska með róandi slökunarmúsík. „Ég er búinn að gefa út 20 slíka diska og það er safndiskur á leiðinni. Ég stunda hugleiðslu reglulega, jóga og pílates. Þar fyrir utan stunda ég sund daglega. Ég er því frekar heilbrigður,“ segir hann og hlær. „Ég hef alltaf verið inni á þessari heilbrigðu línu og það eykst frekar en hitt.“

Friðrik á afmæli á morgun og ætlar að bjóða dóttur sinni út að borða í tilefni dagsins. Hann borðar eingöngu lágkolvetnafeði og hefur gert það í rúmlega ár. Á þeim tíma hefur hann misst 30 kíló. „Ég fór á námskeið hjá Þorbjörgu Hafsteinsdóttur sem var frábært. Maður breytir um lífsstíl. Þor-



Það hefur margt verið að gerast hjá Friðriki undanfarið og á næsta ári heldur Mezzoforte upp á 40 ára afmælið. MYND/STEFÁN

björg hafði mikil áhrif á mig. Eftir að ég byrjaði á lágkolvetnamat hef ég verið duglegur að elda heima. Ég er þó ekkert að troða þessu mataræði upp á dóttur mína.“

## SÍMTAL FRÁ KATE BUSH

Friðrik fékk símtal frá Kate Bush þegar hún ákvað að koma fram á nýjan leik eftir 35 ára hvíld frá tónlistinni. „Hún bað mig að vera í bandinu á 22 tónleikum sem voru í London. Það var rosalega gaman að upplifa það. Í salnum fyrsta kvöldið sátu Paul McCartney, Elton John ásamt öðrum stórstjörnum. Þetta er líklegast mitt stærsta verk,“ segir Friðrik. „Það er búið að biðja Kate að endurtaka þessa tónleika sem voru árið 2014 en hún hefur ekki sýnt því áhuga,“ segir hann. Þess má geta að þegar tónleikar hennar voru auglýstir seldust miðarnir upp á metttíma í Bretlandi. Friðrik segir að oft komi verkefni upp með litlum fyrirvara. „Það er reyndar mjög skemmtilegt að fá verkefni óvænt. Þegar Kate hringdi hélt ég reyndar að einhver væri að stríða mér,“ segir Friðrik sem býst við að nóg verði að gera hjá sér í sumar. [elin@365.is](mailto:elin@365.is)

# 25%

- af logobolum
- af stuttbuxum
- af 501CT

Sumartilboð  
Levi's gildir til  
sunnudagsins 24. apríl



LIVE IN **Levi's**

Levi's Kringlunni - Levi's Smáralind - Levi's Glerártorgi

**FÓLK ER KYNNINGARBLAD** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gisladóttir**, [solveig@365.is](mailto:solveig@365.is), s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir**, [vera@365.is](mailto:vera@365.is), s. 512 5357 | Sölu menn: **Atli Bergmann**, [atlib@365.is](mailto:atlib@365.is), s. 512 2447, **Bryndis Hauksdóttir**, [bryndis@365.is](mailto:bryndis@365.is), s. 512 5434, **Jóhann Waage**, [johannwaage@365.is](mailto:johannwaage@365.is), s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson**, [jonivar@365.is](mailto:jonivar@365.is), s. 512 5429



**i Incrediwear**

RANNSÓKNIR HAFA SÝNT FRAM Á AÐ EFNID EYKUR BLÓÐFLÆÐI SEM

# MINNKAR SÁRSAUKA



ÍPRÓTTA-  
IÐKUN



LYFTINGAR



Á HVERJUM  
DEGI



HRAÐARI  
ENDURBATI



EYKUR  
BLÓÐFLÆÐI



VIÐHELDUR RÉTTU  
RAKASTIGI



HITA-  
JAFNANDI



MINNKAR  
SÁRSAUKA

## Incrediwear vörurnar eru magnaðar og bera nafn með rentu.

Um er að ræða hlífar og fatnað með ótrúlega virkni við að auka blóðrás og hitamyndum sem getur dregið úr sársauka, bólgum, stífleika og þreytu.

Vörurnar hljóta meðmæli sérfræðinga á heilbrigðissviði og eru m.a notaðar af afreksíþróttafólki um heim allan og eru þróaðar út frá vísindalegum rannsóknum.

Þessi mikla virkni kemur til út af byltingarkenndu fataefni sem samanstendur af bambus (kola) trefjum og Germaníum.

Ég æfi og keppi mjög mikið og það er gríðarlegt álag á líkama mínum. Ég hef verið að nota hnéhlíf, ökklahlíf og sokka frá Incrediwear og ég finn verulegan mun á mér, minni spennu og bólgur. Ég mæli alveg sérstaklega með sokkunum, þeir eru mjög þægilegir og ég þreytist mun síður í fótunum þegar ég nota þá.

**Víðir Þór Þrastarson**  
Íþróttá- og heilsufræðingur



ÚTSÖLUSTADIR: ÚTILÍF KRINGLUNNI - ÚTILÍF SMÁRALIND - INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA



„Það myndaðist fljótt sérstakur og skemmtilegur mórall eins og gerist oft í svona verkefnum,” segir Vignir Rafn Valpórsson. MYND/PJETUR

# MIKIÐ ÆVINTÝRI OG SMÁ MISSKILNINGUR

Landsmenn hafa skemmt sér vel yfir Lige glad undanfarnar vikur þar sem ýktar persónur og vandræðalegar aðstæður skipa stóran sess. Tökuferlið var fimm vikna stanslaus vinna en allir skemmtu sér vel.

Sjónvarpsþátturinn Lige glad hefur fengið afar góðar viðtökur meðal landsmanna á öllum aldri. Næst-síðasti þáttur seríunnar verður sýndur á morgun, sunnudag, en þættirnir segja frá ævintýrlegu ferðalagi þeirra Önnu Svövu, Helga Björns og Vignis Rafns í Danmörku.

Hugmyndin að þáttunum er um fjögurra ára gömul að sögn Vignis Rafns Valpórssonar og fæddist vafalaust yfir kaffibolla eða björglasi. „Upphaflega þælingin var að reyna að finna verkefni þar sem við vinirnir gætum unnið eitthvað saman í útlöndum og fengið smá frí í leiðinni. Eitthvað misreiknuðum við okkur því tökuferlið var stanslaus vinna í fimm vikur þegar á hólminn var komið og við fengum frí rétt yfir blánóttina.“

## OF STÓRAR HUGMYNDIR

Handritshöfundar Lige glad eru Anna Svava og Vignir, sem hafa þekkt síðan þau voru saman í Leiklistarskólanum, og leikstjórninn Arnór Pálmi Arnarsson. „Anna Svava og Arnór hófu handritsvinnuna og ég kem síðar inn í hópinn. Á þessu tímabili köstuðum við

hugmyndum milli okkar fram og til baka. Stundum fengum við of stórar hugmyndir þar sem þurfti að skrifa kringum hlutina til að leysa þær. Um leið fæddust bara aðrar betri hugmyndir og þannig byggðist handritið upp smátt og smátt með tímanum.“

Þættirnir voru teknir upp í október í fyrra á Stór-Kaupmannahafnarsvæðinu. „Þótt þetta hafi verið mikil vinna var hún um leið mjög skemmtileg. Með okkur var hópur danskra starfsmanna sem voru virkilega góðir og vel skipulagðir.“

## DOKTORSGRÁÐA Í PARTÍUM

Stemningin var frábær á töku-stað, enda ekki annað hægt þegar Helgi „fokking“ Björns er með í för. „Þetta var frábær tími þótt við hefðum geta þegið fleira starfsfólks. Það myndaðist fljótt sérstakur og skemmtilegur mórall eins og gerist oft í svona verkefnum. Svo er það með Íslendinga í útlöndum, þeir kunna að skemmta sér þar. Það var heldur ekkert slæmt að hafa með mesta stuð-bolta landsins, sjálfan Helga „fokking“ Björns, sem er með doktorsgráðu í partíum. Hann er alveg jafn skemmtilegur og hann lítur út fyrir að vera og mikill töffari. Það er ekki leiðinlegt, þegar maður reynir að vera töff, að hafa sjálfa prótótýpuna með sér.“



Helgi Björns og Vignir Rafn.

## FÖST Á EYJU

Undanfarnar þrjú ár hefur Vignir að mestu leyti leikstýrt sýningum í Borgarleikhúsinu og um helgina og næstu helgi verða síðustu sýningar á Illsku, verki sem hann stýrir og er byggt á skáldsögu Eiríks Arnar Norðdahl. „Svo er bara sumarið fram undan, ef það kemur einhverntíman. Unnusta mín, Þórunn Arna Kristjánsdóttir, er föst á grískri eyju á fjöllum Borgarleikhússins langt fram á sumar. Þegar hún losnar úr þeirri ánaud gerum við eitthvað saman ásamt tveggja ára dóttur okkar. Svo þarf ég alltaf að komast til Svíþjóðar, a.m.k. einu sinni á ári. Ég fæddist í fyrirmyndarríkinu og þangað fer ég til að hlaða batteríin á hverju ári.“

Undanfarnar þrjú ár hefur Vignir að mestu leyti leikstýrt sýningum í Borgarleikhúsinu og um helgina og næstu helgi verða síðustu sýningar á Illsku, verki sem hann stýrir og er byggt á skáldsögu Eiríks Arnar Norðdahl. „Svo er bara sumarið fram undan, ef það kemur einhverntíman. Unnusta mín, Þórunn Arna Kristjánsdóttir, er föst á grískri eyju á fjöllum Borgarleikhússins langt fram á sumar. Þegar hún losnar úr þeirri ánaud gerum við eitthvað saman ásamt tveggja ára dóttur okkar. Svo þarf ég alltaf að komast til Svíþjóðar, a.m.k. einu sinni á ári. Ég fæddist í fyrirmyndarríkinu og þangað fer ég til að hlaða batteríin á hverju ári.“



Vignir Rafn Valpórsson og Anna Svava Knútsdóttir á góðri stundu á Stríkinu.

# SÓFADAGAR

50%  
afsláttur  
af völdum  
sófum



MESOLA TUNGUSÓFI  
ÁÐUR: 275.000.-  
NÚ: 137.500.-



DRAKE SÓFI  
ÁÐUR: 225.000.-  
NÚ: 112.500.-



MESOLA  
ÁÐUR: 195.000.-  
NÚ: 97.500.-



LAND SÓFI  
ÁÐUR: 275.000.-  
NÚ: 137.500.-



SALOON LEÐURSÓFI  
ÁÐUR: 470.000.-  
NÚ: 235.000.-

FYRSTUR  
KEMUR  
FYRSTUR  
FÆR

habitat



TEKK COMPANY OG HABITAT | SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI  
SÍMI 564 4400 | OPÍÐ MÁN-LAU KL. 10-18 OG SUN KL. 12-17  
VEFVERSLUN Á WWW.TEKK.IS

TARAMAR

## TARAMAR UM HELGINA Í HAGKAUP GARÐABÆ

Nú eru húðvörurnar frá TARAMAR komnar í Hagkaup Garðabæ. Ráðgjafi verður á staðnum kl. 13-17 báða dagana og veittur verður **20% afsláttur** af öllum TARAMAR vörum.

TARAMAR beitir sérþróuðum aðferðum til að einangra öflug lífvirk efni úr sjávarfangi og lífrænt ræktuðum lækningajurtum. Við notum engin ertandi eða skaðleg efni, engin hefðbundin rotvarnarefni og engin efni úr erfðabreyttum jurtum.

Sölustaðir: Leifstöð Duty Free, Hagkaup Kringlunni, Smáralind og Garðabæ, Lyf & heilsa, Lyfja, Heilsuhúsið og Gló | [tamar.is](http://tamar.is)



# Blómapottar

Mikið úrval af blómapottum í öllum stærðum og gerðum

**Tilboð**

Skeifan 3j | Sími 553 8282 | www.heilsudrekin.is

**HEILSU DREKINN**



Hér má sjá yfirlit yfir hugmyndir barnanna.



Börnin gerðu marglitar keilur úr kókflöskum og lituðu vatni.



Nokkur fyrirtæki lögðu verkefninu lið og létu ýmislegt af hendi rakna.



Börnin vildu meðal annars grafa göng í gegnum hólinn og hoppa af húspökum, sem fullorðnum þykir síður æskilegt. Reynt var að mæta þeim á miðri leið.


ALLA DAGA KL. 19:00

# F.R.I.E.N.D.S

**GULLSTÖÐIN**

ALLRA BESTU VINIR ÞÍNIR ERU Á GULLSTÖÐINNI ALLA DAGA KL. 19.00

365.is | Sími 1817 **365**



Áhersla er lögð á félagsþroska og sköpun í námskrá leikskólans.



Börnin komu með hugmyndir að hljóðverki, vatnsvegg og vindrellum svo eitthvað sé nefnt.

## FRUMKVÖÐLAR FRAMTÍÐARINNAR

Leikskólinn Hlíð í Engihlíð tekur þátt í Barnamenningarhátíð í ár með verkefninu Út að leika. Börnin á leikskólanum héldu sína eigin litlu barnamenningarhátíð í gær og sýndu afraksturinn.

Opíð 10-18.00 virka daga og laugardaga 11-15  
www.100bilar.is

#### Bílar til sölu



Toyota Land Cruiser 120. Fallegur og vel með farinn bíl. Nýleg vél, drif læsing að framan og aftan og auka olútankur. Uppl. í s. 6997720

#### til sölu



Ekinn 21.000

### VW Golf 3.690.000 KR

Comfortline R-Line 2014

R-line útlitspakkí - Dijon 17 tommu álfelgur - Sóllúga (Panorama) - Skyggðar rúður - Sportsæti - Sportfjóðrun - Fjölrofa stýri - Xenon og led ljós

Klettháls 13  
HeklaNotadirBilar.is  
590 5040

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR

**500-999 þús.**



**GÓÐUR JEPPLINGUR - TILBOÐ 590 ÞÚS**

Hyundai Santa fe 4x4 V6 2004 Sjálfskiptur ek.174 þús, ný harðkorna dekk, smurbók, vel við haldinn bíll aðens 2 eigendur, ásett verð 790 þús TILBOÐ 590 þús möguleiki á 100% vísaláni í 36 man s.841 8955

**Bílar óskast**

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**

Má þarfnast lagfæringa.

Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

**Sendibílar**



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

**Húsbílar**

**rotor.is**



**Dótabúð**

**Rótor ehf, s. 5554900  
Helluhrauni 4, H.f**

Til sölu húsbíll VW LT 35 árg. 2001 ek. 129þús. Sk. '17 með bilaða vél. Verð 800þús Uppl. í s. 861 0096

**Kerrur**



Til sölu ný yfirbyggð kerra. Hugsuð aftan í rútur. Á fjöðrum. Stærð: 150\*120 Hæð: 150. Verð 390.þ.kr. S:843-8282

**Hjólhýsi**



LMC Dominant 560 hjólhýsi árg: 2006 til sölu. Eitt með öllu. Alde hitakerfi, stór ísskápur með frystihólf, útvarp, sólarsetla, loftnet, Markísa og stórt fortjald með gólfmottu, aðeins upphækkað á loftpúða fjöðrun. Reyklaus vagn. Verð 3 milj. Uppl. í s. 825 7092

**Bátar**



Bátur til sölu. Lengd 6,8m. Vél Volvo Penta 200. Selst á mjög sanngjörnu verði. Uppl. í s. 8928825

**Alternatorar og startarar í báta.**



Mikið úrval í bæði 12V og 24V.

**Bílaraf**

Flatahrauni 25 - Hafnarfirði  
Sími 564 0400  
www.bilaraf.is



Terhi more Fun 3 manna plastbátur til sölu m. kerru - fishfinder og græjum- m.20hk Mercury utanborðsmótor-el. start- Power tilt & trim Allt nýtt síðan nóv 2011. Verð 1,5m Uppl. sími 851 1118

**Hjólbarðar**

**VAKA**



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.



**HJÓLBARÐAR OG FELGUR**

Pirelli P275/55R20 sportion ATR. 25% slitin. Continental 205/60-R16H. Nýjar álfelgur 16 tommu 4 gata. Tilboð óskast. s. 8957199 Ómar.

**Varahlutir**

Allir varahlutir úr Vento '97 ekinn 116.000 Vél 1600 Boddýhlutir einungis afgreiddir til 30. apríl Ótrúlegt verð. S: 8465446

**Fellihýsi**

**VÍKURVERK  
NOTAÐIR VAGNAR**



**VÍKUR  
V·E·R·K**  
Kauptúni 3 • 210 Garðabær  
Sími 522 2222 • vikurverk.is

**ÞJÓNUSTA**

**Hreingerningar**

Tek að mér þríf á einkaheimilum. Öll almenn heimilisþríf í boði. Vönduð vinnubrögð. Aneta s:7854272.Pantanir frá 17-22

**Garðyrkja**

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á gördum. Uppl. í s. 616 1569.

Felli tré, grisja og klippi runna. Halldór garðyrkjum. Sími 698 1215

**Bókhald**

**Bókhald**

- Skattframtöl einstaklinga
- Skattframtöl fyrirtækja
- Bókhald einstaklinga og fyrirtækja
- Bókhald húsfélaga
- Laun og skilagreinar
- Stofnun fyrirtækja

**Sanngjarnt verð**

**Bókhaldsþjónustan Viðvik ehf**  
Síðumúla 1 108 Reykjavík  
581-1600 • www.vidvik.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**Málarar**

**MÁLNINGI**

Alhliða málningaráþjónusta. Fagmennska og vönduð vinnubrögð. Sími 659-2959 ingimalari@maxco.is

**REGNBOGALITIR**

Pakmálun, útimálun, múrviðgerðir. Innimálun, spörtlun, viðhaldsþjónusta. Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. S.891 9890 malarar@simnet.is

**Rafvirkjun**

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Þjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

**NÝTT OG BETRA APP**



Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið hvar og hvenær sem er.

Fáðu Fréttablaðið ókeypis í símann eða spjaldtölvuna.

Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum



**FRÉTTABLAÐIÐ**



**Búslóðaflutningar**

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., plánöfl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Miklaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

**Húsviðhald**

**Parketslípun**  
sólpallaslípun | parketlagnir  
551 1309 / 690 5115  
golflist@golflist.is  
www.golflist.is



99% RYKFRITT

**k2**  
LOFTSTOKKAHREINSUNIN

- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**MASALA EHF.**

**NÝSMÍÐI OG VIÐHALD.**

Getum bætt við okkur verkefnum gipsvinnu, parketlagnir og allt almennt viðhald. Erum farnir að taka niður tímabantanir f. sólpallasmíði f. sumaríð 2016. Uppl. í s. 663 3944 Ingi og 663 3955 Ragnar

**MARKMÍÐ VERKTAKAR**  
ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD

Smiðavinna · Pipulagnir · Rafslagir  
Málningavinna · Múrvinna · Flísalagnir  
Hellulagnir · Jarðvinna · Lóðavinna

**Tilboð þér að kostnaðarlausu**  
Uppl. í síma: 820 8888 eða markmid@markmid-ehf.is

**PAK.IS**

Eru þakrennurnar og niðurföllinn farinn að leka? Hafðu samband við okkur við tökum að okkur uppsetningar og endurnýjun og hreinsun á þakrennum. Einnig Þakskipti, Þakmálun, Stífúlosun og alla aðra blikk eða smíðavinnu. Uppl. í s. 6996980

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flötun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254

Múrarmeistari og málarameistari geta bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 8966614

**Spádómar**

Spái í Tarot og bolla tek heim og í gegnum síma. Ein af þeim bestu. Trúnaður. Kristín s. 8979002.

**SPÁSÍMINN 908 5666**

Stjórnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Ábendingahappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



**KEYPT & SELT**

**Til sölu**



Til sölu Falch T5h 500bar '08 hábrýstidæla í góðu standi. Óflug, lítið notuð vél sem hitar í 100 gráður. Ymsir aukahlutir ss helluhreinsibúnaður. Verkefni fyrirleggjandi ef vill. Verð 5.990þ auk vsk. Sími 822 4060



Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

**Óskast keypt**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldreyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

**Sjónvarp**

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Lítsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

**SKÓLAR & NÁMSKEIÐ**

**Ökukennsla**

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

**HÚSNÆÐI**

**Húsnæði í boði**

**SEYÐISFJÖRÐUR**  
2herbergja 64fm kjallaraíbúð á góðum stað 70þ m/hita&raf. Laus strax s: 778 3340

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**  
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á [www.leigulistinn.is](http://www.leigulistinn.is) eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**Sumarbústaðir**

Útvegum efni í hágæðatimburhús frá Finnlandi. Sumarhús- einbýlishús Fjölbreytt úrval- gott verð. Upplýsingar hjá [ghalldor@simnet.is](mailto:ghalldor@simnet.is)



**Atvinnuhúsnæði**

**IÐNAÐAR/ GEYMSLUHÚSNÆÐI**  
Óskum eftir ca. 20-40 fm upphituðu geymslu/iðnaðarplássi fyrir verkfæri og tæki iðnaðarmanna. Verðhugmynd 30 - 50 þús. Þorsteinn 893-6994.

**Geymsluhúsnæði**

**GEYMSLUR.IS**  
SÍMI 555-3464  
Parftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

**ATVINNA**

**Atvinna í boði**



**STARFSFÓLK ÓSKAST Í EFTIRFARANDI STÖRF.**

- a) Manneskju í bókhald. 50-100% starf. Sveigjanlegur vinnutími.
  - b) Manneskju í móttöku. 50-100% starf. Sveigjanlegur vinnutími.
  - c) Menn í smur- dekkjavinnu og léttar viðgerðir.
- Áhugasamir vinsamlega sendið tölvupóst með kynningu á [hinrik@ng.is](mailto:hinrik@ng.is) fyrir 26. apríl.



Verslunin Kvosin óskar eftir ábyrgum og samvískusömum einstakling á helgarvaktir. Einungis 18 ára og eldri koma til greina. Reynsla af afgreiðslustörfum æskileg. Vinsamlegast sendið ferilskrá og uppl. um meðmælendur á [telma@kvosin.is](mailto:telma@kvosin.is) fyrir 28. apríl.

**VANTAR VANA MENN Á DEKKJAVEKSTÆÐI DEKKVERK. NOKKRAR STÖÐUR LAUSAR.**

- 1. Verkamaður á gólfí.
- 2. Sölumaður í afgreiðslu.
- 3. Sumarstarfsmenn í törn tímabundna vinnu.

Góð laun í boði fyrir hraða og góða menn. Möguleikar á stöðuhækkun og framtíðarstarfi fyrir klára menn. Vinnutími 10-19  
Upplýsingar í síma 578-7474 Einar Björgvin, eða koma á staðinn

**VERKMENN**  
óska eftir verkamönnum í jarðvinnu, hellulagnir og fleira. Purfa að hafa reynslu. Uppl. í s. 897 8011

**SUMARSTARF.**  
Okkur vantar hressan og duglegan reyklusan einstakling í vinnu í sumar við Prif á bílum og önnur tilfallandi verk fram á haust. Unnið frá kl. 08.00 -17.00 virka daga og aðra hvora helgi. Áhugasamir sendi inn umsókn á [job@happycampers.is](mailto:job@happycampers.is) þar sem fram kemur aldur og hvenær viðkomandi getur byrjað. Happy Campers - Stapabraut 21 - 260 Reykjanesbær.

**til sölu**



Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Súðarvogur 5 • Sími 566-6630 • [gluggagerdin@gluggagerdin.is](mailto:gluggagerdin@gluggagerdin.is)

**Þjónustuauglýsingar**

Sími 512 5407

**VARAHLUTIR**  
Iveco • Benz • Man • Renault  
Varahlutabjónusta  
**VÉLANAUST ehf**  
Áhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • [www.velanaust.is](http://www.velanaust.is)

Sími 550 9800 [www.tjaldaleiga.is](http://www.tjaldaleiga.is)

**Tjaldaleiga skáta**

Við leigjum samkomutjöld af ýmsum stærðum og gerðum sem henta við hin fjölbreyttustu tækifæri.

**HELLUBJARG ehf**

Lóðavinna Hellulagnir  
Drenlagnir Gröfuþjónusta  
Uppúrtekt Jarðvegsskipti

Hellubjarg.is S: 693-0405/897-5358

**Iveco**  
Viðgerðar- og varahlutabjónusta  
**VelRás**  
Sími 555 6670 • [www.velras.is](http://www.velras.is) • Áhella 4 • Áhella 8

**Eftirlitsmyndarvél fyrir sumarhústaði og heimili.**

- Tekur venjulegt GSM SIM kort.
- Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
- SMS og MMS viðvörn í síma og netf.
- Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
- Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
- Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
- Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.

Uppl. í síma 699-6869 og [rafeindir@internet.is](mailto:rafeindir@internet.is)

• Jarðvegsvinna  
• Steypusögun  
• Kjarnaborun  
• Múrbrot  
• Húsaríf  
• Öll almenn verktakavinnu

**BROTAFLL**  
STEINSÖGUN • BORUN • BROT

Brotafll ehf  
Símar 894 8040  
894 8044  
Fax 565 0050  
[brotafll@simnet.is](mailto:brotafll@simnet.is)

**BLIKK**  
Rör • Tengiefni • Viftur • Loftræsting  
Heildsala • Smásala  
**Íshúsið ehf**  
Smíðjuvegur 4a, Græn gata, Kópavogur | 566 6000

**Parketslípun**  
sólpallaslípun | parketlagnir  
551 1309 / 690 5115  
golflist@golflist.is | [www.golflist.is](http://www.golflist.is)



99% RYKFRITT

**BÍLAPJÓNUSTA BJARKA**  
alhliða bílaviðgerðir

Tímabantanir s: 445 4540/697 4540  
Viðarhöfði 2b 110 Reykjavík



**Alla fimmtudaga og laugardaga**

[arnarut@365.is](mailto:arnarut@365.is) [sigrunh@365.is](mailto:sigrunh@365.is)

til sölu



**OPIÐ Í DAG  
LAUGARDAG  
MILLI KL. 13 OG 16**

## HEITIR POTTAR

Við hjá NormX höfum framleitt heita potta fyrir íslenskar aðstæður í yfir 30 ár. Við bjóðum fjölda gerða og lita ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.



### Smáhýsi til sýnis og sölu í Auðbrekku 6 Kópavogi

Bjóðum nú einnig 14,9m<sup>2</sup> smáhýsin ósamsett í 7 einingum, gluggar og hurðir komið í einingar, og gólf og þakeningar fullinangraðar, verð við verksmiðjudyr með vsk kr. 1.930.000,-



Nánari upplýsingar veitir Kjartan Ragnarsson í síma 770 5144

### Við framleiðum lok á alla potta



Snorrallaug



Gvendarlaug



Grettislaug



Unnarlaug



Geirslaug

# NORMX

Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · www.normx.is

## Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífnum og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is



Olíudreifing

Meiraprófsbilstjórar

Við leitum að bilstjórum með meirapróf í framtíðar- og sumarstörf í Reykjavík og í sumarstörf á Akureyri og á Reyðarfirði.

Nánari upplýsingar veitir Helgi Marcher Egonsson í síma 550 9937 (Reykjavík og Austurland) og Guðjón Páll Jóhannsson í síma 550-9910 (Akureyri).

Olíubirgðastöðin í Helguvík

Við leitum að starfsmönnum í framtíðar- og sumarstörf í olíubirgðastöðinni í Helguvík.

Nánari upplýsingar veitir Guðni Georgsson í síma 550-9907. Við hvetjum jafnt konur og karla til að sækja um störf. Nánari upplýsingar á www.olíudreifing.is

### HELLULAGNIR - JARÐVINNA

#### PAVERS - LANDSCAPING

Óskum eftir fólki í hellulagnir og jarðvinnu, Mjög góð laun í boði fyrir vana menn. Uppl. S: 698-0098 - thoir@stjornugardar.is

Pavers - Landscaping

Want to hire people to work in landscaping. Good wages for qualified workers! Info: 698-0098 - thoir@stjornugardar.is

#### SMÍÐIR

Vantar smíði vana uppslætti og verkamenn. Næg vinna í boði. Íslenskukunnátta æskileg. Áhugasamir hafi samband í s. 898 9293 & 662 0400

#### HANDYMAN

Handlaginn óskast við að mála, tiltektir og fl. Uppl. í síma 66 45 902 og 6645900

#### JÁRNABINDINGAR

Járngrímur óskar eftir mönnum. Áhugasamir hafið samband S. 863 6208 & olafurjarn@gmail.com

Vélstjóra vantar á bát í ferðaþjónustu með 408 hp-vél sem verður gerður út frá Húsavík. Þarf að vera með stærra vélavaranámskeið. Uppl. í s. 865 6832

### Atvinna óskast

#### VANTAR ÞIG STARFSMENN?

Erum með iðnaðarmenn og almenna verkamenn á skrá sem geta byrjað fljótlega. Einnig bilstjóra með meirapróf

Við finnum rétta mennina fyrir þig.

Verkleigan sími:780-1000

e: vinna@verkleigan.is

#### GETUM BÆTT VIÐ OKKUR STARFSMÖNNUM:

- \* í bífvélavirkjun
- \* í múrverki
- \* í málningavinnu

Vinsamlega sendið CV eða helstu upplýsingar á netfangið tokatimar@gmail.com

skemmtanir



# Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

## Leikir helgarinnar

Laugardaginn 23. apríl

13:50 Liverpool - Newc. United

16:10 Everton - Man. United

Sunnudaginn 24. apríl

12:55 Sunderland - Arsenal

15:05 Leic.City - Swansea City



RÚNAR ÞÓR

Daginn sem ég sá þig!

Rúnar Þór,  
Rúnar Villa Valla,  
Björgvín Gísla  
og Siggí Árna  
spila um helgina.

Allir velkomnir

<http://www.facebook.com/cafecatalina>

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn





Grétar Jónsson, einn eigenda Aurora Reykjavík. MYND/PJETUR



Eitt sýningarherbergja Aurora Reykjavík. MYND/PJETUR



Mikið úrval af handunni íslenskrí vöru er í boði. MYND/PJETUR



Gestur Aurora Reykjavík nýtur norðurljósanna í sýndarveruleika.

# Töfrandi veröld norðurljósanna

Með nýjustu tækni og margmiðlun geta gestir norðurljósasetursins **Aurora Reykjavík** fræðst um norðurljósin. Setrið var eitt fyrsta ferðþjónustufyrirtækið á Grandanum og líta aðstandendur þess björtum augum á framtíðina.

Á norðurljósasetrinu Aurora Reykjavík geta gestir fræðst og notið norðurljósanna með ýmskonar margmiðlun auk þess sem þeir fá aðstoð við að stilla myndavélarnar áður en þeir fara í norðurljósaferðir með þeim fjölmörgu ferðþjónustufyrirtækjum sem bjóða upp á slíkar ferðir.

Setrið var stofnað í júní 2013 og er hugarfóstur þeirra Grétars Jónssonar, Harðar Finnbogasonar og Ólafs Haraldssonar. Allir eru þeir miklir áhugamenn um norðurljósin og ljósmyndun en jafnframt allir með mjög ólíkan bakgrunn. Grétar er alþjóða viðskiptafræðingur, Hörður er ferðamálafræðingur og Ólafur er gagnvirkur hönnuður.

Að sögn Grétars eru mörg dæmi þess að upplýsingamiðstöðvar, ferðþjónustufyrirtæki og hótél sendi ferðamenn til þeirra einungis til að stilla myndavélarnar. „Þeir sem vinna í norðurljósaferðum vita að ekkert er verðmætara fyrir viðskiptavininn en að fanga norðurljósin á mynd og þar getum við hjálpað til. Það er ekki gefið að sjá norðurljósin á Íslandi, stundum er veðrið að stríða okkur og svo sjást þau auðvitað



Eins og sjá má koma gestirnir viðsvegar að. MYND/PJETUR

ekki yfir sumartímam. Yfir sumarið koma því margir ferðamenn til okkar og fræðast um norðurljósin hjá okkur.“

## Mikill metnaður

Að sögn Grétars eru þeir alltaf að eltast við nýjustu tækni og hafa mjög mikinn metnað til að veita gestum allt það besta sem í boði er þegar kemur að margmiðlun. „Núna erum við að vinna að því að búa til 360 gráðu sýndarveruleika. Við erum í raun komnir með efni sem við erum byrjaðir að sýna gestum okkar en það krefst mikillar tæknikunnáttu og góðs tækjabúnaðar.“

Þessa dagana geta gestir skoðað myndbönd í sýndarveruleikagleraugum frá Samsung. „Þannig getur þú staðið á ýmsum stöðum á Íslandi og það þig í norðurljósunum. Með því að snúa höfðinu breytist sjóndeildarhringurinn og þér finnst eins og þú sért á staðnum. Þetta er svo raunverulegt að við látum fólk sitja því annars flýgur það á hausinn. Það er ótrúlega gaman að fylgjast með gestunum því þeir brosa allan hringinn meðan á þessu stendur og lengi á eftir.“

Aurora Reykjavík var með fyrstu ferðþjónustufyrirtækjunum á Grandanum. „Fyrir var Sjóminjasafnið Vík og raunar fátt annað. Þetta var því ákveðin áhætta sem við tókum. Þegar hugmyndin um Aurora Reykjavík fæðist höfðum við ákveðnar hugmyndir um hvernig við vildum að sýningin væri uppbyggð en líka hvernig andrúmsloft við vildum hafa þar. Við þurftum þokkalega stórt húsnæði og þegar borgin auglýsti gamla Ellingsenhúsið til sölu leist okkur vel á. Því slógum við til og létum hendur standa fram úr ermum. Ég var á kafi í rekstri skemmtistaðarins Factory á þeim tíma og það var eithvað spes andrúmsloft þar sem við vildum reyna að koma að hjá okkur. Því söfnuðum við í lið af ungum hæfileikaríkum smiðum, gróffurum, listamönnum og hönnuðum og ákváðum að leyfa þeim að ráða ansi miklu um útkomuna en alltaf með þetta andrúmsloft í huga.“

## Ótrúleg stemning

Fyrsta árið var frekar einmanalegt á Grandanum að sögn Grétars og svo fóru hlutirnir að breytast.

„Í dag er ótrúleg stemning meðal ferðamanna sem koma niður á Granda og njóta alls sem þar er á boðstólum. Í 100 metra radíus má heimsækja þrjú söfn auk okkar, ísbúð, reiðhjólaverslun, nokkur gallerí, sérverslanir með mat, brugghús og veitingastaði.“

Hann segir þá félagi ótrúlega stolta yfir að vera ákveðin brautryðjendur í því að koma ferðþjónustunni niður á Granda. „Ekki var vanþörf á þar sem miðbærinn var orðinn vel þéttur. Uppbyggingin á Granda er því rökrétt framhald af öllu því skemmtilega sem er að gerast við gömlu höfnina og Hótel Marína. Vonandi fær Grandinn að gerjast áfram í þeirri mynd sem hann er í í dag, máttulega mikil ferðþjónusta, grasrót, listir og menning ásamt iðnaði. Þetta er ótrúlega mikil flóra af starfsemi þar sem heimamenn í sátt við ferðamenn njóta sín til fulls við að skapa og versla. Við sjáum ekki annað en að Grandinn sé kominn til að vera sem svona „fusion“ hverfi þar sem sköpunargleðin ræður ríkjum.“

Nánari upplýsingar má finna á [www.aurorareykjavik.is](http://www.aurorareykjavik.is).



Nettóverslunin á Granda er við Fiskislóð. Verslunin er opin allan sólarhringinn. MYND/PJETUR



Kjötborðið er spennandi með úrvali af kjöti og fiski. MYND/PJETUR



Ferskir ávextir og grænmeti í miklu úrvali. MYND/PJETUR



Í Nettó á Granda er bakað á staðnum. MYND/PJETUR

# Lágt verð allan sólarhringinn

Verslun **Nettó á Granda** leggur áherslu á mikið vöruúrval og fyrsta flokks gæði. Verslunin er opin allan sólarhringinn sem margir nýta sér. Í versluninni á Granda er frábært kjötborð og mikið úrval af lífrænt ræktuðum matvælum. Nettó Granda er hluti af lágverðskeðju.

Mikil gróska hefur byggst upp á Grandanum í skemmtilegu umhverfi. Þar á meðal er verslun Nettó sem var opnuð í ágúst 2013. Verslunin var opnuð á föstudegi fyrir verslunarmannahelgi og hleypa þurfti viðskiptavinum inn í hollum, svo mikil var traffíkin. Geir Magnússon er verslunarstjóri í Nettó á Granda. Hann segir að verslunin hafi mikla sérstöðu gagnvart öðrum lágverðsverslunum á Grandanum. „Við erum eina verslunin sem hefur opið allan sólarhringinn hér á þessu svæði. Það hefur verið mjög vinsælt og alltaf að aukast. Fólk vinnur á öllum mögulegum tímum og finnst gott að vita af sólarhringsopnun hér, hvort sem fólk er að kaupa sér nesti í vinnuna eða kaupa inn fyrir heimilið,“ segir hann. „Fólk veit að hér er alltaf opið og það er greinilega eftirspurn eftir því.“

## Gæðavörur í opnu kjötborði

„Við bjóðum upp á mjög gott kjötborð þar sem alltaf eru spennandi tilboð í gangi, umfram lágt verð. Margar spennandi tegundir gæðakjöts og -fisks. Nettó er eina lágverðsverslunin hér á landi með opið kjötborð þar sem allar vörur eru ferskar. Við getum boðið mjög gott verð í kjötborðinu okkar. Fiskurinn er alltaf vinsæll og einnig erum við með sérlega gott

nautakjöt sem fólk kemur aftur og aftur og kaupir. Nú er grilltíminn að byrja og við marinerum og gerum kjötið tilbúið á grillið.

## Minni sóun og lífrænar vörur

Auk þess erum við með breiða vöruúrvali í lífrænt ræktuðum vörum sem margir kunna vel að meta. Sömuleiðis glútenlausum vörum og sykurlausum. Þetta eru flokkar sem eru að vaxa gríðarlega. Fólk leggur mikla áherslu á að borða hollt og veltir fyrir sér hvaða vörur það kaupir. Hér finna allir eitthvað við sitt hæfi,“ útskýrir Geir. „Þá er ég stoltur af átaki okkar sem nefnist „minni sóun“. Þar bjóðum við upp á vörur sem eru að renna út á sölutíma með riflegum afslætti. Margir nýta sér það. Með þessu hendur við mun minna af mat en ella. Við finnum fyrir auknum áhuga á þessu enda góð vara í boði.“

## Ferskt grænmeti og ávextir

Á Grandanum eru allar helstu lágverðsverslanirnar og Geir segir mikla samkeppni á svæðinu. „Við leggjum okkur fram um að hafa sérstöðu til að mæta þessari samkeppni. Til dæmis leggjum við mikla áherslu á að hafa grænmeti og ávexti nýtt og ferskt. Bæði framandi, suðræna ávexti sem aðra. Gæðin eru alltaf í fyrir-

rúmi. Okkur hefur tekist mjög vel að laða til okkar fólk sem veit af þessum gæðum enda leggjum við mikla áherslu á góða þjónustu.

## Mikið vöruúrval

Viðskiptavinir okkar koma víða að. Sumir úr Mosfellsbæ eða lengra frá. Um helgar tekur fólk rúnt hér um Grandann og kemur við hjá okkur í leiðinni. Það er þínu kaupfélagsandi hjá okkur. Hér fást meðal annars leikföng, garn, lopi, búshöld, bækur, undirföt og sokkar svo eitthvað sé nefnt.“

Geir starfaði við að setja Nettóverslunina upp á Grandanum á sínum tíma en fór síðan til Danmerkur til að kynna sér rekstur lágverðsverslana og víkka sjóndeildarhringinn. Hann kom síðan aftur fyrir ári og tók við sem verslunarstjóri.

Nettó er í eigu Samkaupa hf. Fyrsta Nettóverslunin var opnuð á Akureyri árið 1988 en í dag eru þær 13 talsins, fjórar á höfuðborgarsvæðinu, á Grandanum, í Mjódd og tvær í Kópavogi. Auk þess eru Nettóverslanir á Akureyri, Húsavík, í Borgarnesi, á Selfossi, í Reykjanesbæ, Grindavík, á Höfn í Hornafirði og Egilsstöðum.

Sjá nánari upplýsingar um Nettóverslanirnar á [www.netto.is](http://www.netto.is).



„Þá er ég stoltur af átaki okkar sem nefnist „minni sóun“. Þar bjóðum við upp á vörur sem eru að renna út á sölutíma með riflegum afslætti. Margir nýta sér það.“

Geir Magnússon

nettó24  
GRANDA

## Ferskt kjötborð



Eina lágvöruverslunin á Íslandi sem býður upp á ferskt kjötborð.

## Stór lífræn deild



Frábært úrval af lífrænum vörum frá Änglamark og fleiri lífrænum framleiðendum.

## Gerið góð kaup



Nettó stuðlar að minni sóun og býður stigmagnandi afslátt af vörum sem nálgast síðasta sölundag.

## Alltaf opið

24  
GRANDA

Lágt verð dag og nótt  
í Nettó Granda og Mjódd.

# Má ekki verða of dúkkulegt

Það er gott að vera á Grandanum fyrir listafólk að því er listakonan **Hulda Hákon** segir. Hún er hrifin af grófu umhverfi og tengingunni við athafnalíf sjávarútvegsins en finnst að nýta ætti svæðið betur án þess að það verði dúkkulegt og of fínt.

Listamennirnir og hjónin Hulda Hákon og Jón Óskar hafa komið sér vel fyrir á Grandanum en þar hafa þau verið með vinnustofu með legubekk eins og Hulda orðar það frá árinu 2007. „Við komum hingað af Hverfisgötunni fyrir um nú árum og þá var þetta frekar ónumið land, ekki búið að reisa til dæmis Krónuna og Hvalasafnið,“ segir Hulda og bætir við að henni hafi eiginlega fundist það betra þannig. „Ég þarf oft að vinna úti við og hérna áður var þetta eins og að vera í sveit í miðborginni. Núna er þetta að verða smám saman svo fínt að ég get ekki lengur unnið úti og það fer þínulítið fyrir þrjústið á mér.“

## Frelsi og athafnalíf

Á Grandanum er gott fyrir listafólk að vera að sögn Huldu því bæði eru þar góðar gönguleiðir og mikið frelsi og svo er stutt fyrir þau að fara að ná í aðföng en þau versla mikið við byggingarvöruslanir. „Það hefur verið frábært að vera hérna og sérstaklega fyrir okkur Jón Óskar þar sem við reukum kaffihúsið Gráa köttinn á Hverfisgötunni. Það er stutt að fara þangað og við getum hjólað,“ lýsir

Hulda og bætir við að það sem helst geri Grandann að því skemmtilega svæði sem hann er sé nálægðin við atvinnulífið.

„Það er fiskvinnsla hérna við hliðina á okkur og mér finnst frábært að vinna innan um annað fólk sem er að vinna. Það er athafnalífið í kringum sjávarútveginn sem gerir Grandann að því sem hann er og ég vona að skipulagsyfirvöld beri gæfu til að halda þessu áfram saman, athafnalífinu og annarri starfsemi. Ég er svolítið hrædd um að svæðið verði of dúkkulegt ef það halda áfram að koma hingað hipp og kúl nýir staðir,“ segir Hulda.

## Sýnir fisk og sjómenn

Hún hefur undanfarið unnið mikið í Vestmannaeyjum en í maí opnar hún tvær sýningar, í Hallgrímskirkju og í Safnasafninu á Svalbarðseyri.

„Í Vestmannaeyjum er frábært að vera vegna þess að þar, eins og á Grandanum, er maður svo nálægt öflugum athafnalífi. Efníð er mjög sjávar tengt og það hefur kannski eitthvað smitast inn í vinnuna, það að hafa verið í kringum þetta athafnalíf.“



Hulda segist þurfa að vera í grófu umhverfi og að hún muni líklega hrökklast í burtu af Grandanum ef hann verður mikið fínt en hann er núna. MYND/GVA

## Hótel á Grandann

Spurð um framtíðina á Grandanum og hvort hún sjái fyrir sér að þau hjónin verði þar áfram játar hún því. „Ég hugsa samt að ég hrökklist í burtu ef þetta verður mikið fínt. Ég þarf að vera í grófu umhverfi út af vinnunni. Ég hins vegar botna ekki í því af hverju lóðirnar úti á Granda eru ekki nýttar til þess að byggja hótél í stað þess að troða þeim öllum í þessa þröngu miðborg okkar. Á Grandanum er fullt af auðum lóðum. Ég hugsa að ég myndi frekar sætta mig við næturklúbba, sem ekki er gaman að búa við, hérna úti á Granda frekar en í miðborginni. Vegna skipulagsmála finnst mér mikilvægt að nýta þetta svæði hér,“ segir Hulda.



Hjónin Hulda Hákon og Jón Óskar hafa komið sér vel fyrir úti á Granda en þar hafa þau verið með vinnustofu frá 2007. MYND/VILHELM



Velkomin í  
Íslandsbanka á Granda



Brugghúsið sjálf leikur stórt hlutverk í útliti Bryggjunnar.



Að blanda saman brugghúsi og bistrói er þekkt út um allan heim.



Bryggjan Brugghús starfrækir bjórskóla í samstarfi við Bjórákademíuna.



Hægt er að leigja dætur á Bryggjunni Brugghúsi fyrir veislur og stærri viðburði.

# Blanda af brugghúsi og bistrói

**Bryggjan Brugghús** er sjálfstætt brugghús, veitingastaður og bar við höfnina í Reykjavík. Þar er lögð áhersla á ferskt hráefni og gæðabjór sem dælt er beint úr brugghúsinu. Þar ræður bruggmeistarinn Bergur Gunnarsson ríkjum og sinnir sínu draumstarfi.

„Þetta var einstakt tækifæri sem ég stökk á,“ segir Bergur Gunnarsson, bruggmeistari á Bryggjunni Brugghúsi, glænýjum og skemmtilega hönnuðum veitingastað að Grandagarði 8. Eftir að Bergur kláraði gráðu í efnafraði við Háskóla Íslands ákvað hann að prófa öðruvísi og skemmtilegt nám. „Ég fór til Edinborgar í mastersnám í bruggun og eimun við Heriot Watts-háskólann. Þegar því lauk starfaði ég á Microbar í nokkra mánuði þar til Elvar Ingimarsson, hugmyndasmiður Bryggjunnar, kom að máli við mig síðasta sumar og bauð mér að gerast bruggmeistari,“ segir Bergur sem veit fátt skemmtilegra en starfið sitt.

## Bjórar hússins

„Sú hugmynd að blanda saman brugghúsi og bistrói er þekkt um allan heim en Bryggjan Brugghús er fyrsti slíki staðurinn á Íslandi af þessari stærðargráðu,“ upplýsir Bergur sem er sífellt að þróa og brugga nýja bjóra sem eru á boðstólum á veitingastaðnum. „Það eru nokkrir bjórstílar sem ég fíla en þegar maður er að brugga

verður maður að hugsa um fleiri en sjálfan sig,“ segir hann glettinn. „Við erum yfirleitt með einn lager á krana enda er hann vinsælastur hjá Íslendingum. Svo er ég líka með Pale Ale og IPA-bjóra en þeir eru síbreytilegir,“ segir Bergur en á Bryggjunni eru þrjár heimatilbúnir bjórar í boði á krana en þeim mun fjölga á næstu mánuðum.

## Árstíðabundinn bjór

„Við verðum líka með ólíka bjóra eftir árstíðum. Þannig brugguðum við belgískan jólabjór um jólnin og súran bjór í takt við þorann. Ég get í raun gert allt það sem hugurinn girnist enda hef ég mjög góðar græjur til taks,“ segir Bergur glaðlega.

Auk bjórsins sem bruggaður er á staðnum verður einnig hægt að kaupa bjór af öðrum tegundum, til dæmis frá Borg og Mikkeler.

## Bjórskóli Bryggjunnar

Bryggjan Brugghús starfrækir bjórskóla í samstarfi við Bjórákademíuna. „Þetta eru nokkrir strákar sem hafa verið með fyrirlestra í veislum og boðum undan-



Bergur Gunnarsson ræður ríkjum í brugghúsi Bryggjunnar þar sem bruggaðir eru girnilegir bjórar sem standa gestum veitingastaðarins til boða. MYNDIR/ANTON BRINK

**Sú hugmynd að blanda saman brugghúsi og bistrói er þekkt um allan heim en Bryggjan Brugghús er fyrsti slíki staðurinn á Íslandi á þessari stærðargráðu.**

Bergur Gunnarsson

farin ár og munu vera með tvö námskeið á viku hjá okkur. Þar verður gefin góð innsýn í framleiðsluferlið, farið yfir mismunandi bjórstíl og sögu bjórsins,“ segir Bergur, en fólk getur skráð sig í bjórskólann án matar, eða með sérstökum matseðli sem hefur verið settur saman fyrir tilefnið. Vitanlega fá nemendur einnig að bragða á hinum ólíku bjórum til að víkka sjóndeildarhringinn.

Við erum bjartsýnir á að þetta verði mjög vinsælt enda hefur áhugi Íslendinga á bjór stórkæmt undanfarin ár,“ segir Bergur.

## Flott hönnun

Brugghúsið sjálf leikur stórt hlutverk í útliti Bryggjunnar. „Staðnum er skipt upp í tvö rými. Annars vegar er það bistróstaðurinn með frábæru útsýni yfir höfnina og síðan er brugghússalurinn hinum megin í húsinu. Meðfram öllu brugghúsinu er glerveggur svo fólk sér inn í framleiðslusalinn sem þykir mjög skemmtilegt.“

Nánari upplýsingar á [www.bryggjanbrugghus.is](http://www.bryggjanbrugghus.is).



Sjóminjasafnið var sameinað öðrum borgarsögnum undir nafninu Borgarsögusafn Reykjavíkur árið 2014.

## Blómleg starfsemi í Sjóminjasafninu

Sjóminjasafnið í Reykjavík var formlega stofnað árið 2004. Safnið er á Grandagarði, þar sem Bæjarútgerð Reykjavíkur var áður til húsa. Árið 2008 bættist varðskipið Óðinn við safnkostinn og liggur það nú við bryggju safnsins. Árið 2014 var Sjóminjasafnið sameinað öðrum borgarsögnum undir nafninu Borgarsögusafn Reykjavíkur.

Hlutverk safnsins er að safna og miðla sögu og minjum tengdum sjó og sjómennsku, einkum þeim sem gildi hafa fyrir sögu Reykjavíkur. Safnið er opið alla daga frá 10-17 og þessa dagana stendur yfir sýningin Sjókonur um sjósókn íslenskra kvenna í fortíð og nútíð, en hún var opnuð í fyrri í til efni þess að 100 ár eru liðin frá því að íslenskar konur fengu kosningarétt og kjörgengi. Fastasýning Sjóminjasafnsins er svo Frá örbirgð til allsnægta og lýsir þeim miklu breytingum sem áttu sér stað um og eftir aldamótin 1900 í fiskveiðum Íslendinga og vinnslu aflans.

Um helgina verður svo boðið upp á skemmtilega viðburði í tengslum við Barnamenningarhátíð.

Börn og unglingar í frístundaklúbbnum Hofinu verða með myndasýningu undir nafninu Myndaflipp en myndirnar hafa þau tekið bæði úti og inni og unnið í myndvinnsluforritum í spjaldtölvum. Myndirnar eru margar óhefðbundnar og hefur ímyndunaraflíð fengið að ráða för. Þá bjóða vísindamenn hjá Stjörnuskoðunarfélagi Seltjarnarness upp á barnavísindasmiðju milli 13 og 16 á morgun en þar geta krakkar fræðst um ýmislegt



forvitnilegt úr heimi vísindanna og mega fíkta, prófa og gera ýmiss konar tilraunir.

Veitingastaðurinn og kaffihúsið Víkin, sem er staðsett á 1. hæð safnsins, stendur svo opið að venju en þaðan er fallett útsýni yfir höfnina. Þar er hægt að fá ýmiss konar fiskmeti í hádeginu og kökur með kaffinu.



## ÞÚFA GLEÐUR AUGAÐ

Ólöf Nordal myndlistarmaður varð hlutskörpust í hugmyndasamkeppni um gerð umhverfislisterks við suðausturgafli nýrrar frystigeymslu HB Granda árið 2013. Þúfan var afhjúpuð í desember sama ár. Þessi hugmynd hefur nú glatt augu margra sem leið eiga um höfnina og út á Granda. Þúfan er átta metra há og 26 metrar í þvermál. Efst á hólnum er hjallur. Þúfan er upplýst á kvöldin og er orðin eitt helsta kennileiti gömlu hafnarinnar.

Höfundurinn sagði þegar verkið var kynnt að gestir sem „klífa fjallið“ muni njóta útsýnis. Þá bætti Ólöf því við að verkið ætti að búa yfir látleysi og högværð en einnig lúmskum húmor og góðlátlegri ádeilu á kapphlaup um veraldleg gæði og íburð.



# NJÓTTU SUMARSINS BETUR! MARKÍSUR, SKJÓLVEGGIR OG HITARAR



## Veitir skjól fyrir regni og sól

Seglagerðin hefur um árabíl framleitt markísur í öllum stærðum og gerðum. Hjá okkur er hægt að velja á milli opinna markísa og markísa í lokuðu boxi, einnig framleiðum við hliðarmarkísur ásamt sérhönnuðum sóltjöldum á grindverk og sólpalla. Markísur eru afar gott skjól við rigningu og sól enda geta þau staðið allt að 360 cm út og eru fáanlegar í mörgum stærðum, gerðum og litum. Einfalt er að skrúfa þær út en einnig er hægt að fá þær rafdrifnar. Njóttu sumarsins betur með markísu og rafmagnshitara frá Seglagerðinni.

- Íslensk framleiðsla
- Margar útfærslur
- Uppsetningarþjónusta
- Viðhaldsfritt efni
- Stuttur afgreiðslutími
- Sendum hvert á land sem er

**Góð og traust þjónusta í meira en 100 ár.**


Nánari upplýsingar á [www.seglagerdin.is](http://www.seglagerdin.is).



**SEGLAGERÐIN ÆGIR**

Eyjarslóð 5 101 Reykjavík  
S: 511 2200 [seglagerdin@seglagerdin.is](mailto:seglagerdin@seglagerdin.is)  
[www.seglagerdin.is](http://www.seglagerdin.is)





Nº30  
2016

Listahátíð  
í Reykjavík



# Hátindar á ferli Helga San Francisco ballettinn í fyrsta sinn í Eldborg



Tryggðu þér sæti tímanlega  
Miðasala er hafin á [harpa.is](http://harpa.is) & [tix.is](http://tix.is)

San Francisco ballettinn, undir stjórn Helga Tómassonar, sýnir valda kafla úr nokkrum af dádustu verkum flokksins ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands á Listahátíð vorið 2016.

Sýningar verða 28. – 30. maí  
í Eldborgarsal Hörpu.

Stofnaðilar og bakhjarlar Listahátíðar



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

TVG-ZIMSEN  
FLUSTRERINGARLÍN

ICELANDAIR

Arion banki

CENTER  
HOTELS

LEXUS

## Fréttablaðið 15 ára Stiklað á stóru 2001-2016



FRÉTTAMYND ÁRSINS 2009 Pjetur Sigurðsson | Tuttugu menn voru handteknir í átökum á milli mótmælenda og lögreglu á Suðurlandsvegi 23. apríl 2008. Átökin áttu upptök sín í aðgerðum atvinnubílstjóra sem hindruðu umferð um veginn.

# Móttökurnar framar björtustu vonum

Fimmtán ár eru liðin frá því að Fréttablaðið kom fyrst fyrir augu lesenda. Vöxtur blaðsins á stuttum tíma kom flestum á óvart. Fréttablaðið hefur verið mest lesna dagblað landsins í þrettán ár af þeim fimmtán sem það hefur verið gefið út.

Fréttablaðið var fyrst borið í hús á þessum degi fyrir fimmtán árum – 23. apríl 2001. Má fullyrða að þá hafi verið brotið blað í sögu íslenskrar fjölmiðlunar þó fáir hafi verið sérstaklega trúadír á að hægt væri að stofna til útgáfu nýs dagblaðs, nema ef væru helst þeir sem að blaðinu stóðu.

## Hrakspár

Útgáfu fríblaðs á Íslandi fylgdu eindregnar hrakspár þó vel gengi með útgáfu slíkra dagblaða víða annars staðar, en hér var það aðallega kostnaður við dreifingu sem helst var talinn standa í vegi þess að fríblað gæti dafnað hér, því ekki var fyrir að fara fjölsóttum samgöngumíðstöðvum sem útgáfa fríblaða erlendis byggði að hluta til tilveru sína á. Engu að síður er það staðreynd að aðeins þremur árum frá upphafi útgáfunnar var Fréttablaðið mest lesna dagblað landsins – sem er staða sem aldrei hefur síðan verið látin afhendi.

Fréttablaðið hefur verið fyrsti kostur margra fréttabyrstra Íslendinga frá upphafi, þó lesturinn hafi minnkað talsvert frá því að hann var í hæstu hæðum. Ekki var við öðru að búast þegar horft er út fyrir landsteinana á þróun annarra dagblaða í kjölfar uppgangs netmiðla sem hafa náð sífellt sterkari stöðu á meðan Fréttablaðið hefur safnað árum.

## Hugmynd fæðist

Tilurð blaðsins lýsti Eyjólfur Sveinsson, stofnandi þess, í viðtali í Fréttablaðinu þegar tíu ár voru liðin frá

stofnun þess. Þar rifjaði hann upp að hugmyndin grundvallaðist ekki síst á tilkomu netsins – smærri dagblöðum fækkaði hratt og fá og stór dagblöð voru helst talin eiga möguleika á að keppa við hina nýju tækni. Eyjólfur og faðir hans, Sveinn R. Eyjólfsson, leiddu Frjálsa fjölmiðlun, útgáfufélag DV og Dags – blaðs sem gömlu flokksblöðin Tíminn, Alþýðublaðið og Vikublaðið/Þjóðviljinn voru felld undir. Um mitt ár 2000 þótti sýnt að útgáfa Dags var ekki lífvænleg og leitinn að ferskum hugmyndum hófst því ljóst þótti að þegar Dagur hætti að koma út yrði þess ekki langt að biða að þriðja blaðið kæmi inn á markaðinn með Morgunblaðinu og DV. Því var útgáfu Fréttablaðsins að hluta til ætlað að verja DV á markaði og útgáfufélagið Frjálsa fjölmiðlun, en Dagur hvarf af sviðinu stuttu áður en Fréttablaðið leit dagsins ljós.

Veturinn 2000 til 2001 var unnið að undirbúningi Fréttablaðsins í samstarfi við starfsmenn Frjálsrar fjölmiðlunar enda mikil reynsla þar innan dyra af útgáfu. Lykilmenn í þessari sögu voru þó ekki þar innan dyra, eða þeir Einar Karl Haraldsson, fyrsti ritstjóri blaðsins, og Gunnar Smári Egilsson, sem að öðrum ólóstudum á mest í útliti, uppgangi og velgengni blaðsins á fyrstu árum þess.

## Í svarthvítu

Upphaflega kom Fréttablaðið út fimm sinnum í viku og var 24 síður og að hluta prentað í svarthvítu. Fljótlega tók að bera á fjárhagsöruggleikum og strax um haustið fundu starfsmenn það á eigin ➔



FRÉTTAMYND ÁRSINS 2010 Gunnar V. Andrússon | Biskup Íslands, Karl Sigurbjörnsson, og Geir Waage ræðast við í Biskupsstofu um vandræði kirkjunnar.

Ég er með  
ofnæmi fyrir  
því að vera þar  
sem er of mikið  
af fólki. Ég verð  
bara lasinn.

Dagur, 9 ára

**Blár er alþjóðlegur litur einhverfu.** Rétt eins og blæbrigði bláa litarins eru birtingarmyndir einhverfu óteljandi því hver einstaklingur hefur sinn stað á rófinu með öllum þeim áskorunum sem einhverfu fylgja.

Blár apríl er árlegt vitundaráttak Styrktarfélags barna með einhverfu. Leggjum áttakinu lið og beinum sjónum okkar að málefnum barna með einhverfu – því lífið er blátt á mismunandi hátt.

**#blarapril**

**☎ 902 1010**



**BLÁR APRÍL**  
Styrktarfélag barna  
með einhverfu

## Fréttablaðið 15 ára Stiklað á stóru 2001-2016

2001	2002	2003	2004
<p><b>23. apríl</b> Fyrsta tölublað Fréttablaðsins borið í hús.</p>  <p><b>Einar Karl Haraldsson</b> fyrsti ritstjóri blaðsins.</p> <p><b>14. nóvember</b> Gunnar Smári Egilsson tekur við ritstjórn Fréttablaðsins.</p> 	<p><b>25. maí</b> Fréttablaðið kemur út á laugardögum.</p> <p><b>Jónas Kristjánsson</b> ritstjóri um skeið.</p> <p><b>6. júlí</b> Nýtt félag, Frétt ehf., kaupir útgáfuréttinn að Fréttablaðinu af Fréttablaðinu ehf.</p> 	<p><b>6. júlí</b> Gunnar Smári Egilsson ritstjóri og framkvæmdastjóri Fréttar. Samningur við Ísafoldarprentsmiðju um prentun blaðsins.</p> <p><b>12. júlí</b> Fréttablaðið kemur út að nýju eftir gjaldþrot Fréttablaðsins ehf.</p> <p><b>18. september</b> Akureyri bætist við í dreifikerfi Fréttablaðsins.</p> 	<p><b>11. mars</b> Birta hefur göngu sína.</p> <p><b>27. mars</b> Suðurnes bætast við dreifikerfið.</p> <p><b>13. júlí</b> Sunnudagsútgáfa Fréttablaðsins hefst.</p> 
2005	2006	2007	2009
<p><b>8. apríl</b> Markaðurinn hefur göngu sína.</p> 	<p><b>31. janúar</b> Þorsteinn Pálsson ráðinn ritstjóri Fréttablaðsins.</p> <p><b>8. júlí</b> Sigurjón M. Egilsson hættir sem fréttaritstjóri.</p>  	<p><b>4. febrúar</b> Jón Kaldal ráðinn ritstjóri blaðsins.</p> <p><b>11. febrúar</b> Kári Jónasson lætur af starfi ritstjóra.</p> 	<p><b>17. janúar</b> Helgarblað Fréttablaðsins kemur út – útgáfudögum fækkað um einn.</p> 
2010	2012	2013	2014
<p><b>24. febrúar</b> Ólafur Þ. Stephensen ráðinn ritstjóri Fréttablaðsins.</p> <p><b>Jón Kaldal</b> lætur af störfum sem ritstjóri.</p>  	<p><b>17. nóvember</b> Útlit helgarblaðsins endurhannað.</p> 	<p><b>5. mars</b> Mikael Torfason ráðinn ritstjóri á Fréttablaðinu við hlið Ólafs Þ. Stephensen.</p> <p><b>6. mars</b> Steinunn Stefánsdóttir hættir sem aðstoðarritstjóri.</p> <p><b>16. maí</b> Mikael Torfason ráðinn yfirmaður sameinaðrar fréttastofu.</p>  	<p><b>25. ágúst</b> Mikael Torfason hættir störfum sem aðalritstjóri.</p> 
2015			
<p><b>26. mars</b> Sigurjón M. Egilsson hættir sem fréttastjóri. Andri Ólafsson ráðinn aðstoðarritstjóri.</p> <p><b>12. ágúst</b> Fanney Birna Jónsdóttir tekur við sem aðstoðarritstjóri Fréttablaðsins.</p> <p><b>21. ágúst</b> Nýtt útlit Fréttablaðsins kynnt.</p> 			

➔ skinni þegar launagreiðslur bárust ekki. Um mitt sumar var reksturinn kominn í þrot en síðar um sumarið kom blaðið aftur út í krafti nýs útgáfufélags – Fréttar ehf.

Um 25 starfsmenn undir ritstjórn Gunnars Smára gáfu blaðið út í sömu stærð og í upphafi en eitt stærsta verkefnið var að reisa dreifikerfi blaðsins við sem eðli málsins samkvæmt gegndi lykilhutverki. Vel tókst til við að vinna traust lesenda og auglýsenda. Til að gera langa sögu stuttu var Fréttablaðið fáum árum síðar gefið út alla daga vikunnar fjórfalt lengra en í upphafi suma útgáfudaga, auk aukablaða. Í lestrarkönnun sem kynnt var í apríl 2003 var þeim áfanga náð að lestur blaðsins mældist meiri en Morgunblaðsins – nokkuð sem leynt og ljóst hafði verið eitt helsta markmið hópsins sem stóð að blaðinu.

#### Á annað þúsund blaðberar

Þegar Fréttablaðið fagnaði fimm ára afmæli sínu árið 2006 var sagt frá því á síðum blaðsins að þá störfuðu 150 manns við blaðið; við skrif, ljósmyndun og umbrot og á auglýsinga- og markaðsdeild. Þar að auki unnu á annað þúsund blaðberar við að bera blaðið út. Þá var blaðinu dreift um allt land og prentað í vel yfir hundrað þúsund eintökum. Yfir þetta tímabil fór heildarblaðsúdfjöldi að meðaltali á dag úr tæplega 26 síðum árið 2002 í tæplega 62 síður árið 2005. Samhlíða þessum hraða vexti má kannski segja að blaðið hafi jafnt og þétt fjarlægst það sem það ætlaði sér upphaflega vera – hreint fréttablað – og nálgast það að vera hefðbundnara dagblað en upphaflega var ætlunin. Annað efni, eins og aðsendar greinar, innbláðsefni og íþróttir hafa þannig fengið auknið vægi eftir því sem blaðinu óx fiskur um hrygg.

#### Tímamót

Hrunið árið 2008 markaði tímamót í útgáfu Fréttablaðsins rétt eins og víða annars staðar í samfélaginu. Svæði blaðsins í frídreifingu var minnkað verulega til að lækka kostnað eftir að auglýsingatekjur tóku dýfu eftir bankahrunið. Því var mætt með lausasölu blaðsins úti á landi og jafnframt lögð áhersla á að lesendur blaðsins ættu auðveldara með að nálgast efni þess á netinu. Í þeim ólgusjó sem hruninu fylgdi urðu miklar breytingar á starfsmannahaldi og mun færri vinna nú beint að útgáfu blaðsins en lengi var, en hluti breytinga eftirhrunsáranna er að ritstjórn Fréttablaðsins er nú hluti af stærstu fréttastofu landsins – sameinaðri fréttastofu 365 miðla ásamt fréttastofu Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar.

#### Áhrifavaldur

Birgir Guðmundsson, dósent við félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri, hefur um árabíl rannsakað íslenska fjölmiðla og íslenska fjölmiðlapólitik, og því áhrif þess þegar að friðlöd ruddu sér leið inn á íslenskan fjölmiðlamarkað. Ein af hans niðurstöðum er að þrátt fyrir að Fréttablaðið hafi verið brautryðjandi á mörgum sviðum þá hafi blaðamennskan verið hefðbundin, en metnaðarfull fréttastefna hafi verið lykillinn að velgengni þar sem skilið er skýrt á milli fréttu og skoðana. Viðskiptaleg áhrif blaðsins á íslenskan fjölmiðlamarkað voru hins vegar gríðarmikil frá upphafi og samkeppni virkari, ekki síst um auglýsingar. Margvíslegar breytingar urðu á þeim blöðum sem fyrir voru á markaðnum, þegar áhrifa Fréttablaðsins fór að gæta af fullum þunga, bæði í uppbyggingu og efnisvali.

„Tilkoma Fréttablaðsins á sínum tíma hafði afgerandi áhrif á íslensk-



Stefán Karlsson 2006 | Mikil flóð á Suðurlandi rétt fyrir jóln 2006 voru söguvið þessarar vel þekktu myndar Fréttablaðsins.

# 88.000

EINTÖK AF FRÉTTABLAÐINU ERU PRENTUÐ HVERN ÚTGÁFUDAG.

# 4.781

TÖLUBLAÐ AF FRÉTTABLAÐINU HEFUR KOMIÐ ÚT FRÁ ÁRINU 2001.

an blaðamarkað. Tvíveldi Morgunblaðsins og DV var steypt af stóli og menn urðu að endurskoða stöðu sína á markaði og taka mið af því sem Fréttablaðið var að gera. Strax í febrúar 2003 var Fréttablaðið komið með meiri meðallestur en Morgunblaðið og átti munurinn eftir að aukast á næstu misserum og árum. Ýmsar breytingar mátti sjá í áherslum og efnistöfum dagblaðanna sem rekja má til harðnandi samkeppni. Morgunblaðið hætti að vera með erlendar fréttir á forsiðu og áhersla á innlendar fréttir varð meiri. Á sama tíma varð áhersla allra prentmiðlanna á afþreyingarefni og mýkri

fréttir sýnilegri – þróun sem segja má að hafi verið alþjóðleg en kom mjög sterk fram hér á landi,” segir Birgir.

Hann segir jafnframt að þessi samkeppni á prentmiðlamarkaði hafi harðnað á sama tíma og lestur dagblaða fór minnkandi og að sú staðreynd að Fréttablaðið var borið fritt inn á nær öll heimili á landinu hafi gert það að verkum að blaðalestur minnkaði ekki eins hratt og búast má við að annars hefði verið. „Sérstaklega má gera ráð fyrir að þessi áhrif hafi haft áhrif á yngri kynslóðina og í raun gert það að verkum að til urðu blaðalesendur sem annars hefðu ekki orðið til.“

STOMP PRODUCTIONS OG GLYNIS HENDERSON PRODUCTIONS KYNNA Í SAMSTARFI VIÐ SENU LIVE

**REYKJAVÍK**

LONDON

NEW YORK

DUBAI

LAS VEGAS

# STOMP

**HARPA 11. & 12. JÚNÍ**

„SANNKALLAÐIR  
SVIÐSTÖFRAR!“

- THE SUNDAY TELEGRAPH

„ÓTRÚLEGUR KRAFTUR,  
FÁGÚN OG HNYTTNI!“

- THE INDEPENDENT ON SUNDAY

„UNDRAYERÐ ORKA  
OG ÓTRÚLEGUR AGI!“

- THE EVENING STANDARD

**TRYGGÐU ÞÉR MIÐA!**

**Floridana**  
LIFDU VEL!

MIDASALA Á TIX.IS, HARPA.IS OG Í MIDASÖLU HÖRPU.  
NÁNAR Á WWW.SENA.IS/STOMP

**sená**  
LIVE!

# BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

**TAKMARKAÐ MAGN**  
FYRSTI SKAMMTUR  
55.000 POKAR

**CHICKEN BREAST**  
WITH ADDED WATER  
900g e Deep frozen

**CHICKEN BREAST FILLETS**  
WITH ADDED WATER AND SALT  
900g e Deep frozen

**1.279**

kr. 900 g

**Euro Shopper Kjúklingabringur**  
Frosnar, 900 g

**TAKMARKAÐ MAGN**  
FYRSTI SKAMMTUR  
CA. 50 TONN

**CHICKEN**  
Danish chicken

**CHICKEN**  
Danish chicken

**CHICKEN**  
Danish chicken

**498**

kr. kg

**Danpo Kjúklingur**  
Danskur, heill, frosinn



**698**

kr. kg

**KS Lambasúpukjöt**  
Haustslátrun 2015

**2015**

slátrun



**3.598**

kr. kg

**KS Lambafillet**  
Frosið



**1.998**

kr. kg

**SS Lambakótleitur**  
Í raspi, frosnar



**0,5L**



**98**

kr. 0,5 l

**Egils Límonaði**  
0,5 l



**298**

kr. kg

**KS Lambahjörtu**  
Frosin



**298**

kr. kg

**KS Lambalifur**  
Frosin



**298**

kr. 200 g

**Sóma Salat**  
2 tegundir, 200 g



**98**

kr. 145 g

**Maryland Kex**  
145 g, 4 tegundir



**139**

kr. stk.

**Bónus Kornbrauð**  
500 g



**NÝBAKAÐ!**

**198**

kr. stk.

**Bónus Ostaslaufa**  
120 g



**98**

kr. 40 g

**Pringles Snakk**  
40 g, 3 teg.

# BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

**100%** Íslenskt ungnautakjöt

**4stk** 80 g

**579** kr. 2x140 g

**598** kr. 4x80 g

**549** kr. 2x120 g

**Íslandsnaut Ungnautaborgarar**  
2x140 g, 2x120 g eða 4x80 g

**5 STK.** CHILLI PEPPERONI PYLSUR

**5 STK.** BEIKON BÓNDA PYLSUR

**998** kr. pk.

**Stjörnugrís Grillpysur**  
10 stk. í pakka, 900 g

## SPARAÐU MEÐ BÓNUS

**2.598** kr. kg

**Íslandslamb Lambakótilettur**  
Kryddlegnar, ferskar

**1.998** kr. kg

**Íslandslamb Lambalærissneiðar**  
Kryddlegnar, blandaðar, ferskar

**2.598** kr. kg

**Íslandslamb Lambalærissneiðar**  
Kryddlegnar, 1.flokkur, ferskar

**Foreldað**  
Aðeins að hita

**998** kr. kg

**Ali Spareribs**  
Foreldað, ferskt

**298** kr. pk.

**Kjarnafæði Bratwürste Pysur**  
4 stk., 360 g

**298** kr. pk.

**Kjarnafæði Pólskar Pysur**  
4 stk., 360 g


**998** kr. kg

**Bónus Grísabógsneiðar**  
Kryddaðar, ferskar

**1.298** kr. kg

**Bónus Grísakótilettur**  
Með beini, kryddaðar, ferskar

**LÁGT VERÐ ALLA DAGA**



# BONUS EKKERT BRUÐL

## Saga til næsta bæjar



**Stefán Pálsson** skrifar um ævagamla íþrótt.

Vorið 1983 var dönskukennslu á Íslandi rekið kjaftshögg, þegar farið var að gefa Andrés Önd út á íslensku. Sjálfur tilheyri ég síðustu kynslóðinni sem lærði dönsku af Andrésblöðunum og get því slegið um mig með upphrópunum á borð við Hulk, Suk og Gisp! Andrésögurnar voru vitaskuld skemmtilegasta efni þessara blaða, en inn á milli mátti lesa um léttvægari aukapersónur á borð við vinalegu normina Mim, hvolpinn Vask og hvalveiðiöndina Moby sem þó skutlaði aldrei hval. Þá voru einnig óminnisstæðar sögur um krúttlega indíána-piltinn Hiawatha sem lék við dýrin í skóginum og gerði akfeitum og fjaðraskryddum föður sínum gramt í geði.

Hiawatha birtist fyrst í Disney-teiknimynd frá árinu 1937. Nafnið var innblásið af kunnu kvæði eftir bandaríska nítjándu aldar ljóðskáldið Longfellow, sem aftur fjallaði um samnefndan indíánahöfðingja.

Sagnfræðingar hallast að því að Hiawatha hafi verið til í raun og veru, þótt tilgátur um það hvenær hann var uppi spanni ansi langt árabil eða frá tólftu öld til miðrar þeirrar fimmtándu. Byggjast þær áætlanir annars vegar á fornleifarannsóknunum en hins vegar á stjórnufræði, því frásagnir af sérkennilegum sólmyrkva tengjast sögu hans.

### Fjölmennt stríðsleikir

Samkvæmt sögunum var Hiawatha annaðhvort leiðtogi ónondaga-þjóðarinnar eða móhíkana, nema hvort tveggja væri. Er hann sagður hafa átt einna stærstan þátt í því að nokkrar þjóðir frumbyggja á svæðinu frá því þar sem New York er í suðri og inn fyrir landamæri núverandi Kanada, sameinuðust í eitt bandalag. Það nefndist Írókesabandalagið og veitti evrópskum nýbúum harða mótsþyrnu: fyrst Frökkum og síðar Bandaríkjamönnum, eftir að bandalagið dróst inn í bandaríska frelsisstríðið.

Írókesar eru í dag um 130 þúsund talsins, þar af þriðjungurinn í Kanada en 2/3 í Bandaríkjunum. Þeir eru stoltir af sögu sinni og menningu, en



# Síðustu móhíkanarnir

ekki hvað síst af íþróttinni sem þeir gáfu heiminum: lacrosse.

Lacrosse er hópiþrótt með gríðarlanga sögu. Mannfræðingar hafa giskað á að hún gæti verið þúsund ára gömul ef ekki eldri. Á þeim tíma hafa reglurnar vitaskuld tekið miklum breytingum, en heimildir eru til um kappleiki með mörg hundruð iðkendum, sem einkennst gátu af miklu ofbeldi og fóru fram á stóru landsvæði – í raun ekki ósvipað og þær evrópsku miðaldaíþróttir sem urðu forveri fót-boltans.

Líkt og í fótbolta er markmiðið að koma bolta í mark andstæðingsins, en sá er þó munurinn að í lacrosse sparka keppendur ekki í knöttinn heldur feykja honum á milli sín með löngum stöngum með neti á öðrum endanum. Evrópskum landnemum Ameríku þótti stangirnar minna á krossa eða biskupsbagla og er núverandi heiti íþróttarinnar afbökun af því: lacrosse.

Boltakappleikir frumbyggjanna heilluðu hina nýju íbúa, sem snemma sóttust í að fylgjast með viðureignum og veðja á úrslit. Ekki virðist þeim þó

hafa komið til hugar að spreyta sig sjálfir á íþróttinni eða slást í leikinn. Hefði slíkt væntanlega verið talið ósæmami kristnum mönnum, enda má ætla að lacrosse hafi öðrum þræði gegnt trúarlegum tilgangi.

### Fastar skorður

Á nítjándu öld rann upp tími skipulagðra boltaíþróttanna í Englandi, sem þaðan breiddist út til fyrrverandi og núverandi nýlendna Breta. Samræmdar reglur voru settar fyrir gamla boltaleiki og íþróttir á borð við krikket, rúbbi og fótbolta urðu til um og upp úr miðri öldinni. Það var því ekkert óvænt að lacrosse færi sömu leið.

Kanadískur piltur að nafni William George Beers tók að sér að fastsetja reglur greinarinnar árið 1860, þá aðeins sautján ára að aldri. Fram að því höfðu lið komið sér saman um einstök atriði í reglunum fyrir hverja keppni. Það var í sjálfu sér ekkert vandamál þegar heimamenn áttust við, en líkt og varðandi fótboltann, krikketið og rúbbið kom þörfin fyrir samræmdar reglur fram eftir að samgöngur bötnuðu og menn gátu farið um langan veg til kappleikja. Beers skilgreindi leyfilega stærð keppnisvallar, mörk og kylfur. Hann fækkaði keppendum í hvoru liði niður í tólf og fastsetti hvernig úrslit fengjust í leikjum.

Með þessum breytingum fór lacrosse þegar sigurför um Kanada. Fyrsti landsleikurinn fór fram þegar árið 1867, milli Kanada og Bandaríkjaanna. Þá áttu enn eftir að líða fimm ár þar til Englendingar og Skotar áttust við í fyrsta fótballandsleiknum.

Lacrosse á tímum Beers fór fram á opnum grasvelli með tólf keppendum í hvoru liði. Svipuð útgáfa leiksins er stunduð enn í dag, raunar með tíu manna liðum. Þessi gerð íþróttarinnar heillaði Viktoríu Bretadrottningu, sem fékk að fylgjast með lacrosse-kappleik í opinberri heimsókn til Kanada. Hún kvæð þegar upp þann dóm að íþróttin væri þokkafögur og gæti hentað vel sem líkamsrækt fyrir stúlkur.

Í kjölfarið hófu breskar stúlkur að æfa lacrosse af miklum móð. Út frá lacrosse-keppni í breskum stúlkna-skólum þróaðist svo það afbrigði lacrosse-íþróttarinnar sem keppt er í í kvennaflokki. Í því eru ýmsar skorður



### INNAN VIÐ ÞRJÁTÍU LÖND

#### Hafa sérsambönd um

#### Íðkun greinarinnar en

#### líklega þyrfti að þre-

#### falda þá tölu til að

#### íþróttin kæmi til álita

#### á Ólympíuleikum.

settar við líkamlegri snertingu keppenda, sem eru ekki með hjálma og hlífar öfugt við karlkeppendurna.

### Ekki á Ólympíuleikum

Vinsælasta lacrosse-afbrigðið í dag er þó enn ofbeldisfyllra. Liðsmenn eru færri og vellirnir eru afgirtir. Við fyrstu sýn minnir slík keppni helst á íshokkí og það er raunar engin tilviljun. Nútíma-íshokkí var að mörgu leyti þróað út frá lacrosse og hugsað sem vetrarrafþreying fyrir lacrosse-keppendur.

Lacrosse rataði inn á Ólympíuleikana 1904 og 1908 sem fullgild keppnisgrein og urðu Kanadabúar sigurvegarar í bæði skiptin. Eftir það hefur íþróttin þrisvar hlotið stöðu sýningargreinar, síðast árið 1948. Meira að segja á Ólympíuleikumum í Montreal árið 1976 fékk lacrosse ekki náð fyrir augum Ólympíunefndarinnar og er þó rík hefið fyrir því á Ólympíuleikumum að hleypa inn sérvískulegum sýningargreinum sem falla gestgjafabjóðinni í geð.

Ástæða þessa er sú að útbreiðsla lacrosse er afar lítil. Þótt heimasíða Alþjóða lacrosse-sambandsins stæri sig af því að það sé sú íþrótt sem er í mestum vexti í bandarískum háskólum, hefur gengið afar illa að kveikja áhugann utan hins enskumælandi heims. Innan við þrjátíu lönd hafa sérsambönd um iðkun greinarinnar en líklega þyrfti að þrefalda þá tölu til að íþróttin kæmi til álita á Ólympíuleikum.

En færi svo einn daginn að lacrosse öðlaðist Ólympíusess, kæmi upp flókin staða. Eitt besta landsliðið í greininni hefði ekki keppnisrétt á leikumum.

Ástæðan er sú að Írókesar (franska: Iroquois) eru aðilar að Alþjóða lacrosse-sambandinu og tefla fram landsliði í fremstu röð. Finnst Íslendingum miklið til um handboltaafrek sín koma með 330 þúsund manna þjóð, hvað mega þá 130 þúsund Írókesar segja?

### Höggþung hörkutól

Lacrosse-landsliðið er helsta sameiningartákn Írókesa í dag og enginn skyldi vanmeta mikilvægi þess fyrir sjálfsmynd þjóðarinnar. Þannig vekja jafnvel sigrar ungmennalandsliða gríðarmikla geðshræringu. Þjóðernisstoltið getur þó komið landsliðinu í bobba. Þannig fór það fyluferð á heimsmeistaramót í Lundúnum fyrir nokkrum misserum, þar sem hluti leikmannanna fékk ekki inngöngu í landið þar sem þeir neituðu að framvísa öðrum skilríkjum en sérstökum vegabréfum Írókesa.

Ættbálkarar Írókesa hefur gefið út sín eigin vegabréf frá því á þriðja áratug síðustu aldar, enda neitar allnokkur hluti hópsins að teljast kanadískir eða bandarískir ríkisborgarar. Slík prinsípennska er þó enginn hæðarleikur þegar kemur að alþjóðakeppni í íþróttum. Til að fira sig vandræðum hafa þó yfirvöld í Kanada og Bandaríkjunum reynt að horfa í gegnum fingur sér og vakti til að mynda athygli fyrir nokkrum árum þegar Hillary Clinton, þá utanríkisráðherra Bandaríkjanna, beitti sér fyrir því að Írókesalandsliðið fengi frjálsa för þrátt fyrir vegabréfin óvenjulegu.

En þótt landslið Írókesa sé óneitanlega Davíð umkringdur Goliötum íþróttahæmsins, er það ekkert sérstaklega vinsælt í lacrosse-heiminum. Það þykir hart í horn að taka, nálega gróft og leikmenn þess notast við þungar tréstandir í stað léttari álstanga – að því er virðist til þess að skjóta andstæðingnum skelk í bringu. En það rúmast þó innan gildandi reglna... og hver þykist þess umkominn að kenna Írókesum hvernig eigi að spila þúsund ára gömlu íþróttina sína?

## Aðalfundur

Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu



Aðalfundur Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu, verður haldinn þriðjudaginn 26. apríl 2016, kl 19:30 í félagsheimili Sjálfsbjargar, Hátúni 12.

### Dagskrá:

- Venjuleg aðalfundarstörf
- Kosning fulltrúa á landsfund Sjálfsbjargar Ísf haustið 2016
- Önnur mál


Þeir félagsmenn einir hafa kosningarétt sem hafa greitt félagsgjaldið fyrir árið 2015.

Félagsmenn eru hvattir til að mæta á fundinn.

Stjórnin



FIMMTUDAG KL. 21:30 



# TÍMAMÓT



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,  
tengdamóðir og amma,

**Helga Sigríður Bachmann**  
kennari, Guðrúnargötu 7,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Grund  
fimmtudaginn 14. apríl síðastliðinn,  
verður jarðsungen frá Grensáskirkju  
mánudaginn 25. apríl kl. 15.00.

Haraldur Hjartarson

Sigríður Sóley Kristjánsdóttir Harold Jordan  
Ragnheiður Helga Haraldsdóttir  
Stefán Helgi og Kristin Edda

## Smellpassa saman í plötusnúðabúrinu

Tónlistarmennirnir og félagarnir Addi Exos og Biggi Veira spila saman á Paloma í kvöld. Þeir vinna báðir að nýju efni og gefur Addi út sína fyrstu plötu í tólf ár eftir þrjár vikur.

Félagarnir og tónlistarmennirnir Arnviður Snorrason, betur þekktur sem Addi Exos, og Birgir Þórarinsson, betur þekktur sem Biggi Veira, sameina krafta sína á skemmtistaðnum Paloma í kvöld og efna til tónleika.

Í gegnum tíðina hafa þeir nokkrum sinnum leitt hesta sína saman, nú síðast á Akureyri fyrir rúmum tveimur vikum. Báðir hafa þeir verið viðloðandi tónlistarbransann um talsvert skeið. Addi Exos hefur verið starfandi frá árinu 1997 og gefið út þrjár breiðskífur á þeim tíma. Í fyrra hóf hann samstarf með plötusnúðnum Nínu Kraviz og tók saman við plötuútgáfu hennar, *трип*. Biggi Veira er einna þekktastur fyrir störf sín með hljómsveitinni GusGus og einnig eru dj-sett hans vinsæl.

Addi segir þá féлага smellpassa saman í plötusnúðabúrinu og því von á góðu fyrir tónlistarþyrsta á laugardagskvöld. „Við erum gott kombó þegar við spilum saman. Svona yin og yang og byggjum kvöldin vel upp. Við höfum tekið eitt og eitt skipti saman í gegnum árin og smellpössum saman í dj-búrinu,“ segir Addi léttur í bragði.

Það er líka nóg um að vera hjá þeim félögum en eftir rúmar þrjár vikur gefur Addi út sína fyrstu plötu í tólf ár. Um EP-plötu er að ræða og ber hún nafnið Down Garden. „Þetta er bara dub techno eins og það gerist best,“ segir Addi þegar hann er bedinn um að lýsa tónlistinni. „Ég endurútgaf tvær af plötunum mínum í fyrra og þær seldust báðar upp. Svo er ég búinn að fá mikið af beiðnum og skilaboðum um að gefa út nýja plötu eftir þessa tólf ára bið. Eftir það er bara bið að pressa á mig úr ýmsum heimshornum og ég ákvað að keyra þetta í gang.“ Einnig er um vínlytútgáfu að ræða, í það minnsta fyrst um sinn, og segir Addi þann háttinn yfirleitt hafðan á þegar



Biggi Veira og Addi Exos lofa góðri stemningu í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**Við erum gott kombó þegar við spilum saman. Svona yin og yang og byggjum kvöldin vel upp. Við höfum tekið eitt og eitt skipti saman í gegnum árin og smellpössum saman í dj-búrinu.**

kemur að útgáfu dub techno-platna. „Það eru eiginlega svona fundamental trúarbrögð innan dub technosins að gefa bara út á vínly. Hún kemur örugglega út á netinu líka eftir rúmlega ár en ég hef í gegnum tíðina selt betur á vínly.“

Einnig er ný GusGus-plata á leiðinni – hún kemur út í byrjun næsta árs og Biggi vinnur nú að henni. Í lokin bætir Addi svo við að þeir félagar hyggi á frekara samstarf í framtíðinni og muni jafnvel skella í plötu saman.

Frítt verður inn á tónleikana sem hefjast klukkan 23.00 á skemmtistaðnum Paloma í kvöld. [gydalooa@frettabladid.is](mailto:gydalooa@frettabladid.is)

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**  
Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996  
Vaktsímar: 581 3300 & 896 8242 • [www.utfarin.is](http://www.utfarin.is) • Allan sólarhringinn

**ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR**  
Flatahraun 5a • [www.utfararstofa.is](http://www.utfararstofa.is) • Símar: 565 5892 & 896 8242  
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



### Útfarar- og lögfræðipjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.



### Útfararstofa kirkjugarðanna

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | [utfor.is](http://utfor.is)

Við andlát ástvinar

Margætni, hlýja og virðing

Ísleifur Jónsson Steinunn Magnúsdóttir  
Útfararstjóri Útfararþjónusta  
Farsími 821 5353 Farsími 861 3441

**ÚTFARARSTOFA**  
**ÚTR**  
REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík  
Sími 553 5353 og 821 5353  
[www.usr.is](http://www.usr.is)  
[isleifur@usr.is](mailto:isleifur@usr.is)  
Þjónusta allan sólarhringinn

**+**

Ástkær tengdamóðir, amma og langamma,  
**Aldis Friða Magnúsdóttir**  
Sléttuvegi 15,  
lést miðvikudaginn 30. mars á Landspítalanum. Útförin hefur þegar farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð.

Sigríður Á. Árnadóttir Aldis G. Sigurðardóttir Hildur B. Sigurðardóttir Málfríður D. Sigurðardóttir Alda G. Friðriksdóttir Friðrik G. Guðnason og langömmubörn.

Kristján H. Arnarsson Erlendur G. Guðmundss. Orri Þrastarsson Anna S. Gunnlaugsdóttir og langömmubörn.

**+**

Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Dúfa Kristjánsdóttir**  
Kotárgerði 2, Akureyri,  
lést á öldrunarheimilinu Hlíð sunnudaginn 10. apríl. Útför hennar hefur farið fram. Sérstakar þakkir til starfsfólksins í Hlíð fyrir góða umönnun.

Óskar Ingimarsson Óskar Haukur Óskarsson Eyrún Kr. Júlíusdóttir Tómas, Ingvar og Eva Kristján Óskarsson Ómar og Jóhann Rósa Óskarsdóttir Marta og Óskar og langömmubörn.

**+**

Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Helga Einarsdóttir**  
Þorragötu 5, Reykjavík,  
lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund laugardaginn 16. apríl. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 27. apríl kl. 13. Þeim sem vildu minnst hennar er bent á Barnaspítalásjóð Hringsins.

Margrét Oddsdóttir Helga Brá Árnadóttir Þórunn Dögg Harðardóttir og barnabarnabörn.

Hörður Filippusson Jón Gunnar Þorsteinsson Jón Erling Ragnarsson og barnabarnabörn.

**+**

Elskuleg eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Margrét Þórarinsdóttir**  
andaðist á Droplaugarstöðum, laugardaginn 16. apríl. Útför hennar verður gerð frá Grensáskirkju, miðvikudaginn 27. apríl, kl. 13.

Svavar Einarsson Einar Svavarsson Ingibjörg Svavarsdóttir Hjörtur Svavarsson Þórarinn Svavarsson og ömmu- og langömmubörn.

Charlotte Svavarsson Elías Oddsson Svanhildur Vilbergsdóttir Hjördís Geirdal



„Langskemmtilegast er að teikna beint á staðnum ef veður leyfir,“ segir Elin Elísabet. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Að fanga hversdagsleikann

Allt frá fyrstu kynnum hefur Borgarfjörður eystri heillað Elínu Elísabetu Einarsdóttur. Nú er hún að gefa út bók með glænýjum teikningum þaðan.

„Haustið 2011 vantaði mig og vinkonu mína vinnu í mánuð. Við hringdum í Fiskverkun Kalla Sveins á Borgarfirði eystra því okkur fannst nafnið á fyrir-tækinu svo heimilislegt. Vorum ráðnar og ég hef snúið þangað á hverju ári síðan til að vinna, því að það er allt heimilislegt í þessu þorpi,“ segir Elin Elísabet Einarsdóttir um ást sína á Borgarfirði eystra.

Nú er Elin að leggja lokahönd á bókina Onyfir með nýjum teikningum að austan og er að safna fyrir útgáfu hennar á Karolina Fund. Titillinn vísar í málnotkun Borgfirðinga sem segja gjarnan

onyfir (ofan yfir) þegar þeir ætla af Héraðinu aftur til sinna heimkynna. Bókin er lokaverkefni hennar frá teiknideild Myndlistarskólans í Reykjavík.

„Ég fór austur í mars og er nýkomin til baka. Mér finnst langskemmtilegast að teikna á staðnum ef veðrið leyfir,“ segir hún og lýsir tempóinu í þorpinu. „Þó ég hafi stundum verið þar að vinna í fiski allan daginn finnst mér samt eins og ég sé í fríi, það er svo mikil ró yfir öllu. Þetta langaði mig að fanga með teikningunum – þennan sérstaka hversdagsleika á Borgarfirði eystra.“ [gun@frettabladid.is](mailto:gun@frettabladid.is)



Sýnishorn úr bókinni.



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur vinskap, velvild og samúð í veikindum og við andlát okkar elskulega eiginmanns, pabba, tengdapabba, afa, sonar, bróður og fósturbróður,

## Jörundar Traustasonar

Sérstakar þakkir fá Heimahlyning Akureyrar og starfsfólk lyfjadeildar Sjúkrahússins á Akureyri fyrir frábæra umönnun og stuðning.

Fyrir hönd fjölskyldunnar, Ingvaldur Jóhannesdóttir



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir, afa og langafi,

## Gestur Bjarki Pálsson

húsmiðameistari, Sléttuvegi 17,

lést á sjúkrahæð A4 Hrafnistu 17. apríl. Útförin auglýst síðar.

María K. Einarisdóttir

Kristján Gestsson  
Rúnar Gestsson  
Matthildur Gestsdóttir  
Magnús Gestsson  
Ásgeir Örn Gestsson  
Svanhildur Gestsdóttir  
Halldór Grétar Gestsson  
Hlynur Gestsson  
Helen Svavarsdóttir  
Hulda Svavarsdóttir  
Hugrún Svavarsdóttir

Sigrún Erla Sigurðardóttir  
Barði Kristjánsson  
Guðbjörn Sigurgeirsdóttir  
Hildur Björg Hannesdóttir  
Guðmundur Arason  
Hjördís Kjartansdóttir  
Ragnhildur Nielsen

Stefán Pétur Þorbergsson  
Baldur Jónsson  
afa- og langafabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@365.is](mailto:timamot@365.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5000.



Okkar elskulega

## Sigríður Einar Sveinsdóttir

frá Reyni í Mýrdal, Holtagerði 82,

sem lést þann 12. apríl sl. verður jarðsöngin frá Kópavogskirkju mánudaginn 25. apríl kl. 13.00

Þórný Perrot  
Sveinn Valgeirsson  
Ragnar Sveinsson  
Sigurgeir Sveinsson

Ásdis Auðunsdóttir  
Ingibjörg Gylfadóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

## Hulda Jónatansdóttir

fyrirum kaupmaður á Akureyri,

lést á öldrunarheimilinu Hlið 10. apríl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Guðný Jónsdóttir  
Sigurbjörg Jónsdóttir  
Jón M. Jónsson

Ragnar Sverrisson  
Birgir Arason  
Brynja Sigurðardóttir  
og fjölskyldur.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afa og langafi.

## Jónatan Kristjánsson

Hjallabraut 33, áður Köldukinn 8, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 20. apríl síðastliðinn.

Ingibjörg Jónatansdóttir  
Einar Þór Jónatansson  
Björg Jónatansdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.

Sigurbjörn Jónsson  
Brynhildur Birgisdóttir  
Jón Hauksson



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra föður, afa og langafa,

## Ragnars Jóhanns Lárussonar

frá Grimstungu, Borgarholtsbraut 45, Kópavogi.

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki Sunnuhlíðar fyrir alúð og umhyggju.

Lárus P. Ragnarsson

Sigrún K. Ragnarsdóttir

Halldóra B. Ragnarsdóttir

Ásdís L. Ragnarsdóttir

Karlotta B. Aðalsteinsdóttir

Haraldur R. Gunnarsson

Þórður S. Magnússon

Sigurður Þ. Adólfsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Við þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför eiginkonu minnar, móður, tengdamóður og ömmu,

## Magnhildar Gísladóttur

þroskþjálfka, Norðurbakka 25c, Hafnarfirði.

Þórólfur Árnason

Hallur Guðmundsson

Hildur Þóra Hallsdóttir

Helga Guðný Hallsdóttir

Ásdis Huld Helgadóttir



Ástkær faðir minn, tengdafaðir, afa og langafi,

## Stefán Hrólffson

Keldulandi, Skagafirði, Furulundi 15b, Akureyri,

andaðist mánudaginn 18. apríl sl. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 2. maí, kl. 13.30.

Valgerður og Jón

Hildigunnur Rut, Sara María og Jón Óli  
Kolbrún Sif, Hilidigunnur Hólm og Máney Hólm  
Stefanía Hrönn og Anja Rán



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afa og langafi,

## Hólmgeir Sævar Óskarsson

húsmiðameistari, Tröllhólum 9, Selfossi,

lést á hjúkrunardeild Ljósheima Selfossi 18. apríl. Útförin fer fram frá Selfoskirkju miðvikudaginn 4. maí kl. 13.30.

Ólína Sigríður Björnsdóttir

Heimir Hólmgeirsson

Hulda Birna Hólmgeirsdóttir

Hilmar Hólmgeirsson

Stefán Hólmgeirsson

Louise Aagaard

Elin Magnúsdóttir

Karolina Helga Eggertsd.  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær

## Hólmfríður Júlíusdóttir

Fornhaga 13, síðast til heimilis að hjúkrunarheimilinu Grund,

andaðist þann 9. apríl. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Grundar, á V-3, fyrir einstaklega alúðlega umönnun.

Jóhannes Þorkelsson

Unnur Hjaltadóttir



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afa og langafi,

## Helgi Símonarson

frá Helliðfirði,

lést að Hjúkrunarheimilinu Mörk sunnudaginn 27. mars sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Kristjana Ragnarsdóttir

Daniel Helgason

Viðar Helgason

Sverrir Mikael Einarsson

Unnur Magnúsdóttir

Sigríður Hjartadóttir

börn og barnabörn.





SPORTS  
DIRECT.COM

# GAME OF THRONES

ÍSLAND • BANDARÍKIN  
**25.04.2016**



Undirbúðu þig fyrir átökin með fyrstu fimm þáttaröðunum á Stöð 2 Marabon.  
**Tryggðu þér áskrift á 365.is eða í síma 1817.**

Stöð 2 er hluti af **365**


©2016 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

## Konráð og félagar á ferð og flugi <sup>196</sup>

Bragi Halldórsson

„Ekki getum við spilað með aðeins fjórar fimmur,“ sagði Kata. „Svo þetta hlýtur að vera einhverskonar þraut, ekki satt?“ „Jú, mikið rétt,“ sagði Lísaloppa og las upp lýsinguna á þrautinni. „Hér stendur: raðaðu þessum fjórum fimmum þannig að aðeins fjögur tákni sjáist á hverri þeirra.“ Kata horfði hugsi á fimmurnar. „Þú meinar að það sjáist bara fjórir spaðar á spaðafimmunni og eins á hinum spilunum?“ „Já,“ sagði Lísaloppa. „Maður verður bara háfruglaður við það eitt að hugsa um það,“ sagði Kata. „Má ekki bara klippa eitt hornið af?“ spurði hún vongóð. „Nei,“ sagði Lísaloppa. „En það má raða þeim hvernig sem er.“

Getur þú leyst þessa þraut? Klippu út myndirnar af spilunum hér að neðan eða finndu allar fjórar fimmurnar í spilastokk. Þú mátt raða þeim alveg eins og þú vilt en það má hvorki beygja þær né klippa af þeim og þær þurfa allar að snúa upp.



SVAR: Raðaðu öllum fimmunum í kross og láttu hornið á hverri þeirra liggjast yfir hornið á þeirri næstu, þá hlýtur hvert spill eitt merki á því næsta.

## Gátur

1. Þrjú fuglar sátu á trjágrein. Tveir þeirra voru skotnir. Hvað voru þá margir eftir?
2. Hvaða hljóðfæri er þrjúskast?
3. Hvaða ávöxtur er maður sem hefur klætt sig úr öllum fótunum?
4. Hvaða dýr geta hoppað hærra en hús?
5. Það heyrir allt en segir ekkert. Hvað er það?
6. Hver hefur auga, en ekkert höfuð?

1. Enginn. Sá þriðji varð hræddur og flaug burt. 2. Trommurarnar. Það þarf að lenda þær til að þær láti í sér heyrja. 3. Eg er dóttir. 4. Öll dýr. Hús geta ekki hoppað. 5. Eyra. 6. Nállin.

# ellos OUTLET

ALLT FYRIR SUMARIÐ

DÚNDUR  
VERÐ

ALLT AÐ  
70%  
AFSLÁTTUR

MINNST  
50%  
AFSLÁTTUR

ALVÖRU  
GÆÐI

**Við erum í Mjóddinni við hliðina á Íslandsbanka**  
Opnunartími:  
Virka daga 12.00-18.00. laugardaga 12.00-17.00. Sunnudaga LOKAÐ

# Fermist á morgun og fer á svið á miðvikudag

Hún hefur í mörg horn að líta hún **Ilmur María Arnarsdóttir**. Á morgun ætlar hún að fermast og svo er hún á fullu að undirbúa leiksýningu með skólanum sínum sem er 25 ára í næstu viku.

### Í hvaða skóla ertu, Ilmur María?

Ég er í Waldorf-skólanum í Lækjarbotnum sem er mjög yndislegur staður.

### Hvað er svona sérstakt við þann skóla?

Hann er úti í náttúrunni fyrir utan bæinn. Þar eru aðeins öðruvísi kennsluáferðir en í öðrum skólum, en aðallega í byrjun, svo í unglingsáæild er allt nánast eins og í venjulegum skólum.

### Hver finnst þér skemmtilegustu fögin?

Mér finnst skemmtilegast í íþróttum, handavinnu og ensku.

### Farið þið stundum í fjallgöngu frá skólanum?

Voða sjaldan, en við gerðum það oft þegar við vorum yngri.

### Hvað er mest spennandi af því sem þú ert að fást við þessa dagana?

Ég er að fara að fermast á morgun og er mjög spennit fyrir því! Svo erum við að æfa leikrit í skólanum sem við ætlum að sýna í Gamla bíói næsta miðvikudag, 27. apríl. Leikritið heitir Sólkastalinn.

### Hvaða hlutverk leikur þú?


Ég leik nokkur aukahlutverk með litlu krökkunum til að aðstoða þau og er í mörgum mismunandi búningum. Svo er ég líka í hljóm-sveitinni í einu atriði.

### Ertu farin að spá í hvað þú ætlar að verða þegar þú verður stór?

Mig langar að verða dansari.



**ÞAR ERU AÐEINS ÖÐRU-VÍSI KENNSLUÁFERÐIR EN Í ÖÐRUM SKÓLUM, EN AÐALLEGA Í BYRJUN, SVO Í UNGLINGAÆILD ER ALLT NÁNAST EINS OG Í VENJULEGUM SKÓLUM.**



Ilmi Mariu dreymir um að verða dansari. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Listaverkin



**Hrönn Kristjánsdóttir** segir þetta um myndina sína: Ég og blómin mín.



**Ásdís Júlíusdóttir** sendi þessa mynd og lýsir henni svona: Kisa ætlar að veiða músina uppi í trénu. Ég labba og tíni orma.


NÝTT SUNNUDAG KL. 21:30



RAPPI REYKJAVÍK

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur



Vestan- og norðvestankaldi í dag og víða súld eða dálítill skydda, en bjartviðri suðausturlands. Hiti 6 til 13 stig, hlýjast á Suðausturlandi.

## Heimurinn



## Flóð & fjara

Flóð	Fjara
Reykjavík 07.05	1.04
3,85m	0,44m
19.23	13.14
3,96m	0,44m

Akureyri 11.31	05.22
1,35m	0,32m
23.44	17.27
1,46m	0,33m

Ísafjörður 08.55	03.08
1,84m	0,12m
21.17	15.13
1,95m	0,10m

## Tunglstaða



mINKKANDI  
99%

Sólarupprás:  
05.26

Sólarlag:  
21.27

## Reykjavík

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
6° ↘ 6	6° ↑ 8	6° ↖ 6	6° ↑ 4	2° ↙ 10

## Ísafjörður

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
5° ↑ 2	3° ↖ 6	2° ↖ 2	0° ↖ 5	-4° ↓ 10

## Akureyri

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
3° ↙ 3	-0° ← 4	1° ← 2	-2° ← 5	-2° ↘ 17

## Egilsstaðir

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
2° ↓ 6	-1° ↓ 7	-1° ↓ 3	-2° ↓ 6	-2° ↘ 13

## Kirkjubæjarklaustur

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
8° ↓ 9	5° ↑ 2	5° ← 3	1° ← 4	-0° ↓ 13

## Myndasögur

### PONDUS



Eftir Frode Øverli

### GELGJAN



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

### BARNALÁN



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Artik kynnr

# DJÚP SPOR

Nýtt íslenskt heimildarverk byggt á sönnum atburðum efur Jennýju Láru Arnórsdóttur og Jól Sæmundsson Leikstjóri Bjartmar Þórðarson

## LOKASÝNING

SUNNUDAGINN 24. APRÍL  
KL. 20:30

Það er erfitt að hafa einhver þegar þú þarft mest á honum að halda.

TJARNARBÍÓ

Miðapantanir á mcl.is

TJARNARBÍÓ





Ílmurinn er indæll  
og bragðið eftir því



Létta uppskriftin



Eva Guðný er orðin hagvön í Manchester en hlakkar mikið til að spila heima.

## Mig dreymir enn á íslensku eftir öll þessi ár

**Mozart verður í fyrirrúmi hjá Sinfóníuhljómsveit Norðurlands á tónleikum í Hofi á morgun undir stjórn Daníels Bjarnasonar. Eva Guðný Þórarinsdóttir fiðluleikari flaug heim frá Manchester til að spila einleik.**

Ég er mjög spennit að spila með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og fá að stoppa heima í fáeina daga,“ segir Eva Guðný Þórarinsdóttir sem leikur einleik með sveitinni á morgun. Hún kveðst aldrei hafa spilað fiðlukonsert Mozart númer 5 í A-dúr áður með hljómsveit. „Þegar Þorvaldur Bjarni spurði hvort ég væri til í þetta verkefni varð ég fyrst svolítið smeyk en svo byrjaði ég að æfa og það hefur verið gott fyrir mig að takast á við það. Fiðluleikarar spila alltaf part úr þessu verki í prufuspilun og þá

auðvitað undir pressu. Því er gaman að taka það úr stress-samhenginu og líka að spila alla kaflana.“

Eva Guðný var tólf ára þegar hún flutti til Englandis í heimavistar-skóla Yehudi Menuhins, þar sem allar venjulegar námsgreinar voru kenndar auk þess sem mikil áhersla var lögð á tónlist. „Það var voða sérstakt,“ rifjar hún upp. „Erfið reynsla en ég mundi ekki vilja taka hana til baka – held ég.“ Nú býr hún í Manchester með kærasta sem hún kynntist fyrir tólf árum þegar þau voru bæði í framhaldsnámi

**FIÐLULEIKARAR SPILA ALLTAF PART ÚR ÞESSU VERKI Í PRUFUSPILUN OG ÞÁ AUÐVITAÐ UNDIR PRESSU. ÞVÍ ER GAMAN AÐ TAKA ÞAÐ ÚR STRESS-SAMHENGINU.**

í tónlist. „Hann er fiðluleikari líka og er í Hallé-hljómsveitinni með mér,“ lýsir hún glaðlega.

Foreldrar Evu Guðnýjar, Þórarinn Ólafsson og Marta Bjarnadóttir, búa á Spáni en komu til landsins með dótturinni til að hlýða á tónleikana. Þótt hún hafi eðlilega misst nán tengsl við Ísland kveðst hún halda góðu sambandi við gamla fiðlukennarann sinn, hana Guðnýju Guðmundsdóttur. „Þegar ég spilaði einleikstónleika í Hörpu 2012 mætti Guðný þar og reyndar voru ótrúlega margir sem

mundu eftir mér, svo það var ánægjulegt og gaman að koma heim.“

Íslendingar eru auðvitað stoltir af sinni konu en vilja ekki Bretar eigna sér hana líka? „Ég er náttúrulega búin að vera lengur í Bretlandi en á Íslandi en mig dreymir samt enn á íslensku eftir öll þessi ár, þeir ensku geta ekki tekið það frá mér!“

Tónleikarnir hefjast klukkan 16 í Hofi. Auk fiðlukonsertsins verður símfónía númer 40 í G-moll og forleikurinn að Brúðkaupi Figarós á dagskrá. [gun@frettabladis.is](mailto:gun@frettabladis.is)

### Allt frá villtum framúrsteftjudjassi niður í óljósan sveim

#### TÓNLIST

#### Sinfóníutónleikar

★★★★★

#### Eldborg í Hörpu

Föstudaginn 15. apríl

Sinfóníuhljómsveit Íslands flutti verk eftir Peter Ablinger, Roscoe Mitchell, Þráin Hjálmarsson og Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur.

**Einleikari:** Roscoe Mitchell.

**Stjórnandi:** Ilan Volkov.

Seinni tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands á Tectonics hófust á skringilegu verki. Það heitir Quartz og er eftir Peter Ablinger. Skerandi hljómar á efsta tónasviðinu voru endurteknir hvað eftir annað, en undirliggjandi var hljómurinn úr

risastórum taktmæli. Hljómsveitarstjórinn, Ilan Volkov, var líka með taktmælinn í heyrnartólum og miðlaði honum til hljómsveitarinnar með taktslögum. En hljómsveitin var aldrei alveg með honum, sem skapaði furðuleg áhrif. Annarsvegar var óhagganlegur rytmí, hinsvegar taktur sem var alltaf aðeins á skjön. Manni datt í hug tíminn sem er óbreytanlegur en samt afstæður. Það var athyglisverð upplifun.

Næst á dagskrá var Conversations eftir Roscoe Mitchell sem hér var frumflutt í nýrri hljómsveitarútssetningu. Væntanlega var það tónskáldið sjálft sem lék einleik á saxófón. Það kom þó hvergi fram í tónleikaskránni. Segjast verður að hún var hróplega illa unnin, með alltof litlum upplýsingum um verkin

á hátíðinni. En Conversations var frábært! Þetta var einleikskonsert þar sem saxófóninn var í aðalhlutverki. Trommusettt sem Pétur Grétarsson spilaði á var líka í veigamiklu hlutverki. Stíllinn á tónlistinni var svokallaður frjáls djass, en það er umdeilt listform þar sem djass er laus við allar klisjur og formúlur.

Conversations hófst í algerri ringulreið sem lofaði ekki góðu. Maður hugsaði: Ó nei! En en eftir nokkra stund hugsaði maður: Ó já! Pétur Grétars byrjaði að skapa athyglisverðar línur, sem römmuðu inn sibreytilegan saxófóninn og tónmálið fór að verða skiljanlegt. Allskonar hendingar og strófur köstuðust á milli ólíkra hljóðfærahópa og yfir öllu sveif brjálæðislegur saxófóninn. Tónlistin var spennuþrungin og



Ilan Volkov stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands á Tektóniks hátíðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


litrík, hvergi var dauður punktur. Það var ótrúlega skemmtilegt.

Eftir hlé voru tvær íslenskar tónsmíðar, sú fyrri var eftir Þráin Hjálmarsson og hét As Heard Across a Room. Þetta var sveimkennd tónlist, klíðmjúk og dreymandi. Hin var eftir Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur og hét Aequora. Það mun þýða flatt og lárétt. Eftir því var tónlistin flöt, en þó ekki í neikvæðum skilningi. Ekki væri rétt að kalla hana sveimtónlist, því það var of mikil framvinda í henni. Samt var yfir henni djúp ró, sem hreyfðist nánast aldrei. Ýmislegt var að gerast undir niðri, en það var fyrst og fremst gefið í skyn, ekki slengt framan í áheyrandann. Þetta var sjarmerandi og ljúft áheyrnar, ákaflega áhrifamikil í einfaldleik sínum.

Jónas Sen

**NIÐURSTADA:** Spennandi tónleikar sem komu stöðugt á óvart.

# UPPSKRIFT AÐ ANDVÖKUNÓTT



„Svona á að gera þetta! ...  
Miklar og óvæntar vendingar.“

PORGEIR TRYGGVASON / KILJAN (UM ALEX)

„Glæpasaga í hæsta  
gæðaflokki ...“

DAILY MAIL



STEINÞÓR GUÐBJARTSSON / MORGUNBLAÐIÐ (UM ALEX)

**SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLABÍÓ**

**HUNTSMAN WINTERS WAR** 12  
**THE BOSS** 12  
**RATCHET & CLANK** FORSÝNINGAR UM HELGINA Í SMÁRABÍÓ OG HÁSKÓLABÍÓ  
**MADUR SEM HEITIR OVE** 16  
**THE BROTHERS GRIMSBY** 16

Ópera í beinni **LUCIA DI LAMMERMOOR** 25. apríl í Háskólabíói FORSALA HAFIN

Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

**LAUGARÁS BÍÓ**

**miði.is** Miðasala og nánari upplýsingar

**HUNTSMAN WINTERS WAR** 12  
**RATCHET & CLANK** FORSÝNINGAR 12  
**MADUR SEM HEITIR OVE** 16  
**KUNG FU PANDA 3** 1:45, 3:50, 5:55 ISL.TAL

**LAUGARÁSBIÓ** Sýningartímar  
 HUNTSMAN: WINTERS WAR 5, 8, 10:25  
 THE BOSS 5:50, 8, 10:10  
 RATCHET & CLANK 1:50 - FORSÝNING  
 RATCHET & CLANK 3D 3:50 - FORSÝNING  
 HARDCORE HENRY 10:25  
 MADUR SEM HEITIR OVE 8  
 KUNG FU PANDA 3 1:45, 3:50, 5:55 ISL.TAL  
 ZOOTOPOPOLIS 2 ISL.TAL

**SAMBIÓN**

HÖRKU SPENNUMYND MEÐ ÚRVALSLEIKURUM Í ÖLLUM HELSTU HLUTVERKUM

FRÁ LEIKTJÓRANUM SEM FÆRDI OKKUR IRON MAN

KEVIN COSTNER, RYAN REYNOLDS, GARY OLDMAN OG TOMMY LEE JONES. **CRIMINAL** 16

95% **THE JUNGLE BOOK** 9

STÖRKOSTLEG ÆVINTÝRAMYND

ALFABAKKA	EGILSHÖLL	KEFLAVÍK	AKUREYRI
CRIMINAL KL. 9:30 - 10:30	CRIMINAL KL. 5:30 - 8 - 10:20	CRIMINAL KL. 10:30	CRIMINAL KL. 8 - 10:30
CRIMINAL VIP KL. 5:40 - 10:30	RIBBIT ISL.TAL KL. 1 - 3:30	RIBBIT ISL.TAL KL. 1:40 - 3:40	RIBBIT ISL.TAL KL. 8 - 10:30
RIBBIT ISL.TAL KL. 12 - 1 - 2 - 3 - 4 - 6	THE JUNGLE BOOK 3D KL. 1 - 3:20 - 5:40 - 8	THE HUNTSMAN KL. 8 - 10:30	THE JUNGLE BOOK 3D KL. 1 - 3:20 - 5:40 - 8
THE HUNTSMAN KL. 5 - 7 - 8 - 10:30	THE JUNGLE BOOK 2D KL. 2 - 4:20 - 10:30	THE JUNGLE BOOK 3D KL. 1 - 3:20 - 5:40 - 8	ALLEGIAN KL. 10:30
THE HUNTSMAN VIP KL. 8	ALLEGIAN KL. 5:30 - 8	ZOOTOPOPOLIS ISL.TAL 2D KL. 5:40	ZOOTOPOPOLIS ISL.TAL 2D KL. 5:40
THE JUNGLE BOOK 3D KL. 1 - 3:20 - 5:40 - 8	10 CLOVERFIELD LANE KL. 8 - 10:30	BATMAN V SUPERMAN 2D KL. 10:15	ZOOTOPOPOLIS ISL.TAL 2D KL. 1 - 3
THE JUNGLE BOOK 2D KL. 12 - 2:20 - 4:40	BATMAN V SUPERMAN 2D KL. 10:15	ZOOTOPOPOLIS ISL.TAL 2D KL. 1 - 3	CRIMINAL KL. 5:30 - 8 - 10:30 - (11:20) (LAU)
THE JUNGLE BOOK 2D VIP KL. 1 - 3:20	ZOOTOPOPOLIS ISL.TAL 2D KL. 1 - 3	RIBBIT ISL.TAL KL. 2 - 4	THE JUNGLE BOOK 3D KL. 1 - 3:20 - 5:40 - 9
ALLEGIAN KL. 8	10 CLOVERFIELD LANE KL. 10:40	THE JUNGLE BOOK 3D KL. 1 - 3:20 - 5:40 - 9	ALLEGIAN KL. 8
BATMAN V SUPERMAN 2D KL. 10:20	ZOOTOPOPOLIS ISL.TAL 2D KL. 1 - 3:20 - 5:40	BATMAN V SUPERMAN 3D KL. 6	BATMAN V SUPERMAN 3D KL. 6
ZOOTOPOPOLIS ISL.TAL 2D KL. 1 - 3:20 - 5:40	ZOOTOPOPOLIS ISL.TAL 2D KL. 8	ZOOTOPOPOLIS ISL.TAL 2D KL. 12:50 - 3:10	ZOOTOPOPOLIS ISL.TAL 2D KL. 12:50 - 3:10
ZOOTOPOPOLIS ISL.TAL 2D KL. 8	CRIMINAL KL. 5:30 - 8 - 10:30 - (11:20) (LAU)	ROOM KL. 10:40	ROOM KL. 10:40

**SPARBÍÓ** MERKTAR MEÐ GRÆNU Eða APPELSÍNUGULU KR. 950 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1250 Á GRÆNT

**Góða skemmtun í bíó**

VERTU MEÐ BARNAAFMÆLIÐ HJÁ OKKUR

**FJÖLSKYLDUPAKKINN**  
 Allir borga barnaverð  
 MINNST 4 MIÐAR, A.M.K. 2 BÖRN Á ALDRINUM 2-11 ÁRA  
 NÁNAR Á WWW.SMARABIO.IS

**SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLABÍÓ**

**Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur**

hvar@frettabladid.is

23. APRÍL 2016

**Tónlist**

**Hvað?** Áfram veginn í 90 ár  
**Hvenær?** 15.00  
**Hvar?** Langholtskirkja  
 Karlakór Reykjavíkur efnir til sinna árlegru vortónleika í Langholtskirkju í dag. Miðaverð er 4.000 krónur.

**Hvað?** Hammondhátið 2016  
**Hvenær?** 21.30  
**Hvar?** Hótel Framtíð, Djúpvogur



Árni Grétar eða Futuregrapher spilar undir í Sam-floti í Lækjarskólalaug. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Stuðmenn koma fram á Hammondhátið á Dúpvogi í kvöld. Miðaverð er 5.800 krónur.

**Hvað?** Todmobile  
**Hvenær?** 22.00  
**Hvar?** Græni haturinn Hljómsveitin Todmobile spilar á Græna hattinum í kvöld. Miðaverð er 4.500 krónur.

**Uppákomur**

**Hvað?** Sam-Flot í Lækjarskólalaug með Futuregrapher  
**Hvenær?** 13.00  
**Hvar?** Lækjarskólalaug, Sólvangvegur 4  
 Flotið um í ylvogri laug við slakandi sveim tóna frá Futuregrapher. Flotið er í dag og á morgun á milli 13.00 og 15.15 í um 45 mínútur í senn. Innifaldar eru flotgræjur, svaldrykkur, tónlistarfutningur og glaðningur frá Sóleyju. Miðaverð er 1.500 krónur.

**Hvað?** The Party at the Top of the World  
**Hvenær?** 20.00  
**Hvar?** Norðurljós, Harpa  
 Lokapartý EVE Fanfest. Skálmöld og CCP hljómsveitin Permaband leika fyrir dansi ásamt plötusnúðum. Miðaverð er 3.990 krónur.

**LAUGARÁS BÍÓ** Ódýrt í bíó **miði.is** Miðasala og nánari upplýsingar

**RATCHET & CLANK** SÝND KL. 1:50  
**KUNG FU PANDA 3** SÝND Í 2D ISL TAL SÝND KL. 1:45  
**ZOOTOPOPOLIS** SÝND Í 2D ISL TAL SÝND KL. 2

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

**SAMBIO.IS**

**SPARBÍÓ** MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓANNA KR. 1250 Á GRÆNT OG KR. 950 Á APPELSÍNUGULT

**Háteigs-kirkja**

**Aðalsafnaðarfundur**

Aðalsafnaðarfundur Háteigssóknar verður haldinn í safnaðarheimili kirkjunnar **sunnudaginn 8. maí nk. kl. 12:00, að lokinni messu.**

**Dagskrá:**  
 Venjuleg aðalfundarstörf.

Sóknarnefnd.

**BIO PARADIS** HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

Life must go on (Pólskir dagar) ENG SUB ..... 16:00  
 The king of life (Pólskir dagar) ENG SUB ..... 18:00  
 Anomalisa ..... 18:00  
 Reykjavík ENG SUB ..... 18:00  
 These daughters of mine (Pólskir dagar) ENG SUB ..... 20:00  
 Louder than bombs ..... 20:00  
 Fyrir framan annað fólk ENG SUB ..... 20:00  
 Mia madre ..... 22:00  
 The Witch / Nornin ..... 22:15  
 Rams / Hrutar ENG SUB ..... 22:00

## Hvað? Hvenær? Hvar? Sunnudagur

24. APRÍL 2016

**Hvað?** Spjall um fornbréf  
**Hvenær?** 14.00

**Hvar?** Landnámssýningin, Aðalstræti 16  
Guðrún Ása Grímsdóttir, rannsóknarprófessor á Árnastofnun, ræðir um Landnámabók sem sjá má á sýningunni Landnámssögur – arfur í orðum. Aðgangur ókeypis á meðan á spjallinu stendur.

### Dans

**Hvað?** Dansleikir  
**Hvenær?** 20.00  
**Hvar?** Ásgarður, Stangahyl 4  
Dansað í Félagi eldri borgara í kvöld. Hljómsveit hússins leikur fjölbreytta dansmúsík. Veitingar við flestra hæfi og allir velkomnir.

### Hátíðir

**Hvað?** Lokadagur Barnameningarhátíðar  
**Hvenær?** 14.00  
**Hvar?** Menningarhúsið Gerðubergi  
Fjölbreytt dagskrá á lokadegi Barnameningarhátíðar. Einnig er lokadagur upplifunarsýningarinnar Skrimslin bjóða heim og sýningarinnar Þetta vilja börnin sjá. Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir og aðgangur er ókeypis.

### Tónlist

**Hvað?** Perlur íslenskra sönglaga  
**Hvenær?** 12.30  
**Hvar?** Kaldalón, Harpa

Flutt verður sigild íslensk tónlist. Listrænn stjórnandi er óperusöngvarinn Bjarni Thor Kristinsson. Miðaverð er 3.900 krónur.

**Hvað?** Hammondhátíð 2016  
**Hvenær?** 14.00  
**Hvar?** Djúpavogskirkja, Djúpavogi  
Sigríður Thorlacius kemur fram í Djúpavogskirkju á Hammondhátíð. Með Sigríði í för verða þeir Guðmundur Óskar og Tómas Jónsson. Miðaverð er 4.500 krónur.

**Sigríður Thorlacius syngur ásamt Guðmundi Óskari og Tómasi Jónssyni á Hammondhátíð á Djúpavogi.**



### Hátíðir

**Hvað?** Vorið kemur úr vetri  
**Hvenær?** 13.00  
**Hvar?** Sólheimasafn  
Vorinu fagnað með ljóðasýningu barna í Sólheimasafni. Gestum gefst tækifæri á að lesa vorljóð eftir börn úr Langholts-, Laugarnes- og Vogaskóla. Bodið verður upp á léttar veitingar og tónlistaratriði. Viðburðurinn er á dagskrá Barnameningarhátíðar.

**Hvað?** Litháísk fræðslusýning  
**Hvenær?** 15.00  
**Hvar?** Menningarhús Kringlunni  
Brauð og brauðgerð verður í brennidepli í Borgarbókasafninu í dag. Börn úr litháíska móðurmálsskólanum þrír litir munu segja frá hvernig brauð verður til með söng, dansi og frásögn. Viðburðurinn er hluti af Barnameningarhátíð.

**Hvað?** Hagþenkir | Kynning á tilnefndum ritum  
**Hvenær?** 13.30  
**Hvar?** Menningarhús Grófinni  
Samstarfsverkefni Hagþenkis, félags höfundar fræðirita og kennslugagna, Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO og Borgarbókasafnsins. Dagskráin stendur til klukkan 15.20.

**Hvað?** Dúó Stemma | Tónleikhús fyrir börn  
**Hvenær?** 14.00  
**Hvar?** Menningarhús Spönginni  
Dúó Stemma býður börnum í tónleikhús með skemmtilegum hljóðum, íslenskum þulum og lögum. Víóluleikarinn Herdís Anna Jónsdóttir og Steef van Oosterhout slagverksleikari spila, syngja og leika á ýmis hljóðfæri, hefðbundin og heimatilbúin. Viðburðurinn er á dagskrá Barnameningarhátíðar.

**Hvað?** Bókakynning – Móðurmál  
**Hvenær?** 14.30  
**Hvar?** Menningarhús Gerðubergi  
